



Verknaðarlýsing í ákæruskjali
-þörf d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008-
Tómas Magnús Þórhallsson

Maí 2011
ML í lögfræði

Höfundur: Tómas Magnús Þórhallsson
Kennitala: 010585-2529
Leiðbeinandi: Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl.

Lagadeild
School of Law

Verknaðarlýsing í ákæruskjali
-þörf d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008-

ÚTDRÁTTUR

Umfjöllunarefni ritgerðarinnar er verknaðarlýsing í ákæru. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu á ákærði rétt á að vita hvert sé eðli og orsök sakargifta á hendur honum í ákæru. Markmiðið með greininni er að gefa ákærða þær nauðsynlegu upplýsingar sem hann þarf á að halda til að geta haldið uppi vörnum í málinu. Verknaðarlýsing ákærunnar þarf þannig að endurspeglar verknaðarlýsingu þess refsíákvæðis sem talið er að brotið hafi verið gegn. Að öðrum kosti er ekki um að ræða brot gegn umræddu ákvæði. Ef verknaðarlýsingu ákæru er mjög ábótavant þarf annaðhvort að sýkna ákærða eða vísa ákærunni frá dómi. Með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála breyttist ákvæði um efni ákæru umtalsvert. Í ákvæðið, sem er að finna í 152. gr. laganna, var settur nýr stafliður, d-liður, sem kveður á um að ákæruvaldinu sé heimilt að setja í ákæru röksemdafærslu til að greina frá þeim röksemdum sem málsóknin er byggð á, ef mál er flókið eða umfangsmikið. Líkt og heiti ritgerðarinnar ber með sér er leitast við að svara hvort þörf hafi verið á þessari breytingu. Þessi heimild d-liðar þekkist hvorki í Danmörku né Noregi. Það þýðir að í þeim löndum telur ákæruvaldið sig geta ákært í flóknum og umfangsmiklum málum, án þess gera þurfi sérstaklega grein fyrir þeim röksemdum sem málsóknin byggir á í ákærunni sjálfri. Meiri líkur eru á að ákæru lengist og að erfiðara geti orðið fyrir ákærða að átta sig á sakarefninu ef verknaðarlýsingin er of ítarleg og löng. Það vinnur gegn markmiði a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE. Höfundur telur því að d-liður eigi ekki heima í ákvæði um efni ákæru. Verknaðarlýsing ákærunnar þarf ávallt að uppfylla þær lágmarkskröfur sem til hennar eru gerðar. Ítarlegar skýringar í ákærunni munu þar engu breyta um. Frekari röksemdir eiga heima í málflytningi.

**Statement of the offence in an indictment
–the need of article 152(1)(d) of Act no. 88/2008-**

ABSTRACT

This thesis discusses statement of the offence in an indictment. According to article 6(3)(a) of the European Convention on Human Rights the accused person has to be informed of the nature and cause of the accusation against him. The purpose of the article is to give the accused the information he needs to answer the accusation against him. The statement of the offence in the indictment needs to reflect the definition of the criminal provision the accused is supposed to have violated. If not, there is no offence against the provision. If the statement of the offence is lacking, the accused shall either be acquitted or the indictment shall be dismissed from the court. With Act no. 88/2008 on Criminal Procedure the provision of indictment changed considerably. D-section was added to the provision that states that if the case is extensive and complex the prosecution can add written arguments to the indictment to describe the facts of the case and what it is based on. This thesis attempts to determine whether the d-section was a necessary change. Similar provisions cannot be found in Denmark or Norway. That means that the prosecution in those countries believes it can make charges in extensive and complex cases without specifically describing the facts of the case in written arguments in the indictment. The author considers that the d-section is unnecessary. With written arguments in the indictment it is more likely that indictment will become longer and more difficult for the accused to realize what the charges are. That is against the purpose of article 6(3)(a) of the ECHR. The statement of the offence must always meet the minimum requirements. Detailed arguments will not change that in any way. Further arguments belong in the hearing.

FORMÁLI

Í laganámi mínu hefur áhugi minn aukist jafnt og þétt á þeim áföngum sem tengst hafa sakamálaréttarfari á einn eða annan hátt. Mér þykir þetta spennandi fag innan lögfræðinnar og eðli máls samkvæmt tel ég það gegna lykilhlutverki í samfélaginu. Þegar kom að því að velja efni til að skrifa um í lokaritgerð minni í meistaranámi í lögfræði úr Háskólanum í Reykjavík lá því beinast við að velja eitthvað tengt þeim vettvangi. Ég ákvað að setja mig í samband við Jóhannes Rúnar Jóhannsson hrl. og eftir fund með honum var niðurstöðan sú að ég myndi skrifa um verknaðarlýsingu í ákæruskjali, með tilliti til þarfar d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Ég hafði starfað á ákærusviði lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu síðastliðin tvö sumur, það er 2009 – 2010, og fannst þetta því vera einstaklega áhugavert efni og þarft að skoða nánar.

Ég vil þakka kærustu minni, Unni Lilju Hermannsdóttur, og vini mínum, Bjarka Ólafssyni, fyrir yfirlestur og gagnlegar ábendingar. Jónu Möller þakka ég einnig fyrir yfirlestur. Ég færi leiðbeinanda mínum, Jóhannesi Rúnari Jóhannssyni hrl., mínar bestu þakkir fyrir mjög skemmtilegt og gagnlegt samstarf. Þá að lokum vil ég færa foreldrum mínum, Þórhalli Arasyni og Rannveigu Tómasdóttur, sérstakar þakkir fyrir ómetanlegan stuðning meðan á laganámi mínu hefur staðið, sem og frá 1. maí 1985.

Garðabæ 14. maí 2011

Tómas M. Þórhallsson

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| 1. Inngangur | 1 |
| 1.1. Efnistöð | 1 |
| 1.2. Ágrip af þróun réttarfars í sögulegu samhengi | 3 |
| 1.3. Þróun sakamálaréttarfars á Íslandi | 4 |
| 1.3.1. Forsaga og þróun ákvæðis um efni ákæru | 8 |
| 2. Mannréttindasáttmáli Evrópu | 12 |
| 2.1. Ágrip af Mannréttindasáttmála Evrópu | 12 |
| 2.2. Innleiðing Mannréttindasáttmála Evrópu í íslenskan rétt | 12 |
| 2.2.1. Mannréttindasáttmáli Evrópu og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 | 13 |
| 2.3. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu | 15 |
| 2.3.1. a-liður 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu | 17 |
| 3. Ákæra | 22 |
| 3.1. Inngangur | 22 |
| 3.2. Ákæruvaldið | 22 |
| 3.3. Skilgreining ákæru | 25 |
| 3.3.1. Tilgangur ákæru | 27 |
| 3.4. Verknaðarlýsing í ákæruskjali | 30 |
| 3.4.1. Afleiðingar þess ef verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi | 31 |
| 3.4.1.1. Ófullnægjandi verknaðarlýsing í ákæruskjali leiðir til sýknu ákærða | 31 |
| 3.4.1.2. Verknaðarlýsing í ákæruskjali ekki talin nægilega skýr án þess að máli sé vísað frá dómi | 33 |
| 3.4.1.3. Verknaðarlýsingu í ákæruskjali svo ábótavant að vísa þarf máli frá dómi .. | 35 |
| 3.5. Frávísun máls frá dómi eða sýknudómur | 39 |
| 4. d-liður 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála | 44 |
| 4.1. Inngangur | 44 |
| 4.2. Efnahagsbrot | 44 |
| 4.3. Almenn umfjöllun | 47 |
| 4.4. Skrifleg greinargerð ákæruvaldsins í ákæruskjali fyrir gildistöku d-liðar 1. mgr. 152. gr. sml. | 48 |
| 4.5. Umsagnir fagaðila á d-lið 1. mgr. 152. gr. sml. | 49 |
| 4.5.1. Umsögn laganeftdar LMFÍ | 49 |
| 4.5.2. Umsögn Ákærendafélags Íslands | 50 |

| | |
|--|-----------|
| 4.5.3. Álit frá embætti ríkissaksóknara..... | 51 |
| 4.6. d-liður 1. mgr. 152. gr. eftir gildistöku laga um meðferð sakamála nr. 88/2008..... | 51 |
| 4.6.1. Ákæra í máli Baldurs Guðlaugssonar og ákæran í Exetermálinu..... | 52 |
| 4.6.2. Ákæra í máli Geirs H. Haarde | 55 |
| 4.6.3. Ályktanir | 55 |
| 5. Norænn réttur | 57 |
| 5.1. Inngangur | 57 |
| 5.2. Danmörk | 57 |
| 5.2.1. Ákæra í dönskum rétti | 57 |
| 5.3. Noregur | 59 |
| 5.3.1. Ákæra í norskum rétti | 60 |
| 6. Lokaorð..... | 63 |
| Heimildaskrá | 67 |
| Ritaðar heimildir | 67 |
| Heimildir af veraldarvefnum..... | 69 |
| Aðrar heimildir..... | 69 |
| Lagaskrá | 70 |
| Íslensk lög | 70 |
| Erlend lög..... | 71 |
| Alþjóðlegir samningar | 72 |
| Dómaskrá..... | 73 |
| Íslenskir Hæstaréttardómar | 73 |
| Erlendir dómar | 74 |
| Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu..... | 74 |

1. INNGANGUR

1.1. Efnistöð

Umfjöllunarefni þessarar ritgerðar er verknaðarlýsing í ákæruskjali með tilliti til d-liðar 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, og hvort nauðsynlegt hafi verið að setja hann í lög. Ekki hefur verið skrifað mikið um verknaðarlýsingu í ákæruskjali og telur höfundur þetta því þarfa umfjöllun til að sýna fram á hversu vandasamt er að gera greinargóða verknaðarlýsingu. Ákvæði d-liðar kveður á um að ákærvaldi er heimilt að setja í ákæru röksemdafærslu með þeim röksemdum sem ákærvaldið byggir saksókn sína á. Eins og gefur að skilja þegar nýtt er heimild d-liðarins er í flestum tilvikum um að ræða efnahagsbrot, þar sem þau brot eru oftast en ekki verulega umfangsmikil og gríðarlega flókin. Miðast því umfjöllunin um verknaðarlýsingu ákæruskjals í efnahagsbrotum. Markmið ritgerðarinnar er einnig að gera grein fyrir því gríðarlega mikilvæga hlutverki sem verknaðarlýsing í ákæruskjali gegnir og skoðað verður hvaða afleiðingar það hefur ef verknaðarlýsingin er ófullnægjandi. Með það í huga verður síðan velt upp þeirri spurningu hvort það muni eitthvað breytast með tilkomu umrædds d-liðar.

Höfundur telur einnig mikilvægt að lesandi geri sér grein fyrir því að með valdi til að taka ákvörðun um saksókn fylgir mikil ábyrgð. Það að vera ákærður getur verið mikill áfellingdómur yfir ákærða, það þýðir að ákærvaldið telur meiri líkur en minni að ákærði sé sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök. Jafnvel þótt ákærði verði síðar sýknaður af sakargiftum ákærvaldsins, þá stendur eftir sú ákvörðun ákærvaldsins um saksókn. Þegar þetta er ritað, ríkir mikil ólga og reiði í samfélaginu og oft á tíðum hefur höfundi fundist að vilji samfélagsins sé sá að ákæra á einstakling til þess eins að ákæra einhvern.

Hér í fyrsta kafla verður fyrst gerð grein fyrir réttarfari í sögulegu samhengi. Síðan verður gerð grein fyrir þróun sakamálaréttarfars á Íslandi og farið verður yfir sögu og þróun þess ákvæðis í lögum sem kveður á um hvað skuli greina í ákæru.

Ákvæði um hvað skuli greina í ákæru hefur verið í lögum hér á landi allt frá því að fyrstu lög um meðferð opinberra mála hér á landi, nr. 27/1951, voru tekin í gildi. Það var stuttu eftir að samningur um Mannréttindasáttmála Evrópu var undirritaður fyrir Íslands hönd. Í 6. gr. Mannréttindasáttmálans er kveðið á um réttláta málsmeðferð fyrir dómstólum. Í ákvæðinu er meðal annars kveðið á um að

sakborningur eigi rétt á að vita hvaða sökum hann er borinn. Þar af leiðandi þarf landsréttur að fullnægja áskilnaði 6. gr. um hvað skuli greina í ákæru. Að mati höfundar getur skapast sú hættu með tilkomu d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 að ákæra getur tekið að lengjast með þeim afleiðingum að hún kann að flækja málatilbúnaðinn. Slík niðurstaða vinnur gegn tilgangi 6. gr. Mannréttindasáttmálans. Verður því í öðrum kafla gerð grein fyrir Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 63/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og lögð verður sérstök áhersla á 6. gr. og samspil hennar við ákvæði íslenskra laga.

Í þriðja kafla verður fjallað um ákæru. Byrjað verður á að gera grein fyrir ákæruvaldinu og skipan þess hér á landi. Síðan verður ákæra skilgreind og tilgangur hennar. Eftir það verður gerð grein fyrir verknaðarlýsingu í ákæru og skoðað hvaða tilgangi hún gegnir. Að lokum verða svo reifaðir dómur þegar verknaðarlýsing í ákæru er ófullnægjandi og velt upp þeirri spurningu hvað veldur því hvort máli sé vísað frá eða ákærði sé sýknaður.

Í kafla fjögur verður d-liður 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála til umfjöllunar. Í byrjun kaflans verður gerð grein fyrir hugtaki „efnahagsbrot“. Höfundur þykir það nauðsynlegt, því eflaust á mest eftir að reyna á notkun hans þegar verið er að ákæra í efnahagsbrotum. Sá brotaflokkur er um margt ólíkur hefðbundnum brotum. Samning ákæru í efnahagsbrotum er til að mynda mun erfiðari og meira krefjandi verk, en samning ákæru í öðrum hefðbundnum brotum. Að þeirri umfjöllun lokinni verður fjallað almennt um d-liðinn og farið verður yfir þau álitaefni sem í kringum hann hafa risið. Til umfjöllunar verða einnig þrjár umsagnir fagaðila um d-liðinn. Að lokum verður svo fjallað um þrjú nýleg mál og rætt um notkun d-liðarins varðandi þau.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um undir hversu miklum áhrifum íslensk löggjöf er frá Danmörku og Noregi. Því er óumflýjanlegt að fjalla um efni ákæru og verknaðarlýsingu, án þess að tekið sé mið af því hvernig þessum málaflokki er háttað í þeim löndum. Verður því í kafla fimm gerð grein fyrir því. Fyrst verður skoðað hvernig lagaákvæðið er í Danmörku og svo gerð grein fyrir framkvæmdinni. Eftir umfjöllunina um Danmörku kemur röðin að Noregi og verður lagaákvæðið um efni ákæru skilgreint og skoðað verður hvernig framkvæmdinni er háttað þar í landi.

Í sjötta kafla, sem jafnframt er síðasti kafli ritgerðarinnar og lokaorð, verður efni ritgerðarinnar dregið saman. Verður þá gerð grein fyrir þeim niðurstöðum sem höfundur telur sig hafa komist að varðandi verknaðarlýsingu í ákæruskjali með tilliti til

d-liðar 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 og hvort innleiðing hans hafi verið nauðsynleg.

1.2. Ágrip af þróun réttarfars í sögulegu samhengi

Flest erum við sammála um að vilja búa í réttarríki. Til að réttarríki geti orðið að veruleika þurfa að vera til staðar ákveðnar grundvallarreglur. Fræðigreininin réttarfar er sú grein innan lögfræðinnar sem fjallar um þær réttarreglur hvað varðar dómstóla og meðferð mála fyrir dómi. Dómstólum ber svo skylda til að leysa úr þeim réttarágreiningi sem undir þá er borinn, nema í ákveðnum undantekningartilvikum, það er ef mál er vanreifað eða ágreiningurinn á ekki undir dómstóla. Í þeim tilvikum er þá heimilt að vísa máli frá dómi.¹

Fyrstu reglurnar í réttarfari má rekja til Rómarréttar, eða í Corpus juris civilis, sem Jústínían keisari Austrómverska keisaradæmisins lét gera, einnig þekkt sem lagabálgur Jústíníans (e. Code of Justinian), 529 til 534 e. Krist.² Það var síðan í byrjun 12. aldar í Háskólanum í Bologna á Ítalíu að „vestrið“ uppgötvaði Corpus juris civilis. Uppgötvunin snerist um meira en eingöngu að finna lagabálginn. Þess í stað ákváðu kennararnir (e. the glossators) við skólann að þeir myndu endurskrifa lagabálginn og skýra hann orð fyrir orð fyrir almenningi.³ Þetta tímabil stóð frá árinu 1100 fram til ársins 1800 og hefur verið kallað „ius commune“. Næsta stóra skref í lagapróuninni var þegar Napóleon Bónaparte kom með sinn eigin lagabálg eða „Code civil“ árið 1804. Með honum breyttist landslagið töluvert og til dæmis voru konum gefin mjög aukinn réttindi og teknar voru upp margar réttarfarsreglur sem voru til bóta.⁴ Code civil hafði ekki einungis áhrif á franskt lagaumhverfi, heldur hafði lagabálgurinn mikil áhrif í allri Evrópu.⁵ Nokkrir aðrir lagabálkar fæddust á þessum tíma, en enginn þeirra hafði jafnmikil áhrif og Code civil.⁶ Aðrir veigamiklir hornsteinar í lagapróuninni eru sáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem undirritaður var 1945 og svo Mannréttindasáttmáli Evrópu sem undirritaður var 1950, og má hér sérstaklega benda á 6. gr. Mannréttindasáttmálans sem gegnir gríðarlega mikilvægu

¹ Sigríður Logadóttir og Ásta Magnúsdóttir, *Inngangur að Lögfræði*. Reykjavík 2000, bls. 44.

² Britannica Academic Edition. Aðgengilegt á

www.britannica.com/EBchecked/topic/477661/procedural-law. [Sótt á vefinn 20.02.2011].

³ Caenegem, *An historical introduction to private law*. Cambridge University Press 1995, bls. 46.

⁴ Vísindavefur Háskóla Íslands. Aðgengilegt á <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=6093>. [Sótt á vefinn 20.02.2011].

⁵ Zweigert & Kötz, *An introduction to Comparative Law*. Oxford University Press 1998, bls. 74 og 280.

⁶ Sama heimild, bls. 85.

hlutverki í sakamálaréttarfari. Nánar verður fjallað um Mannréttindasáttmála Evrópu og 6. gr. í kafla 2.

1.3. Þróun sakamálaréttarfars á Íslandi

Í upphafi aldar var ekki að finna neina heildstæða löggjöf um meðferð dómsmála, hvort heldur á sviði einkamála né sakamála.⁷ Því hafa, eðli máls samkvæmt, miklar breytingar átt sér stað síðastliðna öld á sviði réttarfars á Íslandi og sér í lagi á sviði sakamála.

Samkvæmt Grágás og Jónsbók var greining milli einkamála og opinberra mála ekki til staðar. Á 18. öld dró svo til tíðinda í íslensku réttarfari með tilskipun frá 3. júní 1796. Í henni kom fram að hlutverk ákærvaldsins væri að afla gagna til sönnunar svo að hægt að væri að dæma þá sem sekir voru og jafnframt til verndar þeim sem sem saklausir voru. Með henni var því skilið á milli einkamála og opinberra mála. Hlutverki ákærvaldsins var svo aftur breytt með tilskipun frá 24. janúar 1838 og með tilskipun frá 8. september 1841 en þá voru sett ákvæði um sönnun í opinberum málum.⁸ Þetta réttarfar hefur verið kennt við svokallað rannsóknarréttarfar. Í rannsóknarréttarfarinu giltu þær reglur að dómari rannsakaði sjálfur málið, eftir atvikum að eigin frumkvæði, annaðist sjálfur gagnaöflun og yfirheyrði sakborning og vitni í því skyni að upplýsa málið. Dómari ákvað svo eftir rannsóknina hvort gefa ætti út ákæru á hendur ákærða, ef tilefni stóð til, og þá að lokum kvað hann upp dóm í málinu. Lítið fór fyrir sækjanda sem flutti málið og hlutverk verjanda var veigalítið. Í rannsóknarréttarfari var dómari í raun dómari, sækjandi og verjandi allt í senn, og sakborningurinn var í raun rannsóknarandlag dómarans.⁹ Þá fór rannsókn og málsmeðferð fram fyrir luktum dyrum.¹⁰ Helstu einkenni rannsóknarréttarfars voru einnig þau að ekki var dregin nógu skýr lína milli ákærvalds og dómsvalds og skilin milli rannsóknar og meðferðar máls fyrir dómi voru því ekki nógu afgerandi, þar sem rannsókn sakamála var að stærstum hluta í höndum dómara. Þá var sakborningi skylt að svara spurningum dómara um þær sakargiftir sem á hann voru bornar og

⁷ Eiríkur Tómasson, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt?“. Í Garðar Gíslason (ritstj.), *Líndæla: Sigurður Líndal sjötugur, 2. júlí 2001*. Reykjavík 2001, bls. 95.

⁸ Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála“. *Tímarit lögfræðinga* 1951 1 (2), bls 77-78.

⁹ Eiríkur Tómasson, „Þróun íslensks sakamálaréttarfars 1951 - 2007“. Í Ragnheiður Bragadóttir (ritstj.), *Afmælisrit Jónatan Þórmundsson sjötugur* 2007. Reykjavík 2007, bls. 115.

¹⁰ Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, þskj. 101, 98. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/113/s/0101.html>. [Sótt á vefinn 05.02.2011].

mátti þvinga hann til þess með hótun um fangelsi við vatn og brauð.¹¹

Rannsóknarréttarfar hélst í meginráttum óbreytt til ársins 1951, eða þangað til fyrstu heildstæðu lögum um meðferð opinberra mála hér á landi voru samþykkt sem lög nr. 27/1951.¹² Aðdragandinn að setningu laganna var langur. Veturinn 1935 – 1936 var Einar Arnórssyni, þá hæstaréttardómara, falið að semja drög að frumvarpi til nýrra og fyrstu laga um meðferð opinberra mála. Einar var þá tiltölulega nýbúinn að ljúka við að semja drög að frumvarpi til laga um meðferð einkamála í héraði og voru drögin að frumvarpi til laga um meðferð opinberra mála að miklu leyti byggð á þeim og einnig á samsvarandi lögum í Danmörku, Noregi og Þýskalandi. Frumvarp að þessum fyrstu heildstæðu lögum um meðferð opinberra mála dagaði hins vegar uppi á Alþingi og var ekki lagt fram að nýju.¹³ Hinn 23. júní 1947 skipaði þáverandi dómismálaráðherra þá Einar Arnórsson og hæstaréttardómara Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson til þess að semja nýtt frumvarp til laga um meðferð opinberra mála. Þremmingarnir studdust að miklu leyti við fyrra frumvarpið og voru því mikil líkindi með þeim. Við samningu frumvarpsins rannsökuðu þeir og höfðu til hliðsjónar erlend lög, en þó réð reynsla um meðferð opinberra mála hér á landi mestu um efni frumvarpsins.¹⁴ Þær breytingar sem stóðu upp úr í frumvarpinu voru stofnun tveggja nýrra embætta, saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra í Reykjavík. Frumvarpið var lagt fram bæði árið 1948 og 1949, en náði í hvorugt skiptið fram að ganga.¹⁵ Ljóst er að sá kostnaður sem hefði fylgt í kjölfarið af þeim breytingum sem hefðu orðið ef lögum hefðu verið samþykkt var ofarlega í huga þingmanna og ráðamanna, því frumvarpið var ekki samþykkt sem lög frá Alþingi fyrr en búið var að taka út úr frumvarpinu umrædd ákvæði um embætti saksóknara ríkisins og rannsóknarstjóra í Reykjavík. Enda segir í almennum athugasemdum sem frumvarpinu fylgdu: „Fyrst og fremst má ekki taka upp skipulag, er yrði landinu ofviða og of kostnaðarsamt, heldur einungis það, sem telja mætti ríkinu meðfærilegt og veitti þó einstaklingum nægilegt öryggi“.¹⁶ Eftir að lögum tóku gildi breyttist íslenskt sakamálaréttarfar töluvert. Til að mynda var dregið úr ákærvaldi dómara, þótt sú skipan héldist óbreytt að dómara höfðu með höndum rannsókn opinberra mála, og ákvörðun um saksókn var að mestu leyti færð til dómismálaráðherra. Hann skyldi

¹¹ Eiríkur Tómasson, „Þróun íslensks sakamálaréttarfars 1951 - 2007“, bls. 116.

¹² Sama heimild, bls. 115.

¹³ Sama heimild, bls. 117.

¹⁴ Alpt. 1948 A, þskj. 12, bls. 69.

¹⁵ Eiríkur Tómasson, „Þróun íslensks sakamálaréttarfars 1951 - 2007“, bls. 118.

¹⁶ Alpt. 1948 A, þskj. 12, bls. 68.

ákveða málshöfðun með útgáfu ákæruskjals og var dómari bundinn af því sem kom fram í ákærunni er hann lagði dóm á málið. Málshöfðunarvald dómara hélst þó í einföldum málum þótt ekki sé líklegt að dómara muni hafa nýtt sér þá heimild, nema þá einna helst fyrstu árin eftir gildistöku laganna. Í tiltölulega fáum málum, það er ef stórfelld voru, var skipaður sækjandi til þess að fara með málið af hálfu ákæruvalds og bar þá einnig að skipa ákærða verjanda. Sú stefna virðist hafa verið tekin að sönnunarfærsla í slíkum málum færi fram við málsmeðferðina sjálfa.¹⁷ Mikilvæg breyting á lögum nr. 27/1951 átti sér stað með lögum nr. 57/1961. Þá var ákæruvaldið fært til sérstaks opinbers ákæranda, saksóknara ríkisins. Saksóknari ríkisins tók við ákæruvaldi því sem dómsmálaráðherra hafði með höndum samkvæmt lögunum frá 1951. Hlutverk ákærandans sem slíkt breyttist þó ekki. Dómara fóru ennþá með þá þætti ákæruvalds sem áður var lýst. Þessar breytingar voru felldar inn í lög nr. 27/1951 og lögin gefin út í heild sem lög nr. 82/1961. Lögunum var eftir þetta nokkrum sinnum breytt og tvívegis gefin út sem ný heildarlög, lög nr. 73/1973 og svo lög nr. 74/1974. Tímamótabreytingar urðu hins vegar með lögum nr. 108/1976 um stofnun Rannsóknarlögreglu ríkisins. Þá var stjórn rannsóknarlögreglunnar í Reykjavík færð frá yfirsakadómara til rannsóknarlögreglustjóra ríkisins. Utan Reykjavíkur varð breytingin minni þar sem lögreglustjórar voru enn jafnframt sakadómara.¹⁸

Alger straumhvörf urðu svo í íslensku réttarferli þegar samþykkt voru lög nr. 92/1989. Í lögunum, sem öðluðust gildi 1. júlí 1992, var kveðið á um fullan aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Því var skilið til fulls á milli ákæruvalds og lögreglu annars vegar og dómsvalds hins vegar, hvar sem er á landinu. Samhliða þessum breytingum fylgdi í kjölfarið ný heildarlöggjöf, lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála.¹⁹

Þegar hér er komið við sögu er íslenskt sakamálaréttarfar farið að nálgast svokallað ákæruéttarfar. Einkenni ákæruéttarfars eru þau að dómari hefur engin afskipti af rannsókn málsins og tekur það ekki fyrir að eigin frumkvæði, heldur fyrst eftir að formleg ákæra hefur verið gefin út á hendur ákærða af sjálfstæðum ákæranda. Ákærandi og verjandi, eða ákærði eftir atvikum, sjá um að færa fram

¹⁷ Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, þskj. 101, 98. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/113/s/0101.html>. [Sótt á vefinn 05.02.2011].

¹⁸ Sama heimild. [Sótt á vefinn 05.02.2011].

¹⁹ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html>. [Sótt á vefinn 10.02.2011].

sönnunargögn, oftast nær án þess að dómari skipti sér af sönnunarfærslunni, og flytja síðan málið. Hlutverk dómans er að stjórna réttarhöldunum og leggja síðan dóm á málið.²⁰

Önnur merk breyting sem fylgdi með lögum nr. 19/1991 var sú að gert var ráð fyrir að ákærandi mætti að jafnaði við meðferð máls fyrir dómi. Því þurfti dómari ekki lengur að gæta hagsmuna sóknaraðila málsins, líkt og áður fyrr. Einnig var sú breyting gerð á skipan ákæruvalds að ákærendum var fjölgað. Áður var ákæruvaldið einungis í höndum ríkissaksóknara en með tilkomu laganna var lögreglustjórum einnig gefið ákæruvald. Með lögum nr. 19/1991 var meðferð opinberra mála færð nær meðferð einkamála.²¹

Næstu 15 árin áttu sér stað nokkrar breytingar á lögum nr. 19/1991. Ein breyting sem stendur upp úr var gerð með lögum nr. 36/1999. Með þeim var réttarstaða brotþola, bæði á rannsóknarstigi og við meðferð máls fyrir dómi, þá einkum þeirra sem telja sig hafa orðið þolendur kynferðisbrota og annarra ofbeldisbrota, bætt töluvert.²² Ásamt þeim breytingum sem gerðar voru á lögum nr. 19/1991 litu ný lög dagsins ljós, svo sem lögreglulög nr. 90/1996 og lög nr. 15/1998 um dómstóla, og settu þau sinn svip á þróun sakamálaréttarfars hér á landi.

Núgildandi lög um meðferð sakamála eru nr. 88/2008 og tóku þau gildi 1. janúar 2009. Líkt og nafnið gefur til kynna, var ákveðið að hverfa frá heitinu „lög um meðferð opinberra mála“ og nefna þau „lög um meðferð sakamála“. Heitið á fyrrnefndu lögnum taldist ekki heppilegt þar sem fólk gæti túlkað það sem svo að um væri ræða mál sem hið opinbera ætti þátt í. Auk þess er kveðið á um í 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans að dómsmál skuli almennt sæta opinberri málsmeðferð, en með því er átt við að dómþing skuli háð í heyranda hljóði, og á það við um einkamál jafnt sem opinber mál.²³ Því var talið heppilegast að nefna lögin „lög um meðferð sakamála“. Við gerð frumvarpsins var að mestu stuðst við sömu grundvallarhugtök og voru í lögnum frá 1991. Veigamestu breytingarnar voru meðal annars fólgnar í því að gildissvið laganna var afmarkað mun betur en í gömlu lögnum sbr. 1. gr. laganna. Leitast var við að mæla fyrir um meðferð sakamála á heildstæðan hátt í lögnum og voru þau á vissan hátt aðlöguð enn meira að lögum

²⁰ Eiríkur Tómasson, „Þróun íslensks sakamálaréttarfars 1951 - 2007“, bls. 115 - 116.

²¹ Sama heimild, bls. 125.

²² Sama heimild, bls. 126.

²³ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html>. [Sótt á vefinn 11.02.2011].

um meðferð einkamála nr. 91/1991 til að gæta samræmis í réttarframkvæmd. Þá gerði frumvarpið ráð fyrir veigamikilli breytingu á skipan ákærvaldsins þess eðlis að skipta átti því í þrjú stjórnarsýslustig í stað tveggja. Stofna átti embætti héraðssaksóknara sem taka átti ákvörðun um saksókn á fyrsta stjórnarsýslustigi í nánast öllum meiri háttar sakamálum. Þá var gert ráð fyrir að ákærvald í efnahagsbrotum flyttist til embættis héraðssaksóknara. Í athugasemdum sem með frumvarpinu fylgdu stendur eftirfarandi rökstuðningur fyrir stofnun embættisins: „[að] með breytingum þessum, sem byggðar eru á hugmyndum ríkissaksóknara, er stefnt að því að efla ákærvaldið og styrkja sjálfstæði þess, auk þess sem réttaröryggi borgaranna ætti að vera betur tryggt með þessu móti“.²⁴ Vegna falls þriggja stærstu viðskiptabanka landsins í október 2008 og þeirrar efnahagslegu kreppu sem fylgt hefur í kjölfarið hefur embætti héraðssaksóknara ekki enn orðið að veruleika. Fyrst var gert ráð fyrir að embætti hans og verksvið kæmi til framkvæmdar þann 1. janúar 2010, en hefur aftur verið frestað til 1. janúar 2012.

Að ofansögðu er ljóst að íslenskt sakamálaréttarfar hefur tekið margvíslegum breytingum í gegnum tíðina. Það hefur þróast úr rannsóknarréttarhari í langleiðina að ákæruréttarhari. Margar þessar breytingar hafa verið til mikilla réttarbóta og má með sanni segja að með lögum nr. 92/1989 hafi verið lagður ákveðinn hornsteinn í íslensku sakamálaréttarhari. Þá hefur, eins og áður segir, Mannréttindasáttmáli Evrópu einnig haft mikil áhrif á íslenskt sakamálaréttarfar, líkt og nánar verður fjallað um í kafla 2.

1.3.1. Forsaga og þróun ákvæðis um efni ákæru

Í lögum nr. 27/1951, þeim fyrstu um meðferð opinberra mála hér á landi, var mælt fyrir um efni ákæru 115. gr. laganna. Efni og fyrirmynd ákvæðisins var sótt til 831. gr. dönsku réttarfarslaganna nr. 90/1916 (d. retsplejeloven),²⁵ sem nánar verður vikið að í kafla 5. Með tilkomu laganna var mælt fyrir um að málshöfðun skyldi ákveðin með útgáfu ákæruskjals. Þannig var réttarstaða sakbornings styrkt til muna því með þessu móti gat sakborningurinn kynnt sér þær sakir sem á hann voru bornar.²⁶

²⁴ Sama heimild.

²⁵ Málþing Lögfræðingafélags Íslands 22. september 2006, „Nýtt réttarfar í sakamálum“. Erindi Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hrl.

²⁶ Eiríkur Tómasson, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á íslenskt sakamálaréttarfar“. Í Davíð Þór Björgvinsson (ristj.), *Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000*. Reykjavík 2000, bls. 150.

Í 115. gr. laganna var kveðið á um að þegar dómsmálaráðherra hafði fengið rannsókn máls í hendur athugaði hann hvort semja átti ákæru á hendur sakborningi. Ef hann taldi það sem fram hafði komið nægilegt eða líklegt til sakfellingar samdi hann þá ákæru. Í 4. mgr. greinarinnar kom eftirfarandi fram:

Nú ákveður dómsmálaráðherra málshöfðun og semur hann þá ákæruskjal, er hann sendir dómara. Í því skal greina, svo að eigi verði um villzt: **1.** Nafn sökunauts, heimilisfang og önnur deili á honum. **2.** Hvert það brot, sem sök er gefin á, stað og stund, eftir föngum, er það er talið framið, það heiti, sem það hefur í lögum, eða aðra skilgreining svo og þær lagagreinar sem það er talið varða við. **3.** Þær kröfur, sem gerðar eru, svo sem kröfur um refsingu, réttindamissi, eignatöku, skaðabætur, greiðslu sakarkostnaðar o.s.frv.

Heldur svo áfram í 5. mgr. laganna:

Í ákæruskjali má ekki skírskota til fram kominna sannana eða setja þar lögfræðilegar athugasemdir fram en sagt var.

Við lestur ákvæðisins kemur fram skýr vilji löggjafans til að undanskilja í ákæru lögfræðilegar athugasemdir svo sem greinargerðir, álit eða annars konar athugasemdir. Samkvæmt því er ljóst, að gerðar voru strangar takmarkanir á því hversu ítarleg verknaðarlýsing í ákæru mátti vera samkvæmt þessum fyrstu lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951. Ákvæðið um efni ákæru hélst að mestu leyti óbreytt þrátt fyrir útgáfu nýrra laga. Með útgáfu laga nr. 74/1974 tók ákvæðið smávægilegum breytingum. 5. mgr. eldri laganna var að finna í 3. mgr. nýju laganna og orðalagi ákvæðisins var lítillega breytt en var efnislega nákvæmlega það sama.

Með tilkomu laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála breyttist ákvæðið um efni ákæru þó nokkuð mikið og tekin var að vissu leyti önnur stefna. Ákvæðið, sem þá var að finna í 116. gr. laganna, var efnislega sambærilegt fyrri ákvæðum, en búið að var breyta verknaðarlýsingunni að nokkru leyti. Í 116. gr. laga nr. 19/1991 kom eftirfarandi fram:

Ákærandi höfðar opinbert mál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina:

- a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
- b. nafn ákærða, heimilisfang og kennitölu eða fæðingardag,
- c. hvert brotið sé sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
- d. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, þó ekki kröfu um greiðslu sakarkostnaðar.

Breytingin sem átti sér stað með lögum nr. 19/1991 er nokkuð augljós. Ekki er fyrir að finna efni og ákvæði 3. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 sem kvað á um að í ákæruskjali skuli ekki setja lögfræðilegar athugasemdir fram en sagt er. Eingöngu er kveðið á um í c-lið að í verknaðarlýsingu megi setja fram „aðra skilgreiningu“ á broti því sem ákært er fyrir.

Með tilkomu nógildandi laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 breyttist ákvæði um efni ákæru enn á ný og að vissu leyti í sömu átt og sú breyting sem átti sér stað með tilkomu laga nr. 19/1991. Ákvæðið í nógildandi lögum sem kveður á um efni ákæru er að finna í 152. gr. og er svohljóðandi:

Ákærandi höfðar sakamál með útgáfu ákæru. Í henni skal greina svo glöggst sem verða má:

- a. þann dómstól sem málið er höfðað fyrir,
- b. nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili eða dvalarstað,
- c. hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta,
- d. röksemdir sem málsóknin er byggð á, ef þörf krefur, svo sem ef mál er flókið eða umfangsmikið, en röksemdafærslan skal þá vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru,
- e. kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, svo og kröfu um greiðslu sakarkostnaðar,
- f. einkaréttarkröfur og kröfur allsherjarréttar eðlis skv. XXVI. kafla.

[Undirstrikun höfundar]

Líkt og undirstrikunin gefur til kynna var bætt við nýjum staflið í nógildandi lög. Í lögin var bætt við d-lið sem kveður á um það að auk þeirra atriða sem talin eru upp í c-lið skal greina í ákæru, ef þörf krefur, þær röksemdir sem ákæruvaldið byggir málsókn sína á svo ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru. Ákvæðið svipar til c-liðar 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Ef sakarefnið er hins vegar einfalt er óþarfi að rökstyðja málsóknina frekar en að greina þá háttsemi sem ákært er útaf og heimfæra ætlað brot ákærða til viðeigandi refsíákvæðis, sbr. c-lið málsgreinarinnar.²⁷ Með tilkomu þessa ákvæðis er ljóst að búið er að opna fyrir þann möguleika að ákæruvaldið geti sett í ákæru skriflega röksemdafærslu með þeim röksemdum sem málsóknin byggir á, þó með þeim takmörkunum sem sett eru fram í ákvæðinu. Í athugasemdum við 152. gr. sem frumvarpinu fylgdu er að finna svohljóðandi rökstuðning fyrir tilkomu d-liðarins:

²⁷ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/135/s/0252.html>. [Sótt á vefinn 11.02.2011].

Stundum er það hins vegar ekki nægilegt til þess að ákærða megi vera ljóst hverjar þær sakir eru sem á hann eru bornar, heldur getur þurft að gera frekari grein fyrir þeim, t.d. með því að skýra það ákvæði, sem háttsemi ákærða er heimfærð til, og sýna fram á, með vísun til málsatvika, hvers vegna háttsemin er talin falla undir það ákvæði. Er þessa ekki síst þörf ef vísað er til fleiri ákvæða í ákæru, svo sem ef ákært er aðallega fyrir brot á einu ákvæði, en til vara fyrir brot gegn öðru.

Af ofangreindri umfjöllun má sjá að þróun reglna um hvað skuli greina í ákæru er töluverð og hefur tekið miklum breytingum í gegnum tíðina. Með lögum nr. 27/1951 og fram að gildistöku laga nr. 19/1991 var lagt blátt bann við því að setja skriflega greinargerð með lögfræðilegum athugasemdum í ákæru. Við gildistöku laga nr. 19/1991 og þangað til að lög nr. 88/2008 tóku gildi var hvorki kveðið á um bann né heimild til að leggja fram slíka greinargerð. Í núgildandi lögum nr. 88/2008 lítur aftur á móti út fyrir að komin sé heimild til að setja í ákæru slíka greinargerð.

2. MANNRÉTTINDASÁTTMÁLI EVRÓPU

2.1. Ágrip af Mannréttindasáttmála Evrópu

Mannréttindasáttmáli Evrópu²⁸ er þjóðréttarsamningur sem undirritaður var af Evrópuráðinu (e. Council of Europe), sem stofnað var eftir seinni heimsstyrjöldina. Sáttmálinn var undirritaður í Róm árið 1950 og tók hann gildi þann 3. september 1953. Sáttmálinn hefur tekið breytingum í gegnum árin og hét hann áður „samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis“, en síðar var honum svo gefið nafnið „Mannréttindasáttmáli Evrópu“. Sáttmálinn var sniðinn að verulegu leyti eftir Mannréttindafyrirlysingu Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1948. Ástæðan fyrir tilurð sáttmálans var að hluta til svar við þeim hræðilegu mannréttindabrotum sem höfðu átt sér stað í Evrópu í fyrri og seinni heimsstyrjöldinni.²⁹

2.2. Innleiðing Mannréttindasáttmála Evrópu í íslenskan rétt

Á Íslandi er byggt á tvíeðliskenningunni, en þá er litið á þjóðarétt og landsrétt sem tvö aðskilin réttarkerfi. Því þarf að veita reglum þjóðréttarsamninga lagagildi svo hægt sé að byggja á samningunum sem réttarheimild.

Mannréttindasáttmálinn, eða samningurinn um verndun mannréttinda og mannfrelsis, var fullgildur af Íslands hálfu þegar forsetinn skrifaði undir fullgildingarskjal íslenska ríkisins á samningnum þann 19. júní 1953, sbr. auglýsingu nr. 11/1954 í C-deild Stjórnartíðinda. Í kjölfarið fylgdu þó ekki neinar breytingar á íslenskum lögum, þvert á móti virðist það hafa verið ríkjandi skoðun að löggjöfin samrýmdu fyrir mælum sáttmálans.³⁰ Þá var heldur ekki minnst á sáttmálann í neinum þeim frumvörpum til laga um meðferða opinberra mála fyrr en hans var getið í frumvarpi til laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Með því er þó ekki sagt að hann hafi ekki haft nein áhrif á íslenskt sakamálaréttarfar fyrr en þá, og má þá vísa í mál Jóns Kristinssonar gegn íslenska ríkinu frá 8. mars 1989 í dæmaskyni.³¹

Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur á Íslandi árið 1994 með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og var það í samræmi við almenna stefnu í flestum öðrum Evrópuríkjum. Lögunum hefur þrívægis verið breytt með lögum nr.

²⁸ Einnig hér eftir „sáttmálinn“.

²⁹ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, Oxford University Press 2009, bls. 1.

³⁰ Eiríkur Tómasson, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á íslenskt sakamálaréttarfar“, bls. 151.

³¹ Mál Mannréttindanefndar Evrópu nr. 12170/86 frá 8. mars 1989.

25/1998, nr. 128/2003 og nr. 56/2005. Fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 62/1994 að helsti tilgangur og markmið með setningu laganna var að reyna að tryggja samræmi milli íslensks landsréttar og ákvæða sáttmálans. Röksemdir fyrir lögfestingu sáttmálans voru meðal annars þær að þau viðhorf sem ríktu við fullgildingu Íslands á sáttmálanum, það er að ekki sást ástæða til að lögfesta sáttmálann og gera hann að hluta landsréttar, voru farin að breytast varðandi aðild Íslands að sáttmálanum.³² Í ljós hafði komið að í nokkrum tilvikum var ekki samræmi milli íslenskra laga og ákvæða sáttmálans.³³ Þá var einnig talið að með því að lögfesta sáttmálann myndi skapast aukið réttaröryggi og jafnframt að dómsúrlausnir og ákvarðanir stjórnvalda sem varða mannréttindamál yrðu auðveldari.³⁴ Þá segir einnig í athugasemdum sem með frumvarpinu fylgdu að eftir lögfestingu geta einstaklingar fengið leyst fyrir íslenskum dómstólum úr hinum ýmsu ágreiningsefnum sem annars hefðu þurft að fara til stofnanna í Strassborg í Þýskalandi. Er síðan tekið fram að ef úrlausn fæst samt sem áður ekki hér á landi hefur einstaklingur á sama hátt rétt til að fara með ágreiningsefnið til Mannréttindadómstólsins.³⁵

2.2.1. Mannréttindasáttmáli Evrópu og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Líkt og fyrr greinir í kafla 2.2 var Mannréttindasáttmálanum veitt lagagildi með lögum nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu og þar af leiðandi skipað á bekk með almennum lögum. Við innleiðingu sáttmálans í íslenskan landsrétt fóru af stað miklar vangaveltur um hvort ekki þyrfti að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar með hliðsjón af sáttmálanum.³⁶ Var því ákveðið að ráðast í gerð frumvarps að stjórnskipunarlögum. Segir meðal annars í greinargerð sem fylgdi með stjórnskipunarfrumvarpinu að þótt Mannréttindasáttmálanum hafi verið veitt lagagildi njóta ákvæði sáttmálans ekki stöðu stjórnskipunarlaga og því breyta þau í engu mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar.³⁷ Fór því svo að stjórnskipunarlög nr. 97/1995 voru samþykkt og mannréttindakafli stjórnarskrárinnar færður til samræmis

³² Frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, þskj. 105, 102. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/117/s/0105.html>. [Sótt á vefinn 10.02.2011].

³³ Vísast til eftirfarandi Hæstaréttardóma: 77/1985, 239/1987 og 120/1989.

³⁴ Frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, þskj. 105, 102. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/altext/117/s/0105.html>. [Sótt á vefinn 10.02.2011].

³⁵ Sama heimild.

³⁶ Sama heimild.

³⁷ Alþt. 1994-1995, A-deild, bls. 2080.

við Mannréttindasáttmála Evrópu.

Í 6. gr. Mannréttindasáttmálans³⁸ er að finna ákvæði um rétt til réttlátrar málsmeðferðar sem nánar verður fjallað um í kafla 2.3. Með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 voru gerðar tillögur um efni nýrrar 70. gr. stjórnarskrárinnar sem átti að kveða á um nokkur grundvallaratriði varðandi réttarfar og málsmeðferð fyrir dómstólum en þessi atriði eru talin vera kjarninn í rétti manna til dómstólaverndar. Kom fram í greinargerðinni sem fylgdi með stjórnskipunarfrumvarpinu að þetta væru nýmæli í stjórnarskrárákvæðum en réttindin sem talin eru í 6. gr. MSE væru samt sem áður skýrlega vernduð með ákvæðum íslenskra réttarfarslaga.³⁹ 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar var samþykkt svohljóðandi:

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð innan hæfilegs tíma fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómþing skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Athygli vekur að greinin kveður ekki á um þau lágmarksréttindi sem 6. gr. MSE kveður á um en það kann að koma skringilega fyrir sjónir þar sem Mannréttindasáttmálinn veitir lágmarksvernd, en aðildarríkjunum er að sjálfsögðu heimilt að veita ríkari vernd. Í áður nefndri greinargerð sem fylgdi með stjórnskipunarfrumvarpinu kom fram að ekki sást ástæða til að telja fram í 70. gr. stjórnarskrárinnar öll þau atriði sem tryggð eru í alþjóðasamningum um mannréttindi varðandi málsmeðferð fyrir dómstólum. Markmiðið með 70. gr. stjórnarskrárinnar, og reyndar öðrum þeim ákvæðum sem fylgdu með lögum nr. 97/1995, er að taka upp ákveðnar grundvallarreglur og sleppa þeim útfærsluatriðum sem eiga við þessar aðstæður samkvæmt eðli sínu heima í réttarfarslöggjöf.⁴⁰ Samkvæmt þessum ummælum í greinargerðinni má ráða að 70. gr. stjórnarskrárinnar verndar þau réttindi sem kveðið er á um í 6. gr. MSE.⁴¹

³⁸ Hér eftir einnig MSE.

³⁹ Alpt. 1994-1995, A-deild, bls. 2082.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 2096.

⁴¹ Sjá einnig Hrd. 449/1997: „Við skýringu þessa ákvæðis [í lögum nr. 19/1991] verður að taka tillit til þess, að ákærður maður nýtur þess grundvallarréttar samkvæmt 70. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 8. gr. stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, að mál hans verði að hljóta réttláta meðferð fyrir dómi“.

2.3.6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

Í 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. 6. gr. laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttmála Evrópu, er mönnum tryggður réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Greinin er svohljóðandi:

1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöllum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldum að öllu eða nokkru af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar.
2. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal talinn saklaus uns sekt hans er sönnuð að lögum.
3. Hver sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi skal njóta eigi minni réttar en hér greinir:
 - a. Hann fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir.
 - b. Hann fái nægan tíma og aðstöðu til að undirbúa vörn sína.
 - c. Hann fái að halda uppi vörnum sjálfur eða með aðstoð verjanda að eigin vali. Hafi hann ekki nóg fé til að greiða lögfræðiaðstoð skal hann fá hana ókeypis ef það er nauðsynlegt vegna réttvísinnar.
 - d. Hann fái að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum. Séð skal um að vitni, sem bera honum í vil, komi fyrir dóm og séu spurð á sama hátt og þau vitni sem leidd eru gegn honum.
 - e. Hann fái aðstoð túlks ef hann skilur hvorki né talar mál það sem notað er fyrir dómi.

Mannréttindadómstóllinn⁴² hefur tekið þá stefnu að túlka ákvæði 6. gr. MSE frekar rúmt og skýra þannig efni hennar fremur borgurunum í hag heldur en yfirvöldum aðildarríkjanna.⁴³ Markmið 6. gr. er að tryggja réttaröryggi við meðferð þeirra mála sem hún tekur til.⁴⁴ Í þeim dómsmálum sem komið hafa til kasta Mannréttindadómstólsins hefur í langflestum tilvikum reynt á ákvæði 6. gr. MSE. Málaferlin varða aðallega mál á sviði einkamála eða sakamála en í nokkrum tilvikum hefur reynt á mál sem rekin eru fyrir hinum sérstöku stjórnarsýsludómstólum sem starfandi eru í allmörgum Evrópuríkjum, og tekið hafa stjórnarsýsluákvæðanir um borgaraleg réttindi og skyldur manna.⁴⁵

1. mgr. 6. gr. MSE tekur eins og áður sagði til einkamála og sakamála, en 2. og

⁴² Hér eftir einnig „MDE“.

⁴³ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, Reykjavík 1999, bls 28.

⁴⁴ Gaukur Jörundsson, „Um rétt manna samkvæmt 6. Gr. Mannréttindasáttmála Evrópu til að leggja mál fyrir áháðan og hlutlausan dómstól“. Í Helgi Sigurðsson (ritstj.), *Ármannsbók. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr í tilefni sjötugsafmælis hans 18. September 1989*. Reykjavík 1989, bls. 167.

⁴⁵ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, bls. 202.

3. mgr. greinarinnar taka einvörðungu til sakamála. Ákvæði 6. gr. MSE tekur í síðasta lagi gildi þegar mál kemur fyrir dóm, t.d. við þingfestingu þess, en MDE hefur einnig komist að þeirri niðurstöðu að miða beri við það tímamark þegar rannsókn, eða meðferð máls að öðru leyti, er farin að hafa umtalsverð áhrif á stöðu manns sem grunaður er um refsiverða háttsemi.⁴⁶ Í sakamálum hefur orðalag 1. mgr. 6. gr., „sök, sem hann er borinn um refsivert athæfi“ verið skýrt rúmt og er leyst úr hverju álitamáli með hliðsjón af atvikum í hverju máli fyrir sig. Þá hefur MDE einnig tekið skýrt fram í dómum sínum⁴⁷ að orðalagið hafi sjálfstæða merkingu og þurfi þar með ekki að hafa sömu merkingu og í löggjöf í aðildarríkjanna.⁴⁸

Í 1. mgr. 6. gr. MSE er kveðið á um réttláta málsmeðferð og eins og fyrr greinir er litið til atvika í heild sinni í hverju máli. Þá er einnig litið til þess hvort brotið hafi verið á réttindum manns í réttarfarslegu tilliti.⁴⁹ Þessi aðferð hefur leitt til þess að niðurstaða MDE getur orðið sú að þó svo að ekki sé beinlínis brotið gegn neinu ákveðnu ákvæði 6. gr. þá geti málsmeðferð samt sem áður ekki verið talin réttlát líkt og málavextir voru í máli *Barberà o.fl. gegn Spáni*,⁵⁰ en þar var meðferð málsins metin þannig í heild að hún var ekki talin réttlát og opinber í skilningi 1. mgr. 6. gr. Hins vegar getur niðurstaðan verið á hinn bóginn líkt og í máli *Stanford gegn Bretlandi*,⁵¹ en þar voru málavextir þannig metnir af MDE að þótt ekki hafi verið farið nákvæmlega eftir fyrirmælum 1. mgr. 6. gr. þá hafi málsmeðferðin engu að síður verið í samræmi við ákvæðið.

Í 2. mgr. 6. gr. MSE er kveðið á um að hver sá sem borinn er sökum um refsivert athæfi skal talinn saklaus uns sekt hans sannast. Ákvæðið var tekið upp í 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar með lögum nr. 97/1995. Þetta er algjör grundvallarregla í réttarríkinu og meginregla í réttarfarslögum. Það sem felst í fyrirmælum 2. mgr. 6. gr. er að sönnunarbyrði um sekt sakbornings og atriði, sem telja má honum í óhag hvíli á ákærvaldinu.⁵² Reglan hefur þó verið til staðar í íslensku sakamálaréttarfarum allt frá

⁴⁶ Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ Í Björg Thorarensen (ritsj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 199.

⁴⁷ Dómar MDE í málinu *Deweer gegn Belgíu* frá 27. febrúar 1980. Series A. 35, mgr. 44, og í málinu *Adolf gegn Austurríki* frá 26. Mars 1982. Series A. 49, mgr. 30.

⁴⁸ Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“, bls. 199.

⁴⁹ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 67.

⁵⁰ Dómur MDE frá 6. desember 1988. Series A. 146, mgr. 68 og 74-89.

⁵¹ Dómur MDE frá 23. febrúar 1994. Series A. 282-A, mgr. 24-30.

⁵² Eiríkur Tómasson, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á íslenskt sakamálaréttarfar“, bls. 162-163.

fyrstu lögnum um meðferð opinberra mála, sbr. 108. gr. laga nr. 27/1951 og þangað til nú í lögum um meðferð sakamála, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008.

2.3.1. a-liður 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu

Ákvæði 3. mgr. 6. gr. MSE kveður á um lágmarksréttindi einstaklings sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi. Ákvæðið er í fimm stafliðum og setur fram nánari fyrirmæli um ákvæði 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð. Ekki má líta á ákvæðið sem viðbót eða viðauka við 1. mgr. 6. gr., heldur er þar verið að telja upp í dæmaskyni nokkur af þeim lágmarksréttindum sem sakborningur á að njóta í skilningi hugtaksins „réttlát málsmeðferð“.⁵³ Vegna þessa virðist stefna MDE vera í dómum sínum að annaðhvort hafi verið brotið gegn ákvæði 1. mgr. 6. gr. með hliðsjón af þeim réttindum sem talin eru upp í ákvæði 3. mgr. 6. gr., eða þá að brotið hafi verið á ákvæðum 6. gr. í heild sinni.⁵⁴ Ákvæði 3. mgr. 6. gr. tekur til þess þegar einstaklingur er „borinn sökum um refsiverða háttsemi“. Það eru því fyrst og fremst sakamál sem falla undir gildissvið ákvæðisins.⁵⁵

Ákvæði a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE tilskilur þann rétt að sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi „fái án tafar, á máli sem hann skilur, vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir“. Markmiðið með ákvæðinu er að gefa sakborningi þær nauðsynlegu upplýsingar sem hann þarf á að halda til að geta haldið uppi vörnum í málinu í samræmi við b-lið 3. mgr. 6. gr.⁵⁶ Sakborningur kann, eftir atvikum, ekki einungis að eiga rétt til að fá vitneskju um þær sakir sem hann er borinn við útgáfu ákæru, heldur einnig áður en ákæra er gefin út á hendur honum.⁵⁷

Ekki hefur reynt mikið á hugtakið „án tafar“ í a-lið 3. mgr. 6. gr. fyrir MDE.⁵⁸ Óeðlilegt verður þó að teljast að langur tími líði eftir að grunur hefur beinst að einstaklingi og þangað til honum er gerð grein fyrir þeim sökum sem hann er borinn. Hér verður þó að nefna að þær upplýsingar verða ekki að vera eins nákvæmar og í ákæru sem síðar yrði gefið út á hendur sakborningnum.⁵⁹

Í 2. mgr. 5. gr. MSE er að finna svipað ákvæði og a-lið 3. mgr. 6. gr., en það

⁵³ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 165.

⁵⁴ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, bls. 306.

⁵⁵ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 166.

⁵⁶ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, bls. 307.

⁵⁷ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 167.

⁵⁸ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, bls. 307.

⁵⁹ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 167.

kveður á um að hver sá maður, sem tekinn er höndum, skal án tafar fá vitneskju, á máli sem hann skilur, um ástæðurnar fyrir handtökunni og um þær sakir sem hann er borinn. Tilgangurinn að baki ákvæðanna er þó ólíkur. Markmið með 2. mgr. 5. gr. er að veita sakborningi upplýsingar um ástæðu handtökunnar og eftir atvikum til að vefengja hana. Markmið a-liðar 3. mgr. 6. gr. er hins vegar til að tryggja að sakborningi sé greint skýrt frá upplýsingum um efni ákæru til að hann geti undirbúið vörn sína.⁶⁰

Hér á landi er þessu svo farið að eftir að héraðsdómi hefur borist ákæra, ákveður dómari stað og stund þinghalds þar sem málið verður þingfest svo fljótt sem verða má. Samhliða gefur dómari út fyrirkall á hendur ákærða sbr. 1. mgr. 155. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008. Í eldri lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, var áskilið í 1.mgr. 120. gr. að dómari átti að gefa út fyrirkall á hendur ákærða svo fljótt sem verða má og ekki síðar en þremur vikum eftir að honum barst ákæran í hendur. Af þessum lestri er ljóst að ekki er lengur að finna tímamörk fyrir dómara að gefa út fyrirkall. Í athugasemdum við 155. gr. sem fylgdu með frumvarpi að lögum nr. 88/2008 kemur fram að ákveðið var að falla frá því að setja dómara einhver tímamörk varðandi fyrirkall því það hefur ekki svo mikil áhrif á málsmeðferðina hvort fyrirkall er gefið út fyrr eða síðar, heldur skiptir það mestu máli að málið verði þingfest svo fljótt sem kostur er.⁶¹ Af þessu má leiða að því líkum að sá þriggja vikna frestur fyrir útgáfu fyrirkalls sem gefinn var í eldri lögum hefur þótt helst til langur með tilliti til a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE og þess í stað brýnt fyrir að mál sé þingfest sem allra fyrst eftir að ákæra hefur borist til dómara.

Það er algjört grundvallaratriði að sakborningur eigi rétt á að fá upplýsingar um efni ákæru á hendur sér til að hann geti undirbúið vörn sína. Samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. MSE á sakborningur rétt á því að fá vitneskju í smáatriðum annars vegar um „eðli“ ákæru og hins vegar um „orsök“ hennar. Með þessu er átt við að gera þurfi sakborningi grein fyrir þeirri háttsemi, athöfn eða athafnaleysi sem honum er gefið að sök og til hvaða refsíákvæða í lögum, eða eftir atvikum stjórnvaldsfyrirmælum, hann talinn er hafa brotið gegn. Tekið er fram að þessar upplýsingar til sakbornings þurfa að vera í smáatriðum. Með því er átt við að verknaðarlýsing og heimfærsla til refsíákvæða þarf að vera svo skýr að ekki fari á milli mála fyrir hvað ákæruvaldið

⁶⁰ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, bls. 307.

⁶¹ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>. [Sótt á vefinn 10.03.2011].

hefur ákært sakborninginn.⁶² Þessu til skýringar má benda á mál *Mattoccia gegn Ítalíu*.⁶³ Þar komst MDE að þeirri niðurstöðu að gera þurfi ákærða grein fyrir þeim staðreyndum sem mynda grundvöll fyrir þeim sökum sem ákærvaldið hefur ákveðið að sækja á hendur honum. Í dómnum kemur fram að það geti þó farið eftir atvikum hverju sinni hversu strangar kröfur eru gerðar til verknaðarlýsingar og heimfærslu til refsíákvæða. Ákærða verður þó samt sem áður alltaf að vera látnar í té fullnægjandi upplýsingar, eins og nauðsyn krefur, til að hann nái fullum skilningi á umfangi og efni ákærunnar sem á hendur honum er gefin, með það fyrir augum að hann geti undirbúið viðeigandi varnir gegn þeim sökum sem á hann eru bornar.⁶⁴ Í sumum tilvikum hefur þó verið tekið tillit til þess hvaða vitneskju ákærða hefur þegar verið látin í té um kæruefnið, til dæmis við skýrslutöku hjá lögreglu eða fyrir dómi.⁶⁵ Í mjög umfangsmiklum málum, til að mynda í efnahagsbrotum, verður það þó að teljast ólíklegt að tekið yrði tillit til slíkrar vitneskju því allar líkur er á því að hún myndi ekki nægja til þess að ákærði hafi náð fullum skilningi á efni ákærunnar og hverjum þeim sökum sem hann er borinn.

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur enn ekki talið skylt, þrátt fyrir rúmt orðalag a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE, að greina ákærða frá því hvaða refsiviðurlög eru gerð á hendur honum, og þá er ekki heldur talið skylt að greina í ákæru við hvaða sönnunargögn ákærvaldið hyggst styðjast til þess að færa sönnur á sekt ákærða.⁶⁶ Tilgangur með ákvæði a-liðar 3. mgr. 6. gr. er sá að ákærði fái vitneskju um ákæruefnið til þess að hann geti undirbúið vörn sína líkt og fyrr greinir. Í máli *Sadak gegn Tyrklandi*⁶⁷ var það talið brjóta gegn ákvæðinu að ákærði var upplýstur um breytingu á ákærunni á síðasta degi málflyttings. Þó hefur það verið talið heimilt að koma fram með minniháttar breytingar á verknaðarlýsingu, svo lengi sem það breyti ekki meginefni ákærunnar. Þá gilda sömu sjónarmið um breytingu á heimfærslu til refsíákvæða í ákæru.⁶⁸ Í riti sínu „Réttlát málsmeðferð fyrir dómi“⁶⁹ reifar Eiríkur

⁶² Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 168.

⁶³ Dómur MDE frá 25. júlí 2000, mgr. 59-60. Aðgengilegur á www.echr.coe.int.

⁶⁴ Orðrétt úr dómnum: „[...] but the accused must at any rate be provided with sufficient information as is necessary to understand fully the extent of the charges against him with a view to preparing an adequate defence“.

⁶⁵ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 168-169.

⁶⁶ Sama heimild, bls. 169.

⁶⁷ Dómur MDE frá 17. júlí 2001, mgr. 44-59. Aðgengilegur á www.echr.coe.int.

⁶⁸ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 168-169.

⁶⁹ Sama heimild, bls. 170.

Tómasson málavexti í máli *Pélissier og Sassi gegn Frakklandi*⁷⁰ og eru þeir eftirfarandi:

Kærendur [höfðu] verið ákærðir ásamt öðrum fyrir skilasvik og önnur refsiverð brot í tengslum við gjaldþrot á einkahlutafélagi þar sem þeir höfðu verið hluthafar. Í ákæruskjali á hendur þeim voru umrædd brot tilgreind, en þar var ekki tekið fram að þeir væru ákærðir, til vara, fyrir hlutdeild í brotunum. Kærendur voru sýknaðir af undirrétti þar eð þeir voru ekki taldir sjálfir hafa gerst sekir um þau brot sem að framan greinir. Í áfrýjunarstefnu ákæruvaldsins voru þeir ekki heldur sakaðir um hlutdeild í þeim. Það var hins vegar gert í greinargerð sem lögð var fyrir áfrýjunardómstól af aðila er orðið hafði fyrir verulegu fjárhagstjóni við gjaldþrotið. Fór svo að dómstóllinn fann kærendur seka um refsiverða hlutdeild í brotunum. Í dómi sínum vísaði MDE til þess að rannsókn á máli kærenda hafi verið einskorðuð við þær sakargiftir að þeir hafi sjálfir gerst sekir um brotin, en ekki um hlutdeild í þeim. Þá verði ekki séð að þeim hafi sérstaklega verið kynntar þær sakargiftir, sem fram komu í greinargerð brotapolans, en lögmaður hans hafi minnst á þær, meira eins og í framhjálaupi, við munnlegan flutning málsins. Að teknu tilliti til viðeigandi lagaákvæða, komst dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að líta verði á þá ásökun í garð kærenda, að þeir hafi gerst sekir um hlutdeild í brotunum, sem sjálfstætt ákæruatriði, óháð því að þeir hafi sjálfir framið brotin. Þar eð kærendur hafi ekki mátt gera ráð fyrir að þurfa að svara til saka fyrir þetta atriði hafi verið brotið gegn rétti þeirra skv. a- og b-liðum 3. mgr. þegar áfrýjunardómstóllinn ákvað, fyrirvaralaust, að fella dóm á grundvelli þess.

Að lokum gerir a-liður 3. mgr. 6. gr. MSE ráð fyrir því að sá sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi fái vitneskju um ákæru á máli sem hann skilur. Þetta þýðir að yfirvöld þurfa á sinn eigin kostnað að greina sakborningi, ef hann krefst þess, frá sakargiftum á máli sem hann skilur, eftir atvikum með aðstoð tólks, ekki nema að þau geti sannað eða fært fyrir því rök að sakborningurinn hafi vald á tungumálinu sem um ræðir.⁷¹ Ekki er skylt að upplýsa sakborning um sakargiftir á móðurmáli hans, heldur nægir að gera það á máli sem hann skilur.⁷² Málavextir í máli *Brozicek gegn Ítalíu*⁷³ voru á þá leið að Brozicek, sem fæddur var í Tékkóslóvakíu en búinn var að öðlast þýskan ríkisborgararétt, var sakaður um mótþróa við handtöku og að hafa slasað um leið ítalskan lögreglumann. Ítölsk yfirvöld sendu honum tilkynningu þess efnis á ítölsku. Brozicek bar fyrir sig að hann ætti í tungumálaörðuleikum og skyldi ekki um hvað kæruefnið snerist og fór fram á að sér yrði útvegaður túlkur. Það var hins vegar ekki gert og málið dæmt að honum fjarstöddum. MDE leit svo á að ítölsk yfirvöld hefðu ekki gert allt það sem í þeirra valdi stóð til að sannreyna

⁷⁰ Dómur MDE frá 25 mars 1999, mgr. 51-63.

⁷¹ Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*, bls. 308.

⁷² Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 174.

⁷³ Dómur MDE frá 19. desember 1989. Series A. 168, gr. 79-81.

ítölskukunnáttu Brozicek og því um brot á a-lið. 3. mgr. 6. gr. að ræða.⁷⁴ Þá hefur Mannréttindadómstóllinn einnig látið þá skoðun sína í ljós að eðlilegast sé að ákæra sé þýdd orð fyrir orð á það tungumál sem ákærði skilur.⁷⁵ Einnig hefur MDE litið svo á að ekki sé nægilegt að birta ákærana verjanda til þess að uppfylla skilyrðið um að gera ákærða grein fyrir ákærinni.⁷⁶ Þá hefur dómurinn bent á að ákvæðið gerir ekki kröfu um að upplýsingarnar séu veittar í ákveðnu formi.⁷⁷ Venjan er að þær eru veittar skriflega en það getur þó farið eftir atvikum, til dæmis í máli *Kamasinski gegn Austurríki*⁷⁸ þar sem það var ekki talið brjóta gegn ákvæðinu að ákæruatriðin hefðu aðeins verið þýdd og skýrð munnlega út fyrir ákærða með hliðsjón af öllum málavöxtum.

Af ofangreindri umfjöllun um a-lið 3. mgr. 6. gr. MSE má ráða að ákvæðið skiptir gríðarlega miklu máli fyrir sakborning varðandi réttláta málsmeðferð fyrir dómi, og öll 6. gr. Mannréttindasáttmálans í heild sinni. Af því leiðir að vanda þarf við gerð ákvæðis í landsrétti til að fullnægja áskilnaði a-liðar 3. mgr. 6. gr. Hér á landi er ákvæði um efni ákæru að finna í 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamál líkt og fyrr hefur verið greint frá, en betur verður gerð grein fyrir 152. gr. í næsta kafla. Það sést einnig á dómaframkvæmd Mannréttindadómstólsins að gerðar eru skýrar kröfur til aðildarríkjanna um að þau framfylgi reglum um réttláta málsmeðferð fyrir dómi. Því er einstaklega mikilvægt að stjórnvöld hér á landi sem og dómstólar virði þær lágmarkskröfur sem gerðar eru í 6. gr. Mannréttindasáttmálans.

⁷⁴ Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*, bls. 174.

⁷⁵ Sama heimild, bls. 175.

⁷⁶ Sama heimild, bls. 175.

⁷⁷ Sbr. dómur MDE í málinu *Hermi gegn Ítalíu*, frá 18. október 2006, mgr. 68. Aðgengilegur á www.echr.coe.int.

⁷⁸ Dómur MDE frá 19. desember 1989. Series A. 168, gr. 79-81.

3. ÁKÆRA

3.1. Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um ákæru og efni hennar. Fyrst verða rakin atriði sem lúta að ákæruvaldinu og fjallað verður um handhafa þess. Eftir það verður hugtakið „ákæra“ skilgreint. Þá verður tilgangur ákæru útskýrður og einnig verður reynt að sýna hver tilgangur verknaðarlýsingar í ákæruskjali sé. Þar á eftir verður greint frá því hvað verknaðarlýsing í ákæruskjali þarf að innihalda. Einnig verður sýnt fram á afleiðingar þess ef verknaðarlýsing ákæruskjals er ófullnægjandi. Að lokum verður svo skoðað hvað veldur því hvort máli sé vísað frá eða það tekið til efnismeðferðar.

Líkt og greint var frá í kafla 1.3.1. um þróun ákvæðis um hvað skuli greina í ákæru þá var ákvæðinu breytt með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Bætt var við nýjum staflið, d-lið, sem heimilar ákæruvaldi, ef þörf krefur, að skila inn röksemdum með ákærinni sem ákæruvaldið byggir málsókn sína á svo ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru. Eftirfarandi umfjöllun í þessum kafla fjallar um þá dómaframkvæmd sem hefur átt sér stað þegar lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála voru í gildi. Að öðru leyti mun umfjöllunin um almenn atriði ákæru taka mið af lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála, þar sem ákvæðið tók í raun ekki öðrum efnismiklum breytingum, líkt og fyrr var greint frá í kafla 1.3.1.

3.2. Ákæruvaldið

Hugtakið „ákæruvald“ er ekki skilgreint nákvæmlega í lögum. Í Lögfræðiorðabókinni⁷⁹ er að finna eftirfarandi skýringu á ákæruvaldi: „Stjórnvöld sem fara með vald til þess að höfða mál af hálfu hins opinbera til refsingar eða annarra refsikenndra viðurlaga“.

Hægt er að nota hugtakið ákæruvald á tvo mismunandi vegu. Í fyrsta lagi er hugtakið stundum notað sem heiti á þeim embættum sem fara með eiginlegt ákæruvald, þ.e. ríkissaksóknara, lögreglustjóra, þar á meðal ríkislögreglustjóra og nú einnig sérstaks saksóknara, sbr. lög nr. 135/2008. Er þá talað um „ákæruvaldið“ sem heildarheiti á handhöfum ákæruvaldsins. Hægt er að sjá dæmi um þessa notkun í fyrrsögnum mála fyrir Hæstarétti, þar sem talað er um ákæruvaldið sem sækjanda.

⁷⁹ Páll Sigurðsson (ritstj), *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008, bls. 44.

Er 2. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála⁸⁰ í samræmi við þá venju. Í öðru lagi er með hugtakinu vísað til þeirra heimilda sem ákærendurnir hafa til þess að höfða mál til refsingar á hendur mönnum sem taldir eru hafa gerst sekir um refsiverða háttsemi. Þannig getur það ýmist verið notað í þrengri eða rýmri merkingu. Í þrengri merkingu tekur það aðeins til þeirrar heimildar sem ríkissaksóknari eða lögreglustjóri, eða aðrir handhafar ákærvalds eftir atvikum, hafa til þess að ákveða hvort refsímál skuli höfðað fyrir dómi, það er með útgáfu ákæru. Í rýmri merkingu tekur hugtakið til allra þeirra lagaúrræða sem handhafar ákærvaldsins hafa til þess að koma fram refsingu eða fella mál niður.⁸¹

Núverandi skipan ákærvalds á sér ekki langa sögu. Hún kom fyrst fyrir í lögum nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála en var svo staðfest afdráttarlaust með lögum nr. 84/1996.⁸² Ákærvaldið í dag er í höndum lögreglustjóra, þar á meðal ríkislögreglustjóra, sérstaks saksóknara og ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og er hlutverk hans meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmd ákærvalds hjá lögreglustjórum.⁸³ Þá gefur hann út almenn fyrirmæli um meðferð ákærvalds og getur gefið lögreglustjórum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Einnig getur hann tekið ákvörðun um saksókn úr höndum lögreglustjóra og endurskoðað að eigin frumkvæði eða að fenginni kæru frá þeim sem hefur hagsmuna að gæta ákvörðun lögreglustjóra um að hætta rannsókn máls, fella niður mál eða um niðurfellingu saksóknar. Dómsmálaráðherra hefur síðan eftirlit með framkvæmd ákærvalds og getur kafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál. Hins vegar getur dómsmálaráðherra alls ekki gefið ríkissaksóknara fyrirmæli um meðferð einstakra mála.⁸⁴

Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í landinu í umboði dómsmálaráðherra. Ríkislögreglustjóri hefur ákærvald á fyrsta stigi ákærvalds og hefur heimild til þess að höfða mál til refsingar í málum sem hann hefur rannsakað, nema ríkissaksóknari einn hafi málshöfðunarheimildina. Samkvæmt þessu sætir ríkislögreglustjóri, sem ákærandi og handhafi ákærvalds, eftirliti og leiðsögn af hálfu ríkissaksóknara með sama hætti og aðrir lögreglustjórar í landinu. Þar af leiðandi

⁸⁰ Hér eftir einnig „sml“.

⁸¹ Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*. Reykjavík 1992, bls. 153 - 154.

⁸² Bogi Nilsson, „Hvert á að vera skipulag ákærvalds hér á landi?“. Í Viðar Már Matthíasson (ritsj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003*. Reykjavík 2003, bls. 74-75.

⁸³ Sbr. orðalag úr Hrd. 537/2005: „Varðandi þetta er til þess að líta að lögreglustjórar og þar með ríkislögreglustjóri fara með sjálfstætt ákærvald undir eftirliti og yfirstjórn ríkissaksóknara“.

⁸⁴ Bogi Nilsson, „Hvert á að vera skipulag ákærvalds hér á landi?“, bls. 75.

heyrir ríkislögreglustjóri ekki einungis undir dómsmálaráðherra í störfum sínum, heldur einnig ríkissaksóknara.⁸⁵

Í íslenskum rétti gildir svokölluð „ákærulegla“. Ákærulegla felur það í sér að ákærandi, en ekki dómari, hefur frumkvæði að rannsókn á ætlaðri refsiverðri háttsemi og leggur sakarefnið fyrir dómstól til úrlausnar með ákæru. Hlutverk dómara er að bíða þangað til ákærandi hefur lagt sakarefnið fyrir hann með viðeigandi hætti. Ákærandi sækir síðan dómþing og fylgir málinu eftir og annast sókn þess.⁸⁶

Ákærulegla var fyrst lögleidd með lögum nr. 27/1951. En það var fyrst við gildistöku laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991⁸⁷ að hún var að fullu lögfest.⁸⁸ Fram að því höfðu dómarafrumkvæði að rannsókn refsímála og gátu í ýmsum tilvikum tekið ákvörðun um málshöfðun nema í allra alvarlegustu málum.⁸⁹ Í samræmi við ofangreint, má segja að kjarnann í ákæruleglunni hafi verið að finna í 111. gr. opl., en er nú að finna í 142. gr. sml. Regla er svohljóðandi:

Sérhver refsiverð háttsemi skal sæta ákæru nema annað sé sérstaklega ákveðið í lögum.

Í sakamálaréttarfari er eðli máls samkvæmt lögð megináhersla á að leiða hið sanna í ljós í hverju máli því það myndi vissulega brjóta í bága við réttarvitund almennings ef saklaus maður væri dæmdur sekur. Þvert á móti býst almenningur við því að sekir menn verði sakfelldir og beittir lögum málsreglum.⁹⁰ Í sakamálum er eðlilegt að ríkari kröfur séu gerðar til sönnunar en í einkamálum. Það getur þó leitt til þess að þeir sem hafa gerst sekir um brot verði í sumum tilvikum sýknaðir. Í því sambandi má benda á þau ummæli sem margir fræðimenn, verjendur og fleiri hafa haft uppi um að betra sé að tíu sekir menn séu sýknaðir en að einn saklaus maður sé dæmdur sekur.⁹¹ Því gildir í meðferð ákæruvaldsins einnig svonefnd „hlutlægnisregla“. Hana er að finna í 3. mgr. 18. gr. sml. Regla kveður á um það að þeir sem fara með ákæruvald og annast rannsókn skuli vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og jafnframt gæta að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Í hlutlægnisreglunni felst einnig að ákærandi höfðar ekki mál nema að hann telji það

⁸⁵ Sama heimild, bls. 77.

⁸⁶ Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*, bls. 153.

⁸⁷ Hér eftir einnig „opl“.

⁸⁸ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur opinbers réttarfars*. Reykjavík 2005, bls. 11.

⁸⁹ Bogi Nilsson, „Hvert á að vera skipulag ákæruvalds hér á landi?“, bls. 71.

⁹⁰ Eiríkur Tómasson, *Meginreglur opinbers réttarfars*, bls. 12.

⁹¹ Alan Dershowitz, Eiríkur Tómasson, Jón Steinar Gunnlaugsson o.fl.

sem fram er komið vera nægilegt eða líklegt til sakfellis.⁹² Þórður Björnsson, sem gegndi embætti ríkissaksóknara frá árunum 1973 – 1986, komst svo að orði um inntak hlutlægnisskyldu ákærvaldsins: „Sú skylda ákærvaldsins að sýna hlutlægni í starfi leiðir til þess að markmið þess er ekki sakfelling ákærða sem slík heldur verður hlutverk þess að sækja mann til saka og viðurlaga að réttum lögum og samkvæmt jafnréttisreglum og hlutverk sækjanda að auðvelda dómara að komast að rétttri niðurstöðu í máli“.⁹³

Handahafar ákærvaldsins njóta sjálfstæðis í störfum sínum gagnvart æðstu handhöfum framkvæmdarvaldsins. Það er þó ekki þar með sagt að þeir þurfi ekki að fara eftir settum reglum. Á því leikur enginn vafi að starfsemi ákærvaldsins fellur undir hugtakið „stjórnsýsla“ í skilningi 1. mgr. 1.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, og ákærændurnir sjálfir teljast til „stjórnvalda“ í skilningi 2. mgr. 1. gr. laganna.⁹⁴ Ákvörðun um saksókn er því stjórnvaldsákvörðun þar sem tekin er ákvörðun um réttindi eða skyldur manna, og gilda því reglur stjórnsýslulaga um störf og ákvarðanir ákærvaldsins eftir því sem við á.

Að þessu sögðu er ljóst að störfum ákærvaldsins fylgir gríðarleg ábyrgð. Ákvörðun um að hefja saksókn er þýðingarmikil ákvörðun þar sem ríkir hagsmunir eru í húfi. Afleiðingarnar geta verið miklar fyrir þann einstakling sem saksóknin beinist gegn þar sem æra hans og orðspor og, eftir atvikum, starfsheiður geta verið í húfi.⁹⁵ Því er einstaklega mikilvægt að vel sé staðið að þeirri vinnu sem ákærvaldið framkvæmir og að ákvarðanir um saksókn séu vel ígrundaðar, teknar með málefnalegum hætti og farið sé eftir settum reglum í lögum.

3.3. Skilgreining ákæru

Rétt eins og fram kom í kafla 3.2. hér að framan um að hugtakið „ákærvald“ getur verið notað á tvo mismunandi vegu þá má segja að hugtakið „ákæra“ getur einnig haft tvenns konar merkingu. Í þrengri merkingu nær hugtakið einungis til ákæruskjalsins sjálfs, það er skjalsins þar sem hinni meintu refsiverðu háttsemi er lýst. Í rýmri merkingu nær hugtakið hins vegar yfir saksóknina sjálfa, það er að bera

⁹² Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*, bls. 153.

⁹³ Þórður Björnsson, „Hugleiðing um hið nýja sakamálaréttarfar“. *Útljótur* 1993 (46) 1. tbl., bls 8.

⁹⁴ Eiríkur Tómasson, „Ákærvaldið í ljósi jafnræðisreglna“. Í Viðar Már Matthíasson (ritsj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003*. Reykjavík 2003, bls. 51.

⁹⁵ Jóhannes Rúnar Jóhannsson, „Ákvörðun um saksókn frá sjónarhorni verjanda“. Í Viðar Már Matthíasson (ritsj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003*. Reykjavík 2003, bls. 94.

mann sökum um refsiverða heimild.⁹⁶

Í ákvæði 1. mgr. 152. gr. sml.⁹⁷ er kveðið á um að ákærandi höfðar sakamál með útgáfu ákæru. Því er ákæra, einnig nefnt ákæruskjal, sá formlegi grundvöllur sem málshöfðun í sakamáli er byggð á. Þá er ákæra málsóknarskjal á sama hátt og stefna í einkamálum og markar hún umfang málsins og er sá grunnur sem það hvílir á.⁹⁸ Í 152. gr. sml. er svo kveðið á um hvað skuli greina í ákæruskjali og er þar um tæmandi talningu að ræða. Sömu reglur gilda um efni ákæru hvort heldur sem hún er gefin út af lögreglustjóra eða ríkissaksóknara. Þá skiptir heldur ekki máli hvort um sé að ræða brot á almennum hegningarlögum eða sérrefsilögum.⁹⁹ Samkvæmt a-lið 2. mgr. skal greina í ákæru „þann dómstól sem málið er höfðað fyrir“. Í b-lið 2. mgr. kemur fram að tilgreina þurfi „nafn ákærða, kennitölu eða fæðingardag og heimili eða dvalarstað“. Sé mál höfðað á hendur lögaðila ber að höfða það gegn fyrirvarsmönnum hans fyrir hans hönd. Ber þá að tilgreina í ákæruskjali nöfn fyrirvarsmanna og lögaðilans.¹⁰⁰ Samkvæmt c-lið 2. mgr. ber að tilgreina „hver sú háttsemi er sem ákært er út af, hvar og hvenær brotið er talið framið, heiti þess að lögum og aðra skilgreiningu og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta“.¹⁰¹ Í d-lið 2. mgr. má tilgreina ef þörf krefur „röksemdir sem málsóknin er byggð á, svo sem ef mál er flókið eða umfangsmikið, en röksemdafærslan skal þá vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála, hverjar sakargiftir eru“. Í e-lið 2. mgr. er kveðið á um að tilgreina þurfi „kröfur um refsingu og önnur viðurlög, svo sem sviptingu réttinda og upptöku eigna, svo og kröfu um greiðslu sakarkostnaðar“. Þá stendur í f-lið 2. mgr. að tilgreina þurfi eftir atvikum „einkaréttarkröfur og kröfur allsherjarréttar eðlis skv. XXVI. kafla“.

Í 1. mgr. 180. gr. sml. er kveðið á um það að dómari hefur heimild til að sakfella fyrir brot á öðrum lagaákvæðum en í ákæru greinir og má hann einnig sakfella ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind svo lengi sem dómari telur að vörn ákærða hafi ekki verið áfátt þess vegna. Ef dómari telur hins vegar að verknaðarlýsing í ákæru falli ekki að því lagaákvæði sem

⁹⁶ Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*, bls. 181.

⁹⁷ 116. gr. opl.

⁹⁸ Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*, bls. 181.

⁹⁹ Sama heimild, bls. 181.

¹⁰⁰ Sama heimild, bls. 181.

¹⁰¹ C-liður 2. mgr. 116. gr. opl: „Hvert brotið er sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærslu þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla, ef því er að skipta“.

þar er tilgreint þer að sýkna ákærða af kröfum ákærvaldsins, enda falli verknaðarlýsing ekki að öðrum ákvæðum þar sem sama eða vægari refsing liggur við broti.¹⁰² Þá má dómari aldrei dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir, og þá má hann heldur ekki dæma aðrar kröfur á hendur honum en þær sem í ákæru greinir.

Ofangreindu til skýringar verður hér reifaður einn dómur Hæstaréttar Íslands.

Hrd. 163/2006 H var meðal annars ákærður fyrir brot á 219. gr. hgl. með því að hafa ekið á vörubíl sínum gegn rauðu ljósi á gatnamótum með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri við strætisvagn. Fimm manns meiddust í óhappinu, þar af einn alvarlega. H var sakfelldur í héraði og einnig af Hæstarétti. Var hann dæmdur í 60 daga skilorðsbundna fangelsisvist. Í ákæru var þess krafist að H yrði sviptur ökurétti og var hann sviptur þeim rétti í þrjá mánuði í héraðsdómi. Í áfrýjunarstefnu krafðist ákærvaldið þess að H yrði sviptur ökurétti. Hins vegar var ekki minnst á þá kröfu í greinargerð þess fyrir réttinum. Við munnlegan málf lutning fyrir Hæstarétti kvað ákærvaldið að haldið væri við kröfuna, en láðst hafi að geta hennar í greinargerðinni.¹⁰³ Um þetta atriði hafði Hæstiréttur eftirfarandi að segja: „Samkvæmt 155. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skal ákærvaldið við áfrýjun opinbers máls skila greinargerð til Hæstaréttar. Í a-lið 2. mgr. er kveðið svo á að þar skuli koma fram hvers ákærvaldið krefjist fyrir Hæstarétti. Samkvæmt b-lið 2. mgr. skal ennfremur koma fram í greinargerðinni hvort málsaðili felli sig við lýsingu málsatvika í héraðsdómi og röksemdir fyrir niðurstöðu, en ef svo sé ekki skuli getið á stuttan og gagnorðan hátt í hverjum atriðum hann sé ósammála og hvernig hann rökstyðji í meginatriðum kröfur um breytingu á niðurstöðu héraðsdóms. – Svo sem fyrr var greint, lýsti ákærvaldið kröfum sínum svo í greinargerð til Hæstaréttar 21. september 2006 að „refsing ákærða sem ákveðin var í hinum áfrýjaða héraðsdómi verði þyngd, bæði til fangelsis og fésektar.“ Hins vegar er ekki nefnd sú krafa sem fram hafði komið í áfrýjunarstefnu ákærvalds 9. mars 2006, að málinu væri einnig áfrýjað „til enn frekari sviptingar ökuréttar.“ Í greinargerðinni er hvergi vikið að kröfu um sviptingu ökuréttar hvorki til staðfestingar eða þyngingar og heldur ekki að rökstuðningi fyrir slíkri kröfu. – Við meðferð opinberra mála verða ekki dæmdar aðrar kröfur á hendur ákærða en þær sem ákærvaldið gerir. Af eðli máls leiðir, að ákærvaldið getur fallið frá eða dregið úr kröfum sem áður hafa verið gerðar og verða þá ekki aðrar kröfur dæmdar en þær sem eftir standa. Með því að nefna ekki í greinargerðinni til Hæstaréttar kröfu um sviptingu ökuréttar ákærða og með hliðsjón af skýru orðalagi kröfugerðar ákærvalds þar, verður hún ekki skilin á annan veg en þann að fallið hafi verið frá slíkri kröfu í málinu. Mátti ákærði treysta því að krafan yrði ekki tekin upp á ný síðar. Verður honum þegar af þessari ástæðu ekki dæmd svipting ökuréttar“.

[Undirstrikun höfundar]

3.3.1. Tilgangur ákæru

Tilgangur ákæru er annars vegar að leggja grundvöll að málatilbúnaði ákærvaldsins og málinu í heild og hins vegar að gera ákærða grein fyrir því í smáatriðum, hvert sé eðli og orsök sakargifta á hendur á honum, líkt og fram kom í kafla 2.3.1. um a-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu.

¹⁰² Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*, bls. 183.

¹⁰³ Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarfari*. Reykjavík 2009 bls. 437.

Í Hæstaréttardómi í máli nr. 420/2005¹⁰⁴ er að finna ákveðin ummæli varðandi málatilbúnað ákærvaldsins. Málavextir verða reifaðir hér að neðan í heild, því vísað verður aftur í málið í öðrum köflum ritgerðarinnar.

Hrd. 420/2005 Sex einstaklingar voru ákærðir í þessu svokallaða fyrra „Baugsmáli“ og var sakargiftum á hendur einstaklingunum lýst í 40 tölusettum ákæruliðum. Í ákæruliðum 1 – 32 voru þeim JÁJ, TJ, JJ og KJ gefin að sök margvísleg brot sem þau áttu að hafa framið sem stjórnendur B hf. Meðal annars var ákært fyrir fjárdrátt skv. 247. gr. hgl., umboðssvik skv. 249. gr. hgl. eða hlutdeild í þeim brotum, sbr. 22. gr. laganna, auk brota gegn lögum nr. 2/1995 um hlutafélög og fleiri brot á sérrefsilögum. Í ákæruliðum nr. 33 – 36 voru JÁJ og TJ, ásamt SHH og AP, endurskoðendum B hf., ákærð fyrir brot gegn 2. mgr. 262. gr. hgl., sbr. þágildandi lög um ársreikninga, nr. 144/1994. Samkvæmt ákæruliðum nr. 37 – 40 voru JÁJ, TJ og KJ ákærð fyrir tollsvik, sbr. þágildandi tollalög, nr. 55/1987, og rangfærslu skjala skv. 2. mgr. 158. gr. hgl. Héraðsdómur, sem var fjölskipaður, vísaði málinu í heild frá dómi vegna annmarka á ákæru skv. 4. mgr. 122. gr. opl.¹⁰⁵ Sá úrskurður var kærður til Hæstaréttar. Hæstiréttur hafði meðal annars eftirfarandi að segja um málatilbúnað ákærvaldsins: „Ákæra verður og að vera það skýr [...] að dómara sé fært af henni einni að gera sér grein fyrir því um hvað ákærði sé sakaður og hvernig telja megi þá háttsemi refsiverða. Í þessum efnnum verður ákæra að leggja fullnægjandi grundvöll að máli, þannig að fella megi dóm á það samkvæmt því, sem í henni segir enda verður ákærði ekki dæmdur fyrir aðra hegðun en þá, sem í ákæru greinir, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.“ Hæstiréttur vísaði þeim hluta málsins, sem ákæruliðir nr. 1 – 32 tóku til frá héraðsdómi, meðal annars vegna þessa, en einnig vegna annarra annmarka sem var að finna í málatilbúnaði ákærvaldsins, sem síðar verður getið um. Hæstiréttur taldi að málatilbúnaður ákærvaldsins samkvæmt ákæruliðum nr. 33 – 36 væri óskýr, en ekki í þeim mæli að ekki yrði felldur efnisdómur á málið, að því er þá varðaði. Hæstiréttur taldi hins vegar að á ákæruliðum nr. 37 – 40 væru engir þeir annmarkar sem gætu valdið því að efnisdómur yrði ekki lagður á málið, að því er þá varðaði. Samkvæmt þessu taldi Hæstiréttur því ekki nauðsyn að vísa málinu í heild frá dómi, enda stæðu ákæruliðir nr. 33 – 40 ekki í tengslum við hina ákæruliðina varðandi þær sakir sem bornar væru á ákærðu. Var því lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar varðandi ákæruliði 33-40.¹⁰⁶

[Undirstrikun höfundar]

Í málinu skorti því á að gerð væri grein fyrir því hvernig hin meinta refsiverða háttsemi samrýmdist einstökum efnispáttum þeirra refsíákvæða sem til var vitnað í ákærunni. Þá þótti framsetning einstakra ákæruliða óskýr og viðhlítandi skýringar skorti varðandi ákveðna ákæruliði. Einnig þóttu upplýsingar sem ekki tengdust ákveðnum ákæruliðum gera málatilbúnað ákærvaldsins óskýran, og á köflum þótti lýsing ákærunnar sundurlaus og nánast óskiljanleg.¹⁰⁷

Líkt og fyrr var greint frá er tilgangur ákæru einnig sá að gera ákærða grein fyrir

¹⁰⁴ Fyrri ákæran í máli sem nefnt hefur verið „Baugsmálið“ í opinberri umræðu.

¹⁰⁵ Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarfari*, bls. 384 – 385.

¹⁰⁶ Sama heimild, bls. 385.

¹⁰⁷ Sbr. eftirfarandi ummæli sem finna má í dómnum: „Talningin á bókhaldsfærslum, sem virðist eiga að sýna hvernig raunveruleg ráðstöfun þessara hlutabréfa hafi verið rangfærð og dulin, er sundurlaus og nánast óskiljanleg eins og hún er fram sett í ákærunni.“

því í smáatriðum, hvert sé eðli og orsök sakargifta á hendur honum, sbr. ákvæði a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE. Er það nauðsynlegt til að ákærði geti tekið afstöðu til þeirra sakargifta sem á hann eru bornar og undirbúið vörn sína í málinu. Í athugasemdum sem fylgdu með lagafrumvarpinu, sem varð að lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, kemur meðal annars eftirfarandi fram um ákvæði sem er sambærilegt 152. gr. nógildandi laga um meðferð sakamála: „Ákærvaldinu ber skylda til þess að gera sér fulla grein fyrir, eftir því sem kostur er, hverjar sakir það vill bera á hendur á þeim, sem það ætlar að höfða mál gegn. Ákærða er og nauðsynlegt að vita, fyrir hvaða hegðun hann er sóttur, til þess að hann geti haldið uppi vörn fyrir sig.“¹⁰⁸

Verða hér reifaðir tveir dómar Hæstaréttar þessu til skýringar. Í fyrra Baugsmálinu, sem fyrr var greint frá, segir Hæstiréttur orðrétt um tilgang verknaðarlýsingar:

Hrd. 420/2005 Til að fullnægja því, sem áskilið er í [c-lið 1. mgr. 116. gr. opl.], verður verknaðarlýsing í ákæru að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni hvaða refsiverð háttsemi honum er gefin að sök og hvaða refsilagaákvæði hann er talinn hafa brotið, án þess að slík tvímæli geti verið um það að með réttu verði honum ekki talið fært að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum gegn þeim. Verður ákærði að geta ráðið þetta af ákærinni einni og breytir þá engu hvort honum megi vegna rannsóknar málsins vera ljósar sakargiftirnar, ef þeim eru ekki gerð fullnægjandi skil í ákæru. Ákæra verður og að vera það skýr að þessu leyti að dómara sé fært af henni einni að gera sér grein fyrir því um hvað ákærði er sakaður og hvernig telja megi þá háttsemi refsiverða.

[Undirstrikun höfundar]

Hæstiréttur gerir þarna ítarlega grein fyrir inntaki c-liðar 1. mgr. 116. gr. opl., nú c-liður 1. mgr. 152. gr. sml., og að mati höfundar verður vart betur að orði komist um tilgang verknaðarlýsingar í ákæruskjali.

Í Hæstaréttardómi í máli nr. 17/2002 staðfesti Hæstiréttur dóm héraðsdóms, með vísan til forsendna, um að vísa ætti ákærinni í málinu frá dómi vegna annmarka á henni.

Hrd. 17/2002 X var ákærður fyrir umboðssvik skv. 249. gr. hgl. með því að hafa í starfi sínu sem framkvæmdarstjóri hjálpar- og lánasjóðs, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé sjóðsins í stórfellda hættu með lánaveitingum til sjálfs sín og ónafngreindra aðila án trygginga. X krafðist þess fyrir dómi að málinu yrði vísað frá dómi. Í úrskurði héraðsdómara er tekið fram að í ákæru séu umræddar lánaveitingar ekki skilgreindar á nokkurn hátt, ef frá er talin skipting fjárhæðar eftir árum. Einnig sé tilgreining lántaka ekki nákvæmari en svo að í hlut hafi átt X og ónafngreindir aðilar. Í ákærinni þótti bresta mjög á glögga skilgreiningu

¹⁰⁸ *Alþingistíðindi*, A-deild 1948, bls. 78.

sakarefnis og var ákæran ekki talin fullnægja skilyrðum c-liðar 1. mgr. 116. gr. opl.¹⁰⁹ Í forsendum dómsins sagði svo: „Ákæra og málatilbúnaður ákærvaldsins er samkvæmt þessu með verulegum annmörkum og verður að gera [...] ráð fyrir að málsvörn ákærða geti orðið áfátt af þeim sökum.“

[Undirstrikun höfundar]

3.4. Verknaðarlýsing í ákæruskjali

Nú þegar búið er að skýra út hver tilgangur ákæru er verður hér gerð grein fyrir verknaðarlýsingu í ákæruskjali. Greint verður almennt frá verknaðarlýsingu og hvað hún eigi að innihalda.

Verknaðarlýsing í ákæruskjali á almennt séð að vera stutt. Engin gild ástæða er fyrir því að hafa verknaðarlýsingu í ákæruskjali lengri en nauðsyn krefur, og er mikilvægt að mati höfundar að ákærendur hafi það í huga við samningu ákæru. Verknaðarlýsing þarf þó að vera nógu ítarleg til þess að málsgrundvöllurinn teljist skýr og um leið þannig úr garði gerð að ákærði geti gert sér grein fyrir þeim sökum sem hann er borinn.¹¹⁰ Ákæra á því að vera hnitmiðuð, tiltölulega stutt og vel skiljanleg. Óþarfa málalengingar auka einungis líkurnar á því að verknaðarlýsing verði ruglingsleg, ónákvæm og þar af leiðandi ekki nógu skýr. Slík niðurstaða vinnur gegn tilgangi verknaðarlýsingar og markmiði a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE því erfiðara getur þannig verið fyrir ákærða að átta sig á því hvaða sökum hann er borinn.

Hlutverk ákærandans er að klæða tiltekna háttsemi sakbornings, sem lýst er í gögnum máls, í búning tiltekins refsíákvæðis. Mikilvægt er að sú háttsemi sem ákært er fyrir sé nákvæmlega tilgreind í ákæruskjali, enda má hvorki dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæruskjalinu greinir, né dæma aðrar kröfur á hendur honum en þar greinir.¹¹¹ Líkt og fram kom í kafla 3.3.1. hér að framan, ber ákærvaldinu að sjá til þess að ákæruskjalið sé þannig úr garði gert að það geti orðið grundvöllur efnismeðferðar fyrir dómi. Til að það sé mögulegt verður verknaðarlýsing ákæruskjalsins að uppfylla ákveðin lágmarksskilyrði, líkt og sjá má af þeim dómareifunum sem gerðar voru í kafla 3.3.1. Í ákæruskjali þarf svo að vera til staðar ákveðið samræmi milli verknaðarlýsingar ákæruskjalsins og verknaðarlýsingar þess refsíákvæðis sem heimfæra á brotið undir. Þannig þarf verknaðarlýsing ákærunnar að endurspeglar verknaðarlýsingu þess refsíákvæðis sem talið er að

¹⁰⁹ Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarferli*, bls. 255.

¹¹⁰ Málþing Lögfræðingafélags Íslands 22. september 2006, „Nýtt réttarfar í sakamálum“. Erindi Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hrl.

¹¹¹ Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*, bls. 182.

brotið hafi verið gegn. Ákæran, og þar af leiðandi verknaðarlýsing hennar, þarf að vera tæmandi um þá meintu refsiverðu háttsemi háttsemi sem ákært er fyrir. Í því felst að verknaðarlýsing ákærunnar verður þannig að svara til allra efnisþátta verknaðarlýsingar hlutaðeigandi refsíákvæðis. Að öðrum kosti er ekki um að ræða brot gegn umræddu ákvæði.¹¹²

3.4.1. Afleiðingar þess ef verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi

Líkt og fram hefur komið gegnir verknaðarlýsing í ákæruskjali gríðarlega mikilvægu hlutverki og má segja að c-liður 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála sé þungamiðja og kjarni ákvæðisins. Af þeirri umfjöllun sem farið hefur fram hér að framan er ljóst að gerð eru ströng skilyrði fyrir því að verknaðarlýsing ákæruskjals sé í samræmi við lög. Því er mikilvægt að þeirri spurningu sé velt upp hvaða afleiðingar það hefur fyrir málið ef verknaðarlýsing í ákæruskjali uppfyllir ekki þau skilyrði sem hún þarf að gera. Ljóst er að dómarrar hafa nokkur úrræði og geta eftir atvikum sýknað ákærða á grundvelli þess að sakir séu ekki sannaðar, ef mál hefur verið tekið til efnislegrar meðferðar. Í sumum tilvikum hafa dómstólar látið nægja að setja fram aðfinnslur en engu að síður tekið málið til efnismeðferðar og sakfelld ákærða. Að lokum geta dómstólar, ef talið er að málatilbúnaður ákæruvaldsins sé haldinn miklum annmörkum og uppfylli ekki ákveðnar formkröfur, vísað máli frá í heild sinni, eða að hluta til. Til að skýra þessar ákvarðarnir Hæstaréttar verða í þessum kafla reifaðir nokkrir dómarr réttarins sem fallið hafa um þetta álitafni.

3.4.1.1. Ófullnægjandi verknaðarlýsing í ákæruskjali leiðir til sýknu ákærða

Hæstiréttur hefur í þó nokkrum málum sýknað ákærða vegna þess að verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi. Hér verða reifaðir nokkrir slíkir dómarr.

Hrd. 504/1999 R var ákærður fyrir brot á lækna­lögum nr. 53/1988, þar á meðal gegn 22. gr. laganna, sem kveður á um bann við skottulækningum. R var ákærður fyrir að hafa látið birta tilkynningu þess efnis um opnun starfsstöðvar, þar sem hann auglýsti sig sem „Doctor of Oriental Medicine“ og að sérgrein hans væri austræn læk­nisfræði, án þess að hafa öðlast rétt til þess að stunda lækningar hér á landi og kalla sig lækni. R var sakfelldur fyrir þetta brot í héraði, en þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem hann var sýknaður. Hæstiréttur segir meðal annars í dómi sínum: „Þegar auglýsingin er lesin í heild sinni getur

¹¹² Málþing Lögfræðingafélags Íslands 22. september 2006, „Nýtt réttarfar í sakamálum“. Erindi Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hrl.

ekki vafist fyrir lesanda að fram boðin þjónusta ákærða felst í svokölluðum óhefðbundnum lækningum. Breytir því ekki þótt í niðurlagi hennar segir að ákærði taki að sér nýja sjúklinga, en það atriði kemur þó ekki til álita þar eð ákæra nær ekki til þess háttar í auglýsingunni.“ Heldur rétturinn svo áfram: „Í 22. gr. læknalaga er lagt bann við skottulækningum. Þær eru skilgreindar svo í téðu ákvæði að það sé þegar sá, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögnum, býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega einir selja. Miðað við verknaðarlýsingu í ákæru verður ekki á það fallist að sú háttsemi, sem þar er lýst, feli í sér brot á þessu lagaákvæði.“

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 345/2004 X var gefin að sök hlutdeild í þremur þjófnaðarbrotum sem meðákærðu í héraði voru sakfelldir fyrir. Var X í öllum tilvikum sakfelldur í héraði fyrir brot gegn 1. mgr. 244. gr. hgl. sbr. 1. mgr. 22. gr. hgl., líkt og krafist var í ákæru. Héraðsdómnum var áfrýjað til Hæstaréttar sem sýknaði X af fyrrgreindum sakargiftum. Málavextir voru þeir að um var að ræða þjófnað á tveimur vélsleðum af víðavangi á tilteknu svæði, talstöð úr bifreið og víraspili af bifreið. Um fyrra ákæruatriðið sagði Hæstiréttur að X hefði staðfastlega neitað því að hafa vitað að ferð sem hann fór ásamt meðákærðu væri farin til að taka snjósleða ófrjálsri hendi. Hæstiréttur benti svo á að niðurstaða héraðsdóms væri eingöngu reist á framburði meðákærða Y fyrir dómi, sem taldi X vita þetta. Taldi rétturinn því ekki að fram væri komin lögfull sönnun um að X hefði gerst sekur um þá háttsemi sem honum væri gefin að sök. Í seinna ákæruatriðinu, var X talinn hafa gerst sekur um hlutdeild í umræddu þjófnaðarbroti, sem lýst var svo í ákæru: „með því að hafa, veitt meðákærða Y, liðsinni í verki, með því að aka honum að Gullteig 26, vitandi um fyrirátun hans um að brjótast inn í ofangreinda bifreið.“ Hæstiréttur segir eftirfarandi um þetta ákæruatriði: „Í hinum áfrýjaða dómi er ekki gerð fullnægjandi grein fyrir forsendum sakfellingar ákærða fyrir þetta brot. Verður þó ráðið af dómnum að hún sé byggð á framburði, sem ákærði gaf fyrir lögreglu, en hvarf frá fyrir dómi, þess efnis að hann hafi vitað vel, þegar Y kom með talstöðina í bílinn, að hún væri stolin. Þessi framburður ákærða hjá lögreglu felur ekki í sér játningu sem svarar til verknaðarlýsingar ákærunnar. Eins og henni er háttað er ekki heimilt samkvæmt 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 að taka til athugunar í málinu, hvort ákærði kunni að hafa gerst sekur um brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga með því að aka meðákærða á brott frá brotstaðnum, enda verknaðarlýsingin bundin við akstur að honum. Verður ákærði því þegar af þessari ástæðu sýknaður af broti samkvæmt þessum kafla ákærunnar.“ Átti það því einnig við um þriðja ákæruatriðið.

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 357/2005 Í málinu var sýknað að hluta. S var meðal annars ákærð fyrir skjalafals skv. 1. mgr. 155. gr. hgl og brot gegn lögum nr. 96/2002 um útlendinga með því að hafa, þegar hún kom hingað til lands undir röngu nafni, haft meðferðis vegabréf bresks ríkisborgara, með því nafni sem hún hefði vitað að hefði verið falsað. S var sakfelld fyrir þessi brot í héraði.¹¹³ Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar sem komst svo að orði um fyrrgreind ákæruatriði: „Ákærða var með hinum áfrýjaða dómi sakfelld fyrir að hafa haft meðferðis við komuna til landsins falsað vegabréf [...]. Var brotið talið varða við h-lið 2. mgr. 57. gr. laga um útlendinga nr. 96/2002 og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Hún unir þessari niðurstöðu. Fyrir Hæstarétti benti ákæruvaldið á að verknaðarlýsing brotsins í ákæruskjali félli ekki undir efnislýsingu 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, þar sem ekki væri uppfyllt það skilyrði ákvæðisins að skjalið hefði verið notað. Allt að einu var krafist af þess hálfu staðfestingar á niðurstöðu héraðsdóms. Á það er fallist með ákæruvaldinu að verknaðarlýsingu í þessum kafla ákæru sé áfátt, enda er þar einvörðungu lýst að ákærða

¹¹³ Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarhari*, bls. 391 – 392.

hafi haft meðferðis umrætt vegabréf, en þess hvergi getið að hún hafi framvísað því eða notað það, en brot samkvæmt 155. gr. almennra hegningarlaga er fyrst fullframið þegar skjal er notað. Verður háttsemi hennar því eingöngu felld undir h-lið 2. mgr. 57. gr. laga nr. 96/2002 [...].“

[Undirstrikun höfundar]

Af ofangreindum dómum má ráða að Hæstiréttur hefur sýknað ákærða þar sem verknaðarlýsing er ófullnægjandi á þann veg að hún endurspeglar ekki verknaðarlýsingu þess refsíákvæðis sem talið er að hafi verið brotið gegn.

3.4.1.2. Verknaðarlýsing í ákæruskjali ekki talin nægilega skýr án þess að máli sé vísað frá dómi

Líkt og fram kom í kafla 3.3. getur dómari sakfelld ákærða þótt aukaatriði brots, svo sem staður og stund þess, séu ekki skýrt eða rétt greind svo lengi sem hann telur að vörn ákærða hafi ekki verið áfátt þess vegna. Verða hér reifaðir þrjú dómur Hæstaréttar, þar sem verknaðarlýsing í ákæruskjali er ekki talin nægilega skýr, án þess að máli hafi þó verið vísað frá héraðsdómi.

Hrd. 448/1997 Í málinu var K ákærður fyrir margþætt tékkamisferli og voru brotin ýmist talin varða við 248. gr. eða 249. gr. hgl. K gekkst við þeim sakargiftum fyrir dómi og var því sakfelldur í héraði fyrir þau brot. Héraðsdómnum var áfrýjað til Hæstaréttar og krafðist K þess aðallega að málinu yrði vísað frá héraðsdómi eða hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað. Í dómi Hæstaréttar er gerð grein fyrir margvíslegu misræmi á milli verknaðarlýsingar í ákæru og gagna málsins.¹¹⁴ Um það segir Hæstiréttur orðrétt: „Samkvæmt því, sem að framan greinir, er misræmi um allmörg atriði á milli ákæru og gagna málsins. Í flestum tilvikum má telja augljóst, að misritun hafi orðið í ákæru eða önnur mistök við undirbúning hennar. Í öðrum tilvikum kunna að vera skýringar á misræmi, en af hálfu ákæruvalds hafa þær ekki verið færðar fram. Um afleiðingar af þessu verður að líta til þess, að við nokkuð ítarlega skýrslugjöf ákærða hjá lögreglu lágu fyrir áður nefndar tékkaskrár ásamt tékkunum, sem þar eru taldir upp. Ákærði viðurkenndi þar í öllum atriðum háttsemi sína, svo sem hann gerði einnig fyrir héraðsdómi. Sum atriðin, sem mishermi er um í ákæru, varða aukaatriði brota, svo sem stað og stund þeirra. Mistök um þau hafa á engan hátt orðið til þess, að vörn ákærða hafi orðið áfátt, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Að því leyti, sem misræmis gætir um fjölda tékka og heildarfjárhæð, má telja, að sama máli gegni, enda verði það misræmi metið ákærða í hag. Að öllu þessu gættu er ekki næg ástæða til að verða við aðalkröfu ákærða um, að málinu verði vísað frá héraðsdómi, en átelja verður ákæranda í héraði fyrir þau margháttuðu mistök, sem urðu við gerð ákæru.“

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 180/2005 M og S voru ákærðir fyrir líkamsárásir skv. 1. mgr. 117 gr. hgl., inni á tilteknum skemmtistað, með því að hafa ráðist að starfsmönnum skemmtistaðar með höggum og spörkum er þeir hugðust vísa þeim út vegna slagsmála. Í héraði voru M og S sýknaðir af sakargiftum um líkamsárás á A, en hvor um sig hins vegar sakfelldur fyrir

¹¹⁴ Sama heimild, bls. 151.

líkamsárás á B.¹¹⁵ Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar og gerði rétturinn eftirfarandi athugasemdir um ákærana: „Samkvæmt rannsókn lögreglunnar sem lá fyrir við útgáfu ákærunnar, höfðu umræddir tveir starfsmenn veitingahússins [A og B] hlotið meiðsli að mestu leyti í átökunum utan dyra þess, eftir að ákærðu hafði verið vísað þaðan út. Ónákvæmni gætir því í ákærunni þegar sagt er að þetta hafi gerst, þegar starfsmennirnir hugðust vísa ákærðu út af staðnum. Þá er í ákærunni rætt um líkamsárás, þó að ætlaðir þolendur væru tveir og ljóst af gögnum málsins, að ákærðu voru að mestu leyti taldir hafa valdið meiðslum manna hvort í sínu lagi. Þrátt fyrir þessa annmarka á ákærunni þykir, með vísan til 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, mega leggja dóm á málið með þeirri greiningu á sakarefninu, sem felst í hinum áfrýjaða dómi, þar sem ætluð brot hvors ákærðu um sig voru aðgreind og einnig ætlaðar árásir á hvorn framangreindra manna. Er þá meðal annars haft í huga, að annmarkar þessir hafa ekki haft þau áhrif á vörn ákærðu að henni hafi orðið áfátt af þeim sökum.“

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 325/2003 A og B voru sakaðir um skjalafals og fjársvik með því að hafa blekkst viðskiptavini í nánar tilgreindum tilvikum til að kaupa fölsuð myndverk, sem þeir hafi átt þátt í fölsun á. Voru þeir því ákærðir fyrir merkjabrot skv. 3. mgr. 159. gr. hgl. og fjársvik skv. 248. gr. hgl. A og B voru sakfelldir fyrir hluta brotanna í héraði, en þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem A krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá héraðsdómi. Sú krafa byggðist á því að unnt hefði verið að rannsaka þau ákæruatriði, sem til meðferðar voru, áður en ákæra var gefin út í eldra máli á hendur honum, en A var með dómi Hæstaréttar árið 1999 sakfelldur fyrir sams konar brot í þremur nánar tilgreindum tilvikum. Talið var óhjákvæmilegt að líta til þess að málið væri umfangsmikið og ekki fljótrannsakað. Yrði það að vega þyngra en sjónarmið A um drátt á rannsókn og um rétt hans til þess að dæmt yrði um allar sakir á hendur honum í einu lagi. Hæstiréttur staðfesti því þá niðurstöðu héraðsdóms um að hafna kröfu A um frávísun málsins frá dómi. Í Hæstaréttardómnum er vikið að verknaðarlýsingu ákæru með eftirfarandi orðum: „Við flutning málsins fyrir Hæstarétti hefur af hálfu ákæruvaldsins ekki verið leitast við að sýna fram á að ákærðu hafi hvort um sig í einhverju tilviki falsað sjálfir eða fengið aðra til að falska fyrir sig nánar tiltekin myndverk. Því er á hinn bóginn haldið fram [að] ákærðu hafi ekki getað hafi ekki getað dulist að einstök myndverk, sem hvorn þeirra varða, hafi verið boðin til sölu með falsaðri höfundarmerkingu, en með því hafi þeir hagnýtt sér rangar hugmyndir kaupenda og eftir atvikum haft af þeim fé. Verður að líta svo á að háttsemi, sem þannig er lýst, falli nægilega innan verknaðarlýsingar ákæru, sbr. 1. mgr. 117. gr. laga nr. 19/1991.“

[Undirstrikun höfundar]

Í fyrri tveimur dómunum, það er Hrd. 448/1997, og Hrd. 180/2005, er verknaðarlýsing ákæruskjalsins ófullnægjandi en málin eru engu að síður tekin til efnismeðferðar þar sem dómurinn telur að vörn ákærðu hafi ekki orðið áfátt af þeim sökum. Sú niðurstaða er að mörgu leyti í samræmi við þann tilgang verknaðarlýsingar ákæruskjals að gera ákærða grein fyrir þeim sökum sem hann er borinn til að hann geti tekið afstöðu til þeirra sakargifta og í framhaldi haldið uppi vörnum í dómsmálinu. Hins vegar er ákvæði a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE skýrt, og einnig ákvæði íslenskra laga um hvað tilgreina skuli í ákæru. Því er það að vissu leyti áhyggjuefni að dómstólar geti tekið matskennda ákvörðun um það hvenær

¹¹⁵ Sama heimild, bls. 386.

verknaðarlýsing í ákæruskjali sé það ófullnægjandi að hún komi niður á vörnum ákærða. Í þriðja dómnum sem reifaður er í þessum kafla, það er Hrd. 325/2003, kemur þetta áhyggjuefni enn skýrar fram. Þar er hnýtt í verknaðarlýsingu ákæruskjalsins, og gefið í skyn að hún sé ekki fullnægjandi en engu að síður er komist að þeirri niðurstöðu að háttsemin, sem lýst er í ákæru, falli innan verknaðarlýsingar ákæru, sbr. 1. mgr. 117. gr. opl., án fullnægjandi rökstuðnings að mati höfundar.

3.4.1.3. Verknaðarlýsingu í ákæruskjali svo ábótavant að vísa þarf máli frá dómi

Líkt og fyrr hefur verið greint frá er tilgangur ákæru annars vegar að leggja grundvöll að málatilbúnaði ákæruvaldsins og málinu í heild, og hins vegar að gera ákærða grein fyrir því í smáatriðum, hvert sé eðli og orsök sakargifta á hendur honum, til að hann geti tekið afstöðu til þeirra og haldið uppi vörnum. Ef verknaðarlýsing ákæru er svo ónákvæm eða ruglingsleg að málsgrundvöllur telst óljós getur það leitt til frávísunar ákæru. Að sama skapi getur það leitt til frávísunar ákæru ef efni ákæru er með þeim hætti að það þykir geta komið niður á möguleikum sakbornings til að halda uppi vörnum í málinu. Þetta virðist vera algeng leið dómstóla þegar umrædda annmarka er að finna í ákæruskjali. Verða hér reifaðir nokkrir dómur Hæstaréttar þegar verknaðarlýsingu ákæruskjals er talin vera svo ábótavant að vísa þarf málinu frá héraðsdómi.

Hrd. 110/1993 S var ákærður fyrir ólöglega sölu áfengis samkvæmt þágildandi áfengislögum, nr. 82/1969. Í héraði var S dæmdur til greiðslu sektar og gert að þola upptöku á þremur lítrum af áfengi, sem lögreglan lagði hald á við rannsókn málsins. Dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem S krafðist þess aðallega að ákæru málsins yrði vísað frá héraðsdómi og öll meðferð málsins fyrir héraðsdómi yrði ómerkt og að hinn áfrýjaði dómur felldur úr gildi.¹¹⁶ Í dómi Hæstaréttar segir orðrétt: „Í ákæru í máli þessu kemur hvorki fram, hvar né hvenær brot þau, sem ákærða eru gefin að sök, voru framin. Er það í brýnni andstöðu við c-lið 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra. Verknaðarlýsing ákæru er afar óljós. Þar er ákært fyrir að „selja allt að 180 lítra af áfengi á kr. 1.500 ... og allt að 100 lítra á kr. 1.600 ...“ Ekki kemur fram, við hvað tilgreining söluverðs er miðuð eða um hvers konar áfengi var að ræða, og aðeins er kveðið á um hámark áfengismagnsins, en ekki lágmark þess. Var ákæran alls ekki tæk til efnismeðferðar, og mátti héraðsdómari ekki gefa út fyrirfall samkvæmt 120. gr. laga nr. 19/1991, heldur bar honum að vísa málinu frá ex officio frá dómi, sbr. 3. mgr. 119. gr. sömu laga. Samkvæmt framansögðu ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla málsmeðferð í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.“

[Undirstrikun höfundar]

¹¹⁶ Sama heimild, bls. 41.

Hrd. 317/1998 S, Ó, E og I, voru meðal annars ákærðir fyrir brot á lögum nr. 145/1994 um bókhald, sbr. 2. mgr. 262. gr. hgl., vegna viðskipta sinna með aflaheimildir. Voru þeir sakfelldir í héraði og þeim gert að greiða sektir. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem ákærðu kröfðust þess aðallega að 1. kafla ákærunnar á hendur þeim yrði vísað frá dómi. Í dómi Hæstaréttar kemur fram að telja verður af málf lutningi ákæruvalds fyrir réttinum að grundvöllur ákæruafna séu lagareglur um aflamark, sbr. þágildandi lög um stjórn fiskveiða, nr. 38/1990, og um skiptaverðmæti, sbr. lög nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Samkvæmt þessum lagaheimildum hafi R (Reiknistofa fiskmarkaða hf.) ekki mátt vera handhafi aflamarks og hafi Útgerðarfélagið H hf. orðið að vera hinn raunverulegi kaupandi. Hafi borið að færa viðskiptin í samræmi við það í bókhaldi fyrirtækjanna.¹¹⁷ Segir svo síðar í dómnum orðrétt: „Í I. kafla ákæru er ákærðu öllum gefið að sök að hafa „látið undir höfuð leggjast að færa bókhaldsatriði viðskiptanna“ í bókhaldi ofangreindra tveggja hlutafélaga. Í II. kafla er ákærðu Ó, E og I ákærðir fyrir útgáfu þriggja rangra afreikninga, eins og þar er nánar lýst. Hvorugt þessara ákæruatriða er þannig fram sett að skírskotað sé til þess lagagrundvallar, sem ákæruvaldið byggir á í málf lutningi sínum, og verður þetta ekki ráðið af verknaðarlýsingum. Þannig sést til dæmis ekki, þegar I. kafli ákæru er lesinn sjálfstætt, hver sé grundvöllur þess að bókhald verði ekki talið réttilega fært. Skortir þar með verulega á skilgreiningu þess bókhaldsbrots, sem ákært er fyrir. Í ákærunni er og ekki getið stöðu ákæru Ó, E og I hvers um sig hjá R hf. með tilliti til refsíabyrgðar á þeirri háttsemi, sem ákært er fyrir, og framkvæmd var í nafni hlutafélagsins. – Ofangreind framsetning ákæruatriða fullnægir ekki áskilnaði c-liðar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þótt III. kafli ákærunnar sé ekki háður sömu annmörkum og hinir tveir, eru þeir allir svo tengdir innbyrðis, að ekki þykir rétt að dæma um hann einan og sér. Er því óhjákvæmilegt að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákærunni í heild frá héraðsdómi.“

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 17/2002 Málavextir dómsins eru reifaðir í kafla 3.3.1. og vísast til þeirra. Hæstiréttur vísaði í úrskurð héraðsdómara um að í ákæru bresti mjög á glögga skilgreiningu sakarefnis og fullnægi ákæran því ekki skilyrðum c-liðar 1. mgr. 116. gr. opl. Einnig kom fram í úrskurðinum að ákæra og málatilbúnaður ákæruvaldsins væri haldin verulegum annmörkum og yrði að gera ráð fyrir að málsvörn X gæti orðið áfátt af þeim sökum og þar af leiðandi varð að vísa ákærunni frá dómi. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með vísun til forsendna hans.

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 420/2005 Málavextir dómsins (fyrrí ákæran í „Baugsmálinu“) eru reifaðir í kafla 3.3.1. og vísast til þeirra. Í þessu máli bendir Hæstiréttur á að verknaðarlýsing í ákæruskjali verður að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni einni hvaða refsiverð háttsemi honum er gefin að sök og hvaða refsilagaákvæði hann er talinn hafa brotið, án þess að slík tvímæli geti verið um það að með réttu verði honum ekki talið fært að taka afstöðu til sakargifta og halda uppi vörnum gegn þeim. Hæstiréttur heldur svo áfram og segir að ákæra verður að vera það skýr að dómara sé fært af henni einni að gera sér grein fyrir því um hvað ákærði er sakaður og hvernig megi telja þá háttsemi refsiverða. Í samræmi við þetta, og fleiri atriði sem rakin eru í fyrri reifun í kafla 3.3.1., kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að vísa yrði frá dómi ákæruafnum 1 – 32, meðal annars vegna þess að ýmist væri verknaðarlýsing í þeim ábótavant, annars vegar heimfærsla til refsíakvæða og hins vegar að tilgreining ætlaðra brota væri ekki í samræmi við verknaðarlýsingu.¹¹⁸ Ummæli í þessa átt voru svo gott sem gegnum gangandi í rökstuðningi fyrir frávísun hvers kafla sem vísað var frá. Frávísuninni einnig til stuðnings var talið að í mörgum tilvikum þótti ekki skýrt í hverju

¹¹⁷ Sama heimild, bls. 169.

¹¹⁸ Sama heimild, bls. 385.

þátttaka hvers og eins hinna ákærðu í hinum ætluðu brotum hefði átt að felast, auk þess sem verulega þótti skorta á skýrleika í framsetningu umræddra ákæruliða að öðru leyti.
[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 353/2006¹¹⁹ Í kjölfar þess að 32 ákæruliðum hafi verið vísað frá dómi í málinu hér að ofan, þá var gefin út ný ákæra á hendur X og Y, tveimur af þeim sex sem voru ákærðir í fyrra málinu, en auk þeirra tveggja var Z einnig ákærður í þessu máli. Ákærðu voru sakaðir um brot á almennum hegningarlögum, auk sérrefsilaga. Voru þeir ákærðir fyrir þessi brot í alls 19 ákæruliðum. Samkvæmt einum ákæruliðnum var X gefin að sök fjárvik skv. 248. gr. hgl., en til vara umboðssvik skv. 249. gr. hgl., í tengslum við viðskipti með hlutafé tveggja tilgreindra hlutafélaga. Þremmingarnir kröfðust þess fyrir dómi að málinu yrði vísað frá í heild sinni. Héraðsdómur hafnaði því, en sagði óhjákvæmilegt að vísa fyrrgreindum ákæruatriðum á hendur X frá dómi.¹²⁰ Orðrétt segir í úrskurðinum, sem kærður var til Hæstaréttar: „Í 1. lið ákæru er aðallega lýst viðskiptum með hlutafé sem ákærði á að hafa keypt og síðan selt A hf., allmörgum mánuðum síðar, án þess að láta þess getið að hann væri seljandinn. A hf. á að hafa greitt hærra verð fyrir hlutaféð en ákærði greiddi. Mismunurinn sé tap A hf. en verulegur hluti hans sé hagnaður ákærða og tilgreindra einkahlutafélaga, eins og lýst var. Því er ekki lýst í ákæruliðnum að ákærði hafi haft fé af A hf., heldur verður helst ráðið af honum að verið sé að lýsa því að A hf. kynni að hafa getað, eða hafi átt að geta, gert betri kaup ef ákærði hefði unnið að viðskiptunum á annan veg. Verknaðarlýsing ákæru er samkvæmt þessu ekki lýsing á fjárvikum heldur viðskiptum sem vera kann að hafi verið óhagstæð fyrir A hf. en hugsanlega hagstæð fyrir ákærða og aðra. Ákæran er því að þessu leyti ekki í samræmi við framangreint ákvæði c-liðar 116. gr. laga um meðferð opinberra mála“. Rétturinn taldi sem sagt að verknaðarlýsing ákærunnar fæli hvorki í sér lýsingu á fjárvikum né umboðssvikum. Staðfesti því Hæstiréttur hinn kærða úrskurð með vísun til forsendna hans.

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 330/2006 X fór til hreindýraveiða í september 2003 og naut leiðsagnar eftirlitsmannsins Z. Að tillögu Z voru hreindýr skotin á jörðinni E, sem var í eigu ríkisins, en ábúandi jarðarinnar hafði bannað veiðar á landinu. Í kjölfarið var svo höfðað opinbert mál, þar sem X var meðal annars gefið að sök hreindýradráp umrætt sinn í landi jarðarinnar E og Y hlutdeild í sama drápi, þrátt fyrir bann ábúandans. Í ákæru voru brot X og Y talin varða við tiltekin ákvæði í þágildandi lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og viðeigandi reglugerðum. Í héraðsdómi voru X og Y sakfelldir fyrir brot á lögnum, en fyrir öðrum ákvæðum en tilgreind voru í ákæru. Héraðsdómnum var áfrýjað til Hæstaréttar, þar sem X og Y héldu því fram að ekki væru uppfyllt skilyrði 117. gr. opl. svo sakfelld yrði fyrir önnur ákvæði laga og reglugerða en í ákæru greindi. Kröfðust þeir því sýknu. Þá var því einnig haldið fram af hálfu ákæruvaldsins að réttléga hefði átt að heimfæra brot þeirra X og Y til annarra lagaákvæða en gert hafði verið í hinum áfrýjaða dómi.¹²¹ Í dómi Hæstaréttar segir síðan orðrétt: „Í 116. gr. laga nr. 19/1991 segir frá efni ákæru. Samkvæmt c-lið 1. mgr. á að greina hvert brotið er, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærsla þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla sé því að skipta. Í 1. mgr. 117. gr. sömu laga segir að hvorki megi dæma ákærða fyrir aðra hegðun en þá sem í ákæru greinir né heldur dæma aðrar kröfur á hendur honum. Þó megi dæma eftir öðrum refsíákvæðum en í ákæru greinir hafi ákærða eða verjanda verið gefið færi á að tjá sig um sakaratriði og vörn verði þannig ekki áfátt að þessu leyti. Ákærðu mótmæla því að þetta hafi verið gert í héraði og fyrir Hæstarétti gerir ákæruvaldið auk þess athugasemdir við heimfærslu í héraðsdómi. Ekki er þess getið í

¹¹⁹ Seinni ákæran í „Baugsmálinu“.

¹²⁰ Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarfari*, bls. 427.

¹²¹ Sama heimild, bls. 449.

bókunum þinghalda í héraðsdómi að framangreinds ákvæðis 117. gr. hafi verið gætt. Gegn mótmælum ákærðu er það ósannað. – Að framan er því lýst að í ákærinni er ekki greint á milli þátta ákærðu í brotum og heimfærsla þeirra til refsíakvæða samræmist ekki efnislýsingu ákærunnar og verður hún því óskýr. Ákæruvaldið hefur hvorki sýnt fram á að undir rekstri málsins í héraði hafi verið úr þessu bætt né að það hafi verið unnt svo vörn málsins yrði ekki ábótavant. Verður því ekki komist hjá því að vísa máli þessu frá héraðsdómi.“

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 92/2007¹²² Þrír forstjórar þriggja olíufélaga, E, G og K voru ákærðir fyrir að hafa haft ólöglegt samráð, með það að markmiði að hafa áhrif á og koma í veg fyrir samkeppni á milli félaganna. Brotin voru talin varða við ýmis ákvæði samkeppnislaga nr. 44/2005, svo og eldri samkeppnislaga, nr. 8/1993. Málið átti rætur að rekja til rannsóknar Samkeppnisstofnunar, nú Samkeppniseftirlitið, sem starfaði samkvæmt síðarnefndu lögum. Í kjölfar þeirrar rannsóknar höfðu samkeppnisyfirlögd gert félögum, sem þremmingarnir voru í fyrirsvari fyrir, að greiða allháar stjórnvaldssektir. Við þingfestingu málsins kröfðust ákærðu þess að málinu yrði vísað frá dómi. Rökstuddu þeir frávisunarkröfuna með röksemdum í sex liðum, sem hver og ein átti, að þeirra álit, að leiða til þeirrar niðurstöðu sem krafist var. Héraðsdómur tók afstöðu til allra þeirra sex ástæðna sem fram voru bornar. Féllst héraðsdómur á þrjár þeirra og var málinu því vísað frá dómi. Frávísunarúrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar.¹²³ Meirihluti dómenda réttarins, þrír af fimm, staðfestu niðurstöðu héraðsdóms um að vísa því frá dómi. Gunnlaugur Claessen, einn af hæstaréttardómurum í málinu, skilaði sératkvæði og vildi vísa málinu frá dómi vegna annmarka á ákæru. Gunnlaugur var sammála umfjöllun I. og II. kafla dóms meirihluta réttarins, en taldi að ekki væru efni til að taka sérstaklega afstöðu til annarra ástæðna en þeirrar fyrstu, sem tilfærð var í bókun varnaraðila og laut að því að ákæran í málinu hafi ekki verið í samræmi við fyrirmæli laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Segir svo orðrétt í sératkvæðinu: „Samkvæmt c-lið 1. mgr. 116. gr. nefndra laga skal meðal annars greina í ákæru hvert brotið sé, sem ákært er út af, hvar og hvenær það er talið framið, heiti þess að lögum og önnur skilgreining og loks heimfærsla þess til laga og stjórnvaldsfyrirmæla ef því er að skipta. Til að fullnægja því, sem áskilið er í þessu ákvæði, verður verknaðarlýsing í ákæru að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni einni hvaða refsiverð háttsemi honum er gefin að sök og hvaða refsilagaákvæði hann er talinn hafa brotið, án þess að slík tvímæli geti verið um það að með réttu verði honum ekki talið fært að taka afstöðu til sakargrifa og halda uppi vörnum gegn þeim. – Í inngangi ákæru segir að varnaraðilum [E, G og K] séu gefin að sök brot gegn samkeppnislögum með því að hafa sem forstjórar þriggja olíufélaga haft ólöglegt samráð „ýmist sjálfir“ eða „fyrir milligöngu undirmanna sinna“ með tiltekin markmið fyrir augum. Í þeim 27 ákæruleiðum sem taka við af innganginum er verknaðarlýsing hins vegar orðuð með þeim hætti að olíufélagin þrjú hafi haft með sér nánar tilgreint ólöglegt samráð ýmist „fyrir tilstilli ákærðu“ eða „fyrir tilstilli ákærðu sjálfra og fyrir milligöngu undirmanna þeirra.“ Telja varnaraðilar að ósamræmi sé að þessu leyti milli inngangs ákærunnar og verknaðarlýsingar í einstökum ákæruleiðum. Sé ljóst, þegar orðalag í ákærinni sé brotið til mergjar, að í einstökum ákæruleiðum sé varnaraðilum í raun gefið að sök að hafa stuðlað að eða veitt aðstoð við brot olíufélaganna gegn samkeppnislögum, en samkvæmt inngangi ákærunnar séu það þeir sjálfir sem hafi brotið lögin.“ Féllst Gunnlaugur svo á þá niðurstöðu í hinum kærða úrskurði að misbrestur sé á því að brotin séu tilfærð á þann hátt að ætluð háttsemi áskærðu sjálfra sé svo skýr sem skyldi. Segir svo orðrétt í lok sératkvæðisins: „Í 116. gr. laga nr. 19/1991 er tæmandi talið það sem á að koma fram í ákæru. Nokkrir ákæruleiðir og þá einkum 8., 19., 20., 21., 22. og 23 liður hennar eru settir fram með þeim hætti að í upphafi er lýst því ólögmeta samráði sem

¹²² Málið hefur einnig verið nefnt „olíusamráðsmálið“ í opinberri umræðu.

¹²³ Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarfari*, bls. 451.

olíufélögunum er gefið að sök í formi samninga og samstilltra aðgerða og inntak þess rakið í stuttu máli. Þar á eftir er lýst nánar og að því virðist í dæmaskyni hvernig hið ólögsmæta samráð hafi átt sér stað. Er það í sumum tilvikum þannig að lýst er háttsemi ýmissa undirmanna varnaraðila í löngu máli og efni bréfa og samskipti á fundum rakin. Ekki er þörf á slíkri útlitun í ákæru, enda hefur áður verið gerð grein fyrir verknaðarlýsingu með ítarlegum hætti. Felst í þessu skriflegur málfutningur af hálfu sóknaraðila sem brýtur gegn meginreglunni um jafnræði málsaðila. – Að virtum þeim annmörkum á ákæru í heild sinni, sem að framan greinir, verður ekki komist hjá að staðfesta niðurstöðu hins ákærða úrskurðar.“

[Undirstrikun höfundar]

Líkt og sjá má af þessum dómum Hæstaréttar hefur málum í fjölmörgum tilvikum verið vísað frá dómi sökum þess að verknaðarlýsingu í ákæruskjali er ábótavant og vörn ákærða geti orðið áfátt þess vegna. Einnig má hér nefna fleiri dóma, til að mynda Hrd. 96/1993, Hrd. 68/1994, og Hrd. 142/2004 svo einhverjir séu nefndir.

3.5. Frávísun máls frá dómi eða sýknudómur

Hér að ofan hafa verið reifaðir dómur þar sem verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi. Niðurstaða þeirra mála hefur verið með þeim hætti að ýmist hafa verið kveðnir upp sýknudómar eða máli hefur verið vísað frá dómi. Þá voru tekin dæmi um mál þar sem verknaðarlýsing var ófullnægjandi en málin engu að síður tekin til efnismeðferðar og sakfelld á endanum. Í þeim tilvikum taldi dómurinn að vörn ákærðu hafi ekki orðið áfátt þótt misræmis hafi gætt í verknaðarlýsingu í ákæruskjali. Dómararnir hafa þá látið nægja að setja fram ákveðnar aðfinnslur varðandi málatilbúnað ákæruvaldsins. Fullkomlega ljóst er þó að ef verknaðarlýsingu í ákæruskjali er svo ábótavant að það kann að koma niður á vörnum ákærða þá þarf að vísa máli frá dómi, eða sýkna eftir atvikum, og er það í samræmi við Mannréttindasáttmála Evrópu. Óhjákvæmilegt er þó að velta upp þeirri spurningu hvað veldur því hvort kveðinn er upp sýknudómur í máli eða því sé vísað frá. Í raun er ekki hægt að draga neina beina línu í þeim efnum og ekki einfalt að segja til um það. Því til frekari skýringar má vísa í eftirfarandi tvo Hæstaréttardóma.

Hrd. 504/1999 Málavextir dómsins eru reifaðir í kafla 3.4.1.1. og vísast til þeirra að hluta. Í málinu var X sakfelldur í héraði fyrir brot á læknaöllum en sýknaður í Hæstarétti. Hæstiréttur komst svo að orði: „Í 22. gr. læknaöllum er lagt bann við skottulækningum. Þær eru skilgreindar svo í téðu ákvæði að það sé þegar sá, sem ekki hefur leyfi samkvæmt lögum, býðst til þess að taka sjúklinga til lækninga, gerir sér lækningar að atvinnu, auglýsir sig eða kallar sig lækni, ráðleggur mönnum og afhendir þeim lyf, sem lyfsalar mega einir selja. Miðað við verknaðarlýsingu í ákæru verður ekki á það fallist að sú háttsemi, sem þar er lýst, feli í sér brot á þessu ákvæði.“ Hæstiréttur taldi samkvæmt þessu að verknaðarlýsingin endurspegladi ekki verknaðarlýsingu ákvæðisins sem ákæruvaldið taldi X

hafa brotið gegn.

[Undirstrikun höfundar]

Hrd. 353/2006 Málavextir dómsins (seinni ákæran í „Baugsmálinu“) eru reifaðir í kafla 3.4.1.3. og vísast til þeirra að hluta. X var gefin að sök fjársvik skv. 248. gr. hgl., en til vara umboðssvik skv. 249. gr. hgl. Í úrskurði héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna hans segir orðrétt: „Verknaðarlýsing ákæru er samkvæmt þessu ekki lýsing á fjársvikum heldur viðskiptum sem vera kann að hafi verið óhagstæð fyrir A hf. en hugsanlega hagstæð fyrir ákærða og aðra. Ákæran er því að þessu leyti ekki í samræmi við framangreint ákvæði c-liðar 116. gr. laga um meðferð opinberra mála.“ Hæstiréttur taldi samkvæmt þessu að verknaðarlýsingin endurspegladi hvorki verknaðarlýsingu fjársvikaákvæðisins né umboðssvikaákvæðisins.

[Undirstrikun höfundar]

Í báðum þessum dómum er komist að því verknaðarlýsing í ákæruskjali endurspeglar ekki verknaðarlýsingu þess ákvæðis sem ákærvaldið telur að hafi verið brotið gegn. Í fyrri dómnum er ákærði sýknaður en í seinni dómnum er málinu hins vegar vísað frá dómi.

Af þeim dómum sem reifaðir eru í kafla 3.4.1.1. - 3.4.1.3. má þó helst ráða að þegar verknaðarlýsing í ákæruskjali uppfyllir ekki þá efnisþætti sem gerð er krafa um í verknaðarlýsingu ákvæðisins þá sé sýknað. Hins vegar þegar framsetning ákæruliða veldur ruglingi, með því að ósamræmi ríkir á milli gagna málsins og verknaðarlýsingar ákæruskjals, eða málatilbúnaður ákærvaldsins er óskýr og vörn ákærða geti orðið áfátt þess vegna, þá sé máli vísað frá dómi. Til að varpa betra ljósi á þetta álitaefni verður hér gerð grein fyrir eftirfarandi tveimur Hæstaréttardómum.

Hrd. 509/2004 X var ákærður fyrir brot á 2. mgr. 262. gr. hgl., sbr. ýmis brot á sérrefsilögum, þar á meðal þágildandi lögum um ársreikninga, nr. 144/1994 og lögum nr. 18/1997 um endurskoðendur, fyrir að hafa vanrækt skyldur sínar sem löggiltur endurskoðandi með því að hafa áritað ársreikninga tiltekins tryggingarsjóðs (Tryggingarsjóðs lækna) á nánar tilgreindu árabili, án fyrirvara og með yfirlýsingu um að þeir gæfu glögga mynd af efnahag og breytingu á eign, án þess að hafa aflað fullnægjandi gagna til að byggja slíkt álit á og kannað nægilega fyrirliggjandi gögn. Málavextir voru þeir að L, framkvæmdarstjóri T, hafði játað að hafa dregið sér fé úr sjóðnum á umræddu tímabili, án þess að það kæmi fram í ársreikningum hans. L hélt því svo fram að X hefði áritað reikninga sjóðsins í þeirri trú að ekkert athugasemdir væri við rekstur hans. Héraðsdómur sýknaði X, en þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Hæstiréttur gerir margvíslegar athugasemdir við rannsókn málsins.¹²⁴ Segir Hæstiréttur orðrétt: „Auk þess, sem að framan greinir, er til þess að líta að verknaðarlýsing í ákæru er verulegum annmörkum háð. Þannig er ákærða gefið þar meðal annars að sök að hafa á árunum 1993 til 2001 ekki gætt góðrar endurskoðunarvenju og brotið á þann hátt gegn tilgreindum lagaákvæðum með því að „hafa ekki kannað á fullnægjandi hátt gögn sem lágu að baki skuldabréfalistum sem fyrir hann voru lagðir á umræddu tímabili“. Er þar ekkert frekar vikið að því um hvaða gögn gæti hér verið um að ræða eða hvað hefði átt að mega finna í þeim, hversu oft þetta var talið hafa gerst og þá hvenær á níu ára tímabili, í hverju ætluð háttsemi

¹²⁴ Sama heimild, bls. 374 – 375.

ákærða fólst nánar í hvert skipti og hvað skorti þá á að störf hans teldust fullnægjandi. Önnur atriði, sem tilgreind eru í upptalningu fjögurra liða í ákæru, eru þessu sama merki brennd.“

[Undirstrikun höfundar]

Vegna þessara annmarka á ákærunni þótti ófært að fella efnisdóm á málið, enda ákærusmíðin hvorki í samræmi við a-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmálans né í samræmi við c-lið 1. mgr. 116. gr. opl. Orðalagið „ekki kannað á fullnægjandi hátt“ er ekki heppilegt í verknaðarlýsingu og er einfaldlega of opið og ekki nægilega afmarkað. Málinu var því vísað frá héraðsdómi. Lögregla tók svo málið upp aftur og hóf nýja rannsókn á því. Því var mótmælt af hálfu X og fór málið fyrir Hæstarétt.

Hrd. 480/2005 X krafðist þess fyrir dómi að lögreglu væri óheimilt að hefja að nýju rannsókn á sakarefnum sem voru grundvöllur ákæru á hendur honum í opinberu máli, en það mál hafði sætt frávísun frá dómi vegna ágalla á rannsókn og annmarka á ákæru, sbr. **Hrd. 509/2004**.¹²⁵ Í úrskurði héraðsdóms segir síðan orðrétt: „Úrskurð héraðsdóms um frávísun máls frá dómi er unnt að bera undir Hæstarétt með málskoti á grundvelli 1. mgr. 142. laga nr. 19/1991. Svo sem hin tilvitnuðu ákvæði bera með sér skal jafnan líta til þess á fyrstu stigum meðferðar máls eftir útgáfu ákæru hvort slíkir gallar séu á málatilbúnaði ákæruvalds að leiða til frávísunar máls. Tilgangur frávísunar við slíkar aðstæður er að gefa ákæruvaldi færi á að lagfæra grundvöll málsins, ýmist með því að úr rannsókn verði bætt eða ákæra verði færð í nýjan og betri búning. [...] Með dómi Hæstaréttar Íslands 12. maí 2005 var kveðið á um frávísun máls nr. 509/2004 frá héraðsdómi. Verður að ætla að tilgangur æðri réttar með frávísun hafi verið að gefa lögreglu og ákæruvaldi færi á að bæta úr tilgreindum ágöllum sem vörðuðu bæði lögreglurannsókn og ákærusmíð, enda hefði rétturinn að öðrum kosti sýknað ákærða af kröfum ákæruvaldsins á þeim grundvelli að sakir væru ekki sannaðar með þeim sönnunargögnum er færð voru fyrir dóminn. Í þessu ljósi eru ekki efni til að grípa inn í þá lögreglurannsókn er nú fer fram og sóknaraðila [X].“ Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar sem staðfesti úrskurðinn með vísun til forsendna hans.

[Undirstrikun höfundar]

Samkvæmt þessum rökum héraðsdóms var lögreglu talið heimilt að hefja á ný rannsókn málsins. Líkt og höfundur undirstrikaði í reifuninni þá var staðfest í Hæstarétti sú niðurstaða að tilgangur frávísunarinnar hafi verið sá að gefa lögreglu færi á að bæta úr þeim annmörkum sem voru á rannsókn málsins og ákærusmíð. Annars hefði ákærði verið sýknaður á þeim grundvelli að sakir á hann væru ekki sannaðar. Með öðrum orðum staðfestir Hæstiréttur þá niðurstöðu héraðsdóms að ef mál er talið líklegt til sakfellis en málatilbúnaður ákæruvaldsins er ófullnægjandi, þar með talin ákæran og verknaðarlýsing í henni, þá eigi að vísa máli frá dómi til að lögregla geti hafið nýja rannsókn á málinu og ákæruvaldið bætt úr þeim ágöllum sem á málatilbúnaði þess er að finna.

Höfundur veltir því fyrir sér hvort þessi tilmæli séu æskileg. Ef mál þar sem

¹²⁵ Sama heimild, bls. 392.

verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi en það samt tekið til efnismeðferðar þá ætti það, að mati höfundar, að auka líkurnar á því að ákærði verði sýknaður á grundvelli 108. gr. sml., sem kveður á um að sönnunarbyrðin hvílir á ákæruvaldinu. Því vaknar sú hugleiðing hvort ekki sé frekar tilefni til að sýkna ákærða í þeim tilvikum þegar verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi á þeim grundvelli að sakir séu ekki sannaðar, frekar en að vísa málinu frá dómi. Þótt það geti, eðli máls samkvæmt, verið misjafnt eftir atvikum. Hins vegar virðist álitaefnið í mörgum af dómunum hér að ofan, vera meira í áttina að því að vera efnislegt atriði sem leysa ber úr með efnisdómi, frekar en að tengjast formkröfum. Ef sú er raunin, geta annmarkar af þeim toga leitt til sýknu en ekki til frávísunar, á fyrrnefndum grundvelli að sakir séu ekki sannaðar. Til að skýra þetta betur verður hér gerð grein fyrir tveimur dómum Hæstaréttar. Í fyrri ákærunni í „Baugsmálinu“, Hrd. 420/2005, sem fyrr hefur verið greint frá sagði Hæstiréttur orðrétt um ákæruliði 33. – 36.:

„Ekki verður séð hvernig þessar upplýsingar geta tengst þeim sökum, sem hafðar eru uppi í 33. til 36. lið ákærunnar, og gera þær málatilbúnað af hálfu ákæruvaldsins óskýran. Þrátt fyrir þetta verður ekki litið svo á að annmarkar séu á þessum ákæruliðum, sem geta staðið því í vegi að efnisdómur verður felldur á málið að því er þá varðar.“

Þarna taldi Hæstiréttur að málatilbúnaður ákæruvaldsins væri óskýr, en engu að síður átti héraðsdómur að taka málið til efnismeðferðar. Héraðsdómur gerði það og sýknaði ákærðu af öllum ákæruliðum. Ákæruvaldið áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar sem staðfesti sýknudóm héraðsdóms í máli nr. 181/2006.

Í samræmi við þessa umræðu, um hvort sýkna beri ákærða ef verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi, má heldur ekki gleyma að það verður að hafa réttindi ákærða að leiðarljósi. Má hér benda á sératkvæði Jóns Steinars Gunnlaugssonar í Hrd. 277/2004, þar sem segir orðrétt: „Maður sem sætt hefur ákæru fyrir refsiverða háttsemi hefur ríka og lögmæta hagsmuni af því að verða sýknaður, standi máls og sönnunarfærsla til slíkrar niðurstöðu. Við frávísun frá héraðsdómi er sá möguleiki enn fyrir hendi að formi til, að ný ákæra verði gefin út“.

Samkvæmt þessari umfjöllun skiptir miklu máli að vandað sé til verka við ákærusmið og þar af leiðandi við gerð verknaðarlýsingar í ákæruskjalinu. Ef ákæra í máli er miklum annmörkum háð, verknaðarlýsing í ákæruskjalinu er ófullnægjandi og málatilbúnaður ákæruvaldsins óskýr, og hún tekin til efnismeðferðar, líkt og ákæruvaldið hefur krafist, eykur það einungis líkurnar á sýknu að mati höfundar. Slíkt er heldur ekki til þess fallið að auka trú almennings á ákæruvaldinu. Ef litið er til

dómasafns Hæstaréttar og þeirra dóma sem reifaðir hafa verið í þessum kafla virðist raunin þó vera sú að þegar verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi sé máli í flestum tilvikum vísað frá dómi. Í þeim tilvikum er þá hægt að draga þá ályktun að dómurinn sé að gefa ákærvaldinu, og eftir atvikum lögreglu, kost á að greiða úr þeim annmörkum sem á málatilbúnaðinum er og í framhaldi gefa út nýja ákæru. Í þessu sambandi má velta fyrir sér hvort það brýtur ekki í bága við meginregluna um jafnræði málsaðila. Þannig fær ákærvaldið, þrátt fyrir annmarka á málatilbúnaði sínum, annað tækifæri til að hefja saksókn ef máli er vísað frá dómi, í stað þess að ákærði verði sýknaður.

Höfundur veltir upp þeirri hugmynd hvort ekki sé frekar tilefni til, eftir atvikum, að sýkna ákærða ef verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi á þeim grundvelli að sakir séu þá einfaldlega ekki sannaðar.

4. D-LIÐUR 1. MGR. 152. GR. LAGA NR. 88/2008 UM MEÐFERÐ SAKAMÁLA

4.1. Inngangur

Líkt og gert var grein fyrir í inngangi í kafla 1.1., er viðfangsefni ritgerðarinnar meðal annars d-liður 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og hvort innleiðing hans í lög hafi verið nauðsynleg breyting. Verður því í þessum kafla fjallað um d-liðinn og gerð grein fyrir þeim álitaeftum sem í kringum hann rísa. Einnig verður gerð grein fyrir umsögnum þriggja fagaðila á d-liðnum. Þá að lokum verða skoðaðar þrjár nýlega ákærur þar sem í einni er nýtt heimild d-liðar en í hinum ekki. Áður en byrjað verður á umfjölluninni um d-lið verður hér gerð grein fyrir þeim flokki afbrota sem kallast efnahagsbrot. Líkt og fyrr hefur verið greint frá telur höfundur það brýna nauðsyn, því leiða má að því líkum að heimild d-liðar eigi einna helst eftir að vera nýtt þegar ákæra á í efnahagsbrotamálum. Verður því hér gerð grein fyrir af hverju þessi brotaflokkur er erfiðari viðureignar en aðrir hefðbundnir brotaflokkar.

4.2. Efnahagsbrot

Efnahagsbrot eru sérstakur flokkur afbrota og eru langt frá því að vera auðvelt viðfangsefni. Þvert á móti er rannsókn efnahagsbrota, samning ákæru og dómsmeðferð erfið viðureignar. Eðli brotanna og umfang þeirra hefur þar sitt að segja. Einkenni slíkrar brotastarfsemi er gjarnan á þá leið að um flókin viðskipti er um að ræða sem eru torskilin fyrir aðra en sérfræðinga. Það er aðeins á færi reyndra lögfræðinga og annarra sérfræðinga, oft í sameiningu, að átta sig til fulls á hinni brotlegu háttsemi og fjalla um hana við rannsókn og meðferð málsins.¹²⁶ Það sýnir mikilvægi þess að hið opinbera hafi í sinni þjónustu gott fólk með menntun sem nýtist á þessum sviðum. Erfitt er að skilgreina efnahagsbrot á einhvern einn hátt en Jónatan Þórmundsson skilgreinir í grein sinni, „Refsiábyrgð á efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila“,¹²⁷ hugtakið „efnahagsbrot“ á eftirfarandi hátt: „skilgreina [má] efnahagsbrot sem refsiverða háttsemi í hagnaðarskyni, sem fer fram kerfisbundið og reglulega í annars löglegri atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga“. Af skilgreiningunni má vera ljóst að efnahagsbrot skarast með ýmsum hætti við auðgunarbrot og önnur hagnaðarbrot. Þessi brot geta því verið gegn

¹²⁶ Jónatan Þórmundsson, „Refsiábyrgð á efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila“. *Tímarit lögfræðinga* 1988 38 (4), bls 215.

¹²⁷ Sama heimild, bls. 208.

hegningarlögum eins og fjársvik, umboðssvik og skilasvik, en ýmiss konar sérrefsilagabrot einkenna þó mun meira þennan flokk afbrota.¹²⁸

Í fyrrgreindri skilgreiningu Jónatans á hugtakinu „efnahagsbrot“, felast eftirfarandi fjögur meginatriði,¹²⁹ sem nánar verður svo gerð grein fyrir:

1. Háttsemin (athafnir og athafnaleysi) er refsiverð.
2. Brot eru framin kerfisbundið og reglulega.
3. Brot eru framin í hagnaðarskygni.
4. Háttsemin á sér stað innan ramma löglegrar atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga.

Hvað varðar fyrsta atriðið, þá eru efnahagsbrot sérstakur flokkur afbrota sem eru refsiverð. Á síðustu árum hafa efnahagsbrot verið að ná fótfestu í refsirétti, þótt ekki sé alveg ljóst í hvað hugtakinu felst. Flokkunareinkennin eru hvergi nærri augljós gagnvart öðrum brotum, líkt og fyrr var greint frá, og geta þau skarast á við auðgunarbrot og fleiri tegundir hefðbundinna hegningarlaga brota. Eitt atriði einkennir þó efnahagsbrot öðrum fremur, en það er að þau eru fyrst og fremst sérlagabrot á ýmsum sviðum efnahags- og atvinnulífs.¹³⁰ Getur þá verið um að ræða brot gegn hlutafélaga- og einkahlutafélagalögum, brot gegn skatta- og tollalögum, bókhaldsbrot, brot gegn ársreikningalögum, peningaþvætti og brot gegn lögum um fjármála fyrirtæki svo fátt eitt sé nefnt.

Í öðru lagi er eitt aðaleinkenni efnahagsbrota það, að brotin eru framin kerfisbundið og reglulega. Með þessu hugtaksatriði fellur einstakt skattalagabrot eða bókhaldsbrot ekki undir skilgreininguna.¹³¹ Þó eru ekki allir sammála um þá skoðun¹³² og telja sumir að smám saman sé þetta atriði að falla úr skilgreiningunni. Ráðherranefnd Evrópuráðsins hefur þannig komist að þeirri niðurstöðu að einstakt brot getur fallið undir skilgreininguna á efnahagsbroti ef brotið felur í sér þrjú atriði. Fyrsta er að brotið hefur valdið verulegu tjóni eða hættu á slíku tjóni. Annað atriðið er það að brotin byggjast á sérstakri viðskiptaþekkingu hinna brotlegu og þriðja atriðið er að þau eru framin af kaupsýslumönnum við framkvæmd starfa þeirra eða sérstakra verkefna.

¹²⁸ Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 2005, bls. 63.

¹²⁹ Jónatan Þórmundsson, „Refsíabyrgð á efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila“, bls 209.

¹³⁰ Sama heimild, bls. 209.

¹³¹ Sama heimild, bls. 209.

¹³² Sama heimild, bls. 209.

Þriðja atriðið í skilgreiningu Jónatans þarf ekki að koma á óvart, en það er að brotin eru framin í fjárhagslegu hagnaðarskyni. Efnahagsbrot leiða því til ólögmarks hagnaðar eða sparnaðar, beint eða óbeint, fyrir hinn brotlega eða þá lögaðila sem hann starfar fyrir. Evrópuráðið telur þó að brot gegn vinnuvernd, mengunarbrot og önnur umhverfisbrot, sem meðal annars geta leitt til heilsutjóns, séu að jafnaði talin til efnahagsbrota.¹³³

Fjórdá og síðasta atriðið í skilgreiningunni er að háttsemin sé innan ramma löglegrar atvinnustarfsemi. Efnahagsbrot fara yfirleitt þannig fram að þau líta út fyrir að vera lögleg. Þess vegna er mikilvægt að taka eftir þeim tengslum sem ríkja á milli efnahagsbrota og annars löglegrar atvinnustarfsemi, til dæmis skipulögð skatta- og bókhaldsbrot í rekstri fyrirtækis. Ekki falla hér undir brot sem eiga sér stað í annars konar starfsemi sem er ólögleg frá rótum og refsiverð sem slík, en þar getur verið um að ræða fíkniefnasölu, vopnaviðskipti og mansal. Þá er hugtakið ekki heldur notað um einstaklinga sem drýgja auðgunarbrot eða önnur hagnaðarbrot í starfi sínu hjá öðrum, getur þá til dæmis verið um að ræða mútur.¹³⁴

Lögreglurannsókn efnahagsbrota er oft á tíðum torveld, erfið viðureignar og getur tekið langan tíma. Það má rekja til þess að hið gríðarlega mikla magn af skjölum, sem fylgja oft en ekki þessum brotum, þarf að rannsaka og getur það tekið mjög langan tíma. Viðskiptin sem hafa átt sér stað í kringum brotin eru flókin og þarfnast sérfræðilekkingar þeirra sem rannsaka þau. Þá hafa gerendurnir nýtt sér margar mismunandi leiðir til að hylja slóð sína, til dæmis skráð ýmis félög á aflandseyjar og gert viðskiptafléttur í gegnum þau, og þannig er rannsóknin farin að teygja anga sína til margra landa og þar af leiðandi mun erfiðari viðfangs, til dæmis varðandi gagnaöflun. Þá hafa gerendur oft notið aðstoðar lögfræðinga og náð að hylja slóð viðskiptanna mjög vel og klætt brotið í, það sem virðist við fyrstu sýn, lögmætan búning.

Að lokinni lögreglurannsókninni þarf að taka ákvörðun um saksókn. Að sama skapi og að lögreglurannsóknin er torveld í efnahagsbrotum, þá er verknaðarlýsing á brotinu í ákæru ekki síður erfið viðfangs. Þar þarf að huga að mörgu því málin eru oft en ekki mjög flókin og þarf ákærandinn að þekkja málið gríðarlega vel til að ná tökum á efninu. Einnig þarf að líta til þess að það getur þurft að takmarka fjölda ákærðra í hverju máli eins og kostur er, því erfitt getur verið að átta sig á hverjir

¹³³ Sama heimild, bls. 210.

¹³⁴ Sama heimild, bls. 210.

þeirra sem koma við sögu eigi að bera refsíabyrgð og á hvaða grundvelli.

Flókin lýsing á sakarefnum gerir heimfærslu til rétttra refsíákvæða í efnahagsbrotum að vandasömu verki. Því er ljóst að ákærandi þarf að þekkja málið sérstaklega vel til að ná að semja góða verknaðarlýsingu á brotinu í ákæru.

4.3. Almenn umfjöllun

Líkt og fyrr hefur verið greint frá kom d-liður 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 inn í lögin sem nýr stafliður. Allt frá lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála og þangað til að lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála voru samþykkt var lagt bann við að ákæruvaldið setji í ákæruskjal greinargerð um lögfræðilegar athugasemdir. Eftir að lög nr. 19/1991 voru samþykkt var ekkert kveðið á um slíka greinargerð í ákæruskjali. Hvorki var kveðið á um að heimilt væri að setja slíka greinargerð í ákæruskjal né að það væri óheimilt. Eftir gildistöku laga nr. 88/2008 kom umræddur d-liður í lögin og er að finna í 1. mgr. 152. gr. þar sem kveðið er á um hvað skal greina í ákæru. Liðurinn er svohljóðandi:

d. röksemdir sem málsóknin er byggð á, ef þörf krefur, svo sem ef mál er flókið eða umfangsmikið, en röksemdarfærslan skal þá vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru.

Höfundur telur að röksemdafærsla samkvæmt d-liðnum sé í raun skrifleg greinargerð.¹³⁵ Þannig er nú heimild fyrir ákæruvaldið að setja í ákæruskjal skriflega greinargerð um þær röksemdir sem málsóknin er byggð á. Eins og kemur fram í ákvæðinu þá er þessi heimild ekki án takmarkana, því áskilið er að röksemdarfærslan skuli vera gagnorð og svo skýr að ekki fari á milli mála hverjar sakargiftir eru. Hins vegar er álitæfni hvort orðalagið sé of opið og ekki dregin nægilega skýr lína um hvenær ákæruvaldinu er heimilt að setja í ákæruskjal slíka röksemdafærslu, líkt og síðar verður fjallað um. Samkvæmt d-lið 1. mgr. 152. gr. er heimilt að setja röksemdafærslu í ákæruskjal ef mál er flókið eða umfangsmikið. Líkt og greint var frá í kaflanum hér að framan um efnahagsbrot, er sá brotaflokkur erfiður viðureignar þegar kemur að ákærusmíð. Flókið er að gera verknaðarlýsinguna vegna ýmissa atriða sem einkenna efnahagsbrot, eins og gert var grein fyrir í kaflanum. Því má gera ráð fyrir að heimildin í d-lið verði einna helst nýtt þegar gefa á út ákæru í

¹³⁵ Verður því einnig talað um skriflega greinargerð í ákæruskjali skv. d-liðnum. Höfundur bendir hér á að eðli máls samkvæmt er ekki verið að tala um skriflega greinargerð skv. 203. gr. sml.

umfangsmiklum efnahagsbrotum. Í athugasemdum við 152. gr. laganna sem með frumvarpinu fylgdu, kemur fram að einnig gæti verið þörf fyrir röksemdafærslu í ákæruskjali í umfangsmiklum brotum, þegar vísað er til fleiri ákvæða í ákæru, svo sem ef ákært er aðallega fyrir brot á einu ákvæði, en til vara fyrir brot á öðru.¹³⁶

Markmiðið með innleiðingu ákvæðis d-liðar er annars vegar að tryggja að ákærði geti enn frekar gert sér grein fyrir þeim sakargiftum sem á hann eru bornar. Hins vegar er einnig markmið ákvæðisins að jafna stöðu ákæruvaldsins og ákærða með tilliti til meginreglunnar um jafnræði aðila fyrir dómi. Eðlilegt er að ákæruvaldinu gefist kostur á að greina röksemdir fyrir málsókninni í ákæru. Þetta á að koma til móts við að ákærða er heimilt í vissum tilvikum að leggja fram skriflega greinargerð af sinni hálfu við meðferð máls fyrir dómi samkvæmt 165. gr. sml.¹³⁷ Þessi rök fyrir d-liðnum eru þannig úr garði gerð að vert er að taka mark á þeim. Það er eðli máls samkvæmt erfiðara að gera verknaðarlýsingu í flóknum og umfangsmiklum brotum. Með það í huga er hægt að segja að tilgangurinn sem býr að baki setningu d-liðar, það er að geta greint betur frá málinu með röksemdarfærslu, eigi rétt á sér. Hins vegar má velta því fyrir sér hvort slík röksemdarfærsla eigi heima í ákæruskjali þar sem á Íslandi gildir meginreglan um að mál skuli flutt munnlega. Má því færa rök fyrir því að með tilkomu d-liðar eykst hættan á skriflegum málflutningi ákæruvaldsins að mati höfundar.

4.4. Skrifleg greinargerð ákæruvaldsins í ákæruskjali fyrir gildistöku d-liðar

1. mgr. 152. gr. sml.

Líkt og fyrr hefur verið greint frá var í lögum nr. 19/1991 hvorki kveðið á um heimild til að setja skriflega greinargerð með lögfræðilegum athugasemdum í ákæruskjal né kveðið á um bann við slíkri greinargerð. Þann 21. júlí 2006 var kveðinn upp Hæstaréttardómur í máli nr. 353/2006.¹³⁸ Málavextir dómsins eru reifaðir í kafla 3.4.1.3. og vísast til þeirra að hluta. Í málinu var gefin út ákæra í 19 liðum. Í 1. kafla ákærunnar var einum ákærða gefin að sök fjársvik en til vara umboðssvik. Í langri greinargerð ákæruvaldsins sem kom á eftir hinum eiginlega ákærulið, var lýst margvíslegum viðskiptum ákærða með hlutafé í tilteknu félagi og

¹³⁶ Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda, slóð: <http://www.althingi.is/alttext/135/s/0252.html>. [Sótt á vefinn 26.04.2011].

¹³⁷ Sama heimild. [Sótt á vefinn 26.04.2011].

¹³⁸ Seinni ákæran í „Baugsmálinu“.

að hluta til með fasteignir. Um þennan málatilbúnað segir orðrétt í úrskurði héraðsdóms sem staðfestur var með vísan til forsendna í Hæstarétti:

Hrd. 353/2006 Í ákærinni er á tveimur og hálfri blaðsíðu gerð grein fyrir aðdraganda þeirra brota sem ákærða er gefin að sök. Skrifleg greinargerð af þessu tagi á ekki heima í ákæruskjali, enda er tæmandi talið í 116. gr. laga um meðferð opinberra mála það sem koma á fram í ákæru. Breytir hér engu þótt framsetning sé ekki lengur bönnuð í lögnum, sbr. áður 3. mgr. 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála.

[Undirstrikun höfundar]

Athyglisvert er að í dómnum er staðfest sú regla að skrifleg greinargerð eigi ekki heima í ákæruskjali, jafnvel þótt ekki hafi verið kveðið á um bann við slíkri greinargerð í lögum nr. 19/1991. Regla 3. mgr 115. gr. laga nr. 74/1974 var þess í stað staðfest og bent á að greinargerð sem þessi ætti ekki heima í ákæruskjali. Af þessu má draga þá ályktun að réttarástandið breyttist ekki að neinu leyti, þó ekki hafi verið lengur kveðið á um bann við skriflegri greinargerð í ákæruskjali í lögum nr. 19/1991. Þess vegna er sú breyting sem kom með lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála sem snýr að d-lið 1. mgr. 152. gr. laganna mjög umfangsmikil. Þvert á þá réttarframkvæmd sem tíðkast hefur hér á landi er nú komin heimild í lögum til að setja slíka greinargerð í ákæruskjal.

4.5. Umsagnir fagaðila á d-lið 1. mgr. 152. gr. sml.

Venja er við gerð lagafrumvarpa að senda þau út til ákveðinna aðila sem gefa sína umsögn um frumvarpið. Umsagnaraðilarnir greina frá því hvað betur mætti fara í frumvarpinu að þeirra mati. Verður hér gerð grein fyrir umsögnum sem bárust frá laganefnd Lögmannafélags Íslands og frá Ákærendafélagi Íslands og sneru að d-liðnum. Þá verður einnig gerð grein fyrir álitni embætti ríkissaksóknara á d-liðnum sem sent var til dómsmálaráðuneytisins þegar frumvarp til laga um meðferð sakamála var í smíðum.

4.5.1. Umsögn laganefndar LMFÍ

Laganefnd Lögmannafélags Íslands gaf umsögn sína um frumvarp til laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Laganefndin lagðist frekar harðlega gegn því að d-liður 1. mgr. 152. gr. sml. yrði samþykktur. Laganefndin segir í álitni sínu að eðlilegra sé að miða áfram við þá reglu, sem talið hefur verið gildandi réttur, að skrifleg greinargerð ákæruvalds í ákæruskjali sé óheimil. Vísar nefndin í Hrd. 353/2006 máli

sínu til stuðnings og bendir einnig á 2. mgr. 831. gr. eldri dönsku réttarfarslaganna, nú 4. mgr. 834. gr. nýju laganna, sem leggur bann við framlagningu slíkra greinargerða, líkt og betur verður greint frá í kafla 5.2.1. Fram kemur í umsögninni að laganefndin dregur í efa þörf fyrir skriflegri greinargerð til skýringar í ákæru umfram það sem heimilt er samkvæmt c-lið sömu greinar. Segir svo orðrétt: „Nefndin telur einnig vafasamt að skrifleg greinargerð í ákæru leiði til skýrari málatilbúnaðar af hálfu ákæruvaldsins.“ Skilja má þessi orð sem svo að ítarlegur texti í ákæru getur orðið til þess að málatilbúnaður ákæruvaldsins verði flóknari og þannig erfiðara fyrir sakborning að átta sig á sakarefninu. Laganefndin nefnir svo að hún skilji markmið frumvarpshöfunda um jafna aðstöðu ákæruvalds og verjanda með tilliti til 165. gr. laganna, sem fyrr hefur verið minnst á. Nefndin telur hins vegar að þennan aðstöðumun megi jafna með heimild ákæruvalds til að skila skriflegri greinargerð í héraði, til jafns við verjanda og með áþekkingu hætti líkt og tíðkast fyrir Hæstarétti, sbr. 203. gr. laga nr. 88/2008.¹³⁹

4.5.2. Umsögn Ákærendafélags Íslands

Mikilvægt er að mati höfundar að gerð sé grein fyrir álitum Ákærendafélags Íslands á d-lið 1. mgr. 152. gr. sml. Þetta eru þeir aðilar sem hafa valdið til að hefja saksókn. Í umsögninni kemur fram að félagið leggur til að liðurinn verði felldur á brott. Félagið nefnir að ákvæði réttarfarslaga um form og efni ákæru hefur verið í lögum frá árinu 1951. Bent er á að ákvæði 116. gr. laga nr. 19/1991 hefur reglur sambærilegar þeim sem gilda um form og efni ákæruskjala í nágrannalöndum okkar, og nefnir félagið 831. gr. eldri dönsku réttarfarslaganna og 252. gr. norsku réttarfarslaganna því til stuðnings. Þá segir í umsögninni að mikilvægt sé að ákæra hafi að geyma skýra og hnitmiðaða lýsingu á sakarefninu þannig að ákærði geri sér skýra grein fyrir því við lestur ákærunnar hvaða sökum hann er borinn. Segir svo orðrétt í umsögninni: „Rök þykja ekki liggja til þess að færa gerð ákæruskjals í búning stefnu í einkamáli s.s. frv. gerir ráð fyrir. Nánari röksemdir sem málsóknin er byggð á koma fram í málflytningi.“ Er síðan nefnt að betri kostur væri að gefa dómara heimild til að óska eftir því að ákærandi verði gefinn kostur á að skila skriflegri greinargerð með ákæru, álíkri þeirri

¹³⁹ Laganefnd LMFÍ, „Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um meðferð sakamála“. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is>. [Sótt á vefinn 27.04.2011].

sem kveðið er á um í 165. gr. sml, telji hann þörf á skýra málatilbúnað ákærvaldsins betur.¹⁴⁰

4.5.3. Álit frá embætti ríkissaksóknara

Í álit sem embætti ríkissaksóknara gaf á d-lið 1. mgr. 152. gr. sml. til dómsmálaráðuneytisins kemur fram að embættið leggur til að liðurinn verði felldur brott. Álitið svipar til þeirrar umsagnar sem Ákærendafélagið gaf. Embætti ríkissaksóknara nefnir að ákæra eigi að hafa hnitmiðaða verknaðarlýsingu og vera svo skýr að ákærði eigi að geta gert sér skýra grein fyrir því við lestur ákærunnar hvaða sökum hann er borinn. Nánari röksemdir eiga frekar heima í málflytningi að mati embætti ríkissaksóknara. Kemur síðan fram að ef ákærða verði gefinn kostur á að skila inn skriflegri greinargerð kann þó að vera ástæða til að kveða á um heimild dómara til að óska eftir því að ákærandi skili jafnframt greinargerð til að skýra málatilbúnað sinn betur.¹⁴¹

4.6. d-liður 1. mgr. 152. gr. eftir gildistöku laga um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála voru tekin í gildi 1. janúar 2009, fyrir tæplega einu og hálfu ári síðan þegar þetta er ritað. Í dómaframkvæmd hefur ekki mikið reynt á notkun d-liðar 1. mgr. 152. gr., reyndar aðeins í einu tilviki, en það var í máli Baldurs Guðlaugssonar, líkt og fyrr greinir. Ekki er fyrir að finna neinar leiðbeiningar um það hvenær eigi að nota d-liðinn umfram þær sem kveðið er á um í ákvæðinu, en það er ef mál er flókið eða umfangsmikið, í flestum tilvikum efnahagsbrot, líkt og fyrr hefur verið greint frá. Af því leiðir að það kemur í hlutverk dómstóla að leiðbeina og setja ákærvaldinu mörk um hvenær eigi að beita ákvæðinu.

Verður hér að neðan gerð grein fyrir héraðsdómi í máli Baldurs Guðlaugssonar og hvernig ákærvaldið beitti d-lið 1. mgr. 152. gr. sml. Þar á eftir verður gerð grein fyrir „Exetermálinu“¹⁴² svokallaða, en þar ákvað ákærvaldið að nýta sér ekki heimild d-liðar. Vert er að veita því athygli að mál Baldurs hefur ekki enn farið fyrir Hæstarétt

¹⁴⁰ Ákærendafélag Íslands, „Umsögn um frumvarp til laga um meðferð sakamála 233. mál heildarlög“. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is>. [Sótt á vefinn 28.04.2011].

¹⁴¹ Höfundur fékk álit þetta sent frá embætti ríkissaksóknara.

¹⁴² Í opinberri umræðu virðist málið hafa fengið þetta heiti. Verður því talað um „Exetermálið“ hér eftir. Málsnúmer er S-476/2010.

og aðalmeðferð er ekki hafin í Exetermálinu. Höfundur vill engu að síður vísa í málin til að varpa ljósi á málatilbúnað ákærvaldsins.

Í öðru umfangsmiklu máli var ákveðið að nýta ekki heimild d-liðar, en það er í máli Geirs H. Haarde fyrir Landsdómi vegna meintra brota hans á tímabilinu febrúar 2008 og fram í októberbyrjun sama árs, meðal annars, fyrir vanrækslu í starfi sínu sem forsætisráðherra. Í ákærinni er sem fyrr segir ekki nýtt heimild d-liðar og verður gerð grein fyrir orðum Sigríðar Friðjónsdóttur, ríkissaksóknara og saksóknara Alþingis í málinu, sem hún hefur látið falla á opinberum vettvangi um ástæður hvers vegna heimildin hafi ekki verið nýtt. Gert er ráð fyrir að mál Geirs verði þingfest í júní 2011.

4.6.1. Ákæra í máli Baldurs Guðlaugssonar og ákæran í Exetermálinu

Dómur í máli Baldurs Guðlaugssonar nr. S-681/2010 var kveðinn upp í héraðsdómi Reykjavíkur þann 7. apríl 2011. Baldur var sakfelldur og dæmdur til refsingar. Baldri eru gefin að sök í ákæru innherjasvik í opinberu starfi sem ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytisins, með því að hafa selt öll sín hlutabréf í Landsbanka Íslands hf., fyrir samtals kr. 192.658.716, þrátt fyrir að hafa búið yfir innherjaupplýsingum um bankann sem hann varð áskynja um í starfi sínu sem ráðuneytisstjóri. Var það einkum í tengslum við setu hans í samráðshópi fulltrúa forsætisráðuneytis, fjármálaráðuneytis, viðskiptaráðuneytis, Fjármálaeftirlits og Seðlabanka Íslands um fjármálastöðugleika og viðbúnað. Auk upplýsinga sem fram komu á fundi með bankastjórum Landsbanka Íslands og á fundi með fjármálaráðherra Bretlands. Segir í ákærinni að innherjaupplýsingarnar hafi verið líklegar til að hafa marktæk áhrif á markaðsverð hlutabréfa í bankanum yrðu þær opinberar. Í ákærinni eru svo tilgreindar þær innherjaupplýsingar sem Baldur átti að hafa öðlast á tilgreindu tímabili í sex töluliðum. Í fimm af umræddum sex töluliðum taldi dómurinn að sannað væri að Baldur hefði búið yfir innherjaupplýsingum. Að mati höfundar tókst ákærvaldinu vel upp með verknaðarlýsinguna í ákærinni. Hún er skýr og hnitmiðuð, miðað við umfang málsins, enda minnst dómurinn ekki einu orði á hana í dómnum. Það sem vekur hins vegar undrun höfundar er að ákærvaldið ákvað að nýta sér heimild d-liðar 1. mgr. 152. gr. sml. og setti í ákæruskjalið skriflega röksemdafærslu. Höfundi þykir það frekar sérkennilegt í ljósi þess að sakargiftir í verknaðarlýsingunni í ákærinni sjálfri eru skýrar og tala sínu máli. Með öðrum orðum uppfyllir verknaðarlýsingin þær kröfur sem Hæstiréttur setti í

máli nr. 420/2005¹⁴³, varðandi inntak c-liðar 1. mgr. 152. gr. sml. líkt og fyrr var greint frá í kafla 3.3.1., að mati höfundar. Greinargerðin er um tæplega tvær blaðsíður að lengd og inniheldur sex málsgreinar. Í henni er gert grein fyrir hugtaksskilyrðum 120. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfiðskipti og sagt frá að háttsemi Baldurs falli þar undir. Einnig er svo aftur gerð grein fyrir hvar Baldur hafi öðlast þessar upplýsingar, en eðli máls samkvæmt kom það fram í verknaðarlýsingu ákærunnar. Höfundur telur að í greinargerðinni komi fram skriflegur málflutningur ákærvaldsins sem er með öllu óþarfur og eiga þessar röksemdir frekar heima í málflutningi. Í greinargerðinni stendur orðrétt:

Af hálfu ákærvaldsins er á því byggt að upplýsingarnar sem ákærði bjó yfir samkvæmt tölulíðum 1 – 6 í ákæru falli að hugtaksskilyrðum innherjaupplýsinga og ákærði hafi verið í stöðu innherja er hann hagnýtti sér þær með ólögnum hætti og gerðist þar með sekur um innherjasvik. Hvert þessara tilvika nægir eitt og sér í þeim efnunum. Réttarstaða innherja í skilningi 3. tl. 121. gr. laga nr. 108/2007 er ekki háð formlegri skráningu eða tilkynningu heldur tekur til efnislegrar vitneskju um innherjaupplýsingar. – Öllum hugtaksskilyrðum innherjaupplýsinga í skilningi 120. gr. laga nr. 108/2007, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 630/2007 er fullnægt. Innherjaupplýsingar þessar eru nægjanlega tilgreindar og afmarkaðar en auk þess var mikils trúnaðs krafist um þær og þær þannig ekki gerðar opinberar. Upplýsingarnar vörðuðu Landsbanka Íslands hf. beint en brot ákærða fólst í sölu á hlutabréfum hans í bankanum. Líklegt er að þau hlutabréf hefðu lækkað marktækt í verði ef komið hefði til fjöldaúttekta af Icesave reikninum Landsbankans í Bretlandi og Hollandi.

Í greinargerðinni er svo haldið áfram að tala um innherjaupplýsingar sem Baldur hafi átt að búa yfir og aftur tiltekið að þær voru nægjanlega tilgreindar í skilningi 120. gr. laga um verðbréfiðskipti. Þá er í lok greinargerðarinnar gerð grein fyrir að Baldur hafi sótt umrædda fundi í krafti embættis síns sem ráðuneytisstjóri og fellur sem slíkur ótvírætt undir hugtaksskilgreiningu 141. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ljóst er að í greinargerðinni er að finna röksemdir og málavaxtalýsingu ákærvaldsins sem það byggir á í máltilbúnaði sínum. Hins vegar er það mat höfundar að efni greinargerðarinnar eigi frekar heima í málflutningi því líkt og fyrr greinir er ákæran svo skýr að sakarefnið fer ekki á milli mála. Greinargerð í ákæruskjali í máli af þessu tagi er eingöngu til þess fallin að ákæran lengist og er það engum til framdráttar. Þvert á móti er það einmitt eitt álitafnið sem héraðsdómarar óttuðust með tilkomu d-liðar 1. mgr. 152. gr. sml.¹⁴⁴ Það var fyrr minnst á að það kemur í hlutverk dómstóla að setja ákærvaldinu mörk um hvenær

¹⁴³ Fyrri ákæran í „Baugsmálinu“.

¹⁴⁴ „Höfum við ekki efni á góðu dómskerfi“. *Morgunblaðið*, 11. febrúar 2007.

eigi að nota heimild d-liðar, og hefði höfundur viljað að héraðsdómari í máli Baldurs hefði komið með einhver tilmæli varðandi d-lið í þessu máli. Dómi héraðsdóms var hins vegar áfrýjað til Hæstaréttar og hefur því ekki enn fengist endanleg niðurstaða í þennan þátt málsins þegar þetta er ritað.

Í Exetermálinu ákvað ákærvaldið hins vegar að nýta sér ekki heimild d-liðar til að setja skriflega greinargerð í ákæruskjalið með þeim röksemdum sem málsóknin byggði á. Þrír eru ákærðir í málinu, tveir fyrir umboðssvik skv. 249. gr. hgl. og einn fyrir hlutdeild í tilgreindum umboðssvikum sem og fyrir peningþvætti skv. 1. mgr. 264. gr. sömu laga. Málið varðar lán sem Byr sparisjóður veitti Exeter Holdings¹⁴⁵ í tveimur hlutum, í október og desember 2008. Lánið nam samtals kr. 1.004.452.265. Lánin voru síðan notuð til að kaupa stofnfjárbréf í Byr sparisjóði og er talið að lánveitingin hafi valdið Byr miklu tjóni. Ákæran er í þremur liðum. Í fyrsta lið eru tveir ákærðir fyrir umboðssvik varðandi fyrri lánveitinguna. Í öðrum lið er einn ákærður fyrir hlutdeild í því broti, ásamt peningþvætti. Í þriðja lið ákærunnar eru svo sömu tveir og eru ákærðir í fyrsta lið aftur ákærðir fyrir seinni lánveitinguna. Verknaðarlýsingin er að mati höfundar skýr og mætir þeim kröfum sem settar eru í c-lið 1. mgr. 152. gr. sml. og ekki er fyrir að finna skriflega greinargerð ákærvaldsins í ákæruskjalinu sem er vel að mati höfundar. Hins vegar er að finna í fyrsta lið ákærunnar ástæðuna fyrir láninu. Höfundur telur að slíkar staðhæfingar geti átt heima í ákæru, enda segir í c-lið 1. mgr. 152. gr. sml. að greina megi aðra skilgreiningu á því broti sem ákært er fyrir.

Ef bera á saman ákærunnar í þessum tveimur málum má segja að ákærvaldinu hafi í báðum tilvikum tekist vel upp að mati höfundar. Líkt og fyrr greinir sér höfundur þó ekki tilgang d-liðar í máli Baldurs Guðlaugssonar. Erfitt er að sjá að skrifleg greinargerð með þeim röksemdum sem málsóknin byggir á hafi frekar átt heima í ákæru á hendur Baldri en í Exetermálinu. Þvert á móti hefði höfundur talið, af lestri ákærunna að dæma, að líklegra hefði verið að ákærvaldið hefði frekar nýtt sér heimild d-liðar í Exetermálinu. Þar er verknaðarlýsingin jafnvel flóknari í lestri en í ákærinni á hendur Baldri, þó báðar séu þær góðar að mati höfundar. Í þessu sambandi er hér aftur minnst á það hlutverk dómstóla að setja ákærvaldinu mörk um hvenær eigi að nýta heimild d-liðar 1. mgr. 152. gr. sml.

¹⁴⁵ Áður „Tæknisetrið Arkea“.

4.6.2. Ákæra í máli Geirs H. Haarde

Í ákæru á hendur Geir H. Haarde, fyrrverandi forsætisráðherra, var heimild d-liðar 1. mgr. 152. gr. sml. ekki nýtt. Í Morgunblaðinu 12. maí 2011 er að finna fréttaskýringu um ákæruna. Umfjöllunarefni hennar er hvort ekki sé að finna rökstuðning í ákæruskjalinu fyrir ákæruatriðum á hendur Geir og vísað er til heimildar d-liðar 1. mgr. 152. gr. Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari Alþingis í málinu, ákvað að nýta ekki heimild d-liðar í þessu umfangsmikla máli og segir í fréttaskýringunni að d-liðurinn hafi ekki vakið hrifningu hjá ákæruvaldinu þegar hann var settur í lög. Segir Sigríður svo orðrétt: „[A]f því að ákæran á einmitt að skýra sig sjálf með lýsingu á sakarefninu. Það á ekki að þurfa rökstuðning umfram, nema í málflutningi.“ Að mati Sigríðar er ákæran ekki óskýr og mun málflutningurinn snúast um að leiða rök að þeim sakargiftum sem þar koma fram, líkt og hefðbundið er í sakamálum.¹⁴⁶ Sigríður telur sem sagt að ekki hafi verið þörf á að greina frekar þær röksemdir sem málsóknin er byggð á í ákæruskjalinu sjálfu.

4.6.3. Ályktanir

Óumflýjanlegt er að velta því fyrir sér eftir lestur kaflans hvort ákvæði d-liðar 1. mgr. 152. gr. sml. sé ekki óþarft. Af lestri ákærunna í máli Baldurs Guðlaugssonar og Exeter málinu er ekki hægt að sjá nein skýr merki um af hverju ákveðið var að nýta heimild d-liðar í máli Baldurs en ekki í Exetermálinu. Ef litið er til ákærunnar í máli Geirs H. Haarde má einnig velta því fyrir sér hvers vegna ekki hafi verið ákveðið að nýta heimild d-liðar. Þetta sýnir að ekki er komið neitt form á framkvæmd í notkun hans. Líkt og fyrr var greint frá telur höfundur að í röksemdafærslunni, samkvæmt d-lið í máli Baldurs, hafi falist skriflegur málflutningur og með því að nýta heimild d-liðar í máli Baldurs en ekki Exetermálinu né í máli Geirs er vísbending í þá átt að ákærunnar eigi á hættu að lengjast að óþörfu, og þar af leiðandi einnig málsmeðferðin sem hlýtur að vera í þveröfuga átt við hugmyndir frumvarpshöfunda. Ef ákæruur taka að lengjast getur það einnig leitt til þess að málatilbúnaður flækist, sem er þvert gegn tilgangi a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE. Einnig er athyglisvert að ekki hefur ríkt nein sérstök samstaða um d-liðinn því eins og var greint frá taldi laganefnd LMFÍ, Ákærendafélag Íslands og embætti ríkissaksóknara að fella ætti liðinn út. Þessi sjónarmið má einnig sjá í orðum Sigríðar Friðjónsdóttur varðandi ákæruna í

¹⁴⁶ „Rökstuðningur í málflutningnum“. *Morgunblaðið* 12. maí 2011.

máli Geirs H. Haarde. Gera má ráð fyrir þessir aðilar telji að frekari röksemdir fyrir ákærinni eigi heima í málflutningi.

5. NORÆNN RÉTTUR

5.1. Inngangur

Áhugavert er að skoða til samanburðar við ákvæði um efni ákæru í íslenskum lögum hvernig þessum málum er háttað í þeim löndum sem Ísland hefur einna helst litið til þegar kemur að setningu nýrra laga, það er Danmörk og Noregur. Verður því í þessum kafla, í ljósi sögulegra tengsla íslensks sakamálaréttarfars við danskt og norskt, gerð grein fyrir ákvæðum laga þessara landa um efni ákæru og hvernig framkvæmd þessara mála er háttað í löndunum tveimur. Fyrst verður fjallað um hvernig þessum málum er háttað í Danmörku og gerð grein fyrir danska ákvæðinu. Þá næst verður norska ákvæðið skilgreint og gerð grein fyrir framkvæmdinni þar í landi.

5.2. Danmörk

Í Danmörku er ein heildarlöggjöf fyrir réttarfar andstætt því fyrirkomulagi sem þekkist á Íslandi um að ein lög gilda um meðferð einkamála og önnur um meðferð sakamála. Dönsku réttarfarslögin eru nr. 1237/2010 og nefnast „lov om rettens pleje“, einnig kölluð „retsplejeloven“. Í lögunum er að finna reglur um meðferð einkamála og um meðferð sakamála. Lögin voru tekin í gildi árið 2010 og eru að stórum hluta byggð á eldri lögunum nr. 90/1916. Líkt og fyrr var greint var frá í kafla 1.3. var litið til danskrar löggjafar þegar lög nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála voru samin og er ákvæðið um efni ákæru þar af leiðandi byggt á dönskum lögunum, nánar tiltekið byggt á 831. gr. réttarfarslaga nr. 90/1916, sem er nú að finna í 834. gr. laga nr. 1237/2010. Danska ákvæðið um efni ákæru tók ekki neinum efnislegum breytingum með tilkomu nýju réttarfarslaganna.

5.2.1. Ákæra í dönskum rétti

Í dönskum rétti er litið svo á að ákæruskjalið sé mikilvægasta skjal og í raun hornsteinn ákæruvaldsins. Þar er lagður grunnurinn að málsókninni og greint frá fyrir hvaða hegðun ákærði er ákærður fyrir.¹⁴⁷ Ákvæði um efni ákæru er eins og fyrr segir að finna í 834. gr. laga nr. 1237/2010 og er svohljóðandi:

¹⁴⁷ Smith, Jochimsen, Kistrup, Poulsen, *Straffeprocessen*. Kaupmannahöfn 2005, bls. 138.

Anklagemyndigheden rejser tiltale ved et anklageskrift, som skal indholde:

1. navnet på den ret, ved hvilken sagen anlægges
2. tiltaltes navn og adresse samt så vidt muligt personnummer el.lign. og
3. oplysninger om det forhold, der rejses tiltale for.

Stk. 2 Oplysninger efter stk. 1, nr. 3, skal omfatte:

1. den regel, der påstås overtrådt, og forbrydelsen kendetegn, som de fremgår af reglen,
2. forbrydelsen navn, hvis loven indeholder angivelse heraf,
3. straffehjemmelen,
4. en kort beskrivelse af det forhold, der rejses tiltale for, med sådan angivelse af tid, sted, genstand, udførelsesmåde og andre nærmere omstændigheder, som er nødvendig for en tilstrækkelig og tydelig beskrivelse, og
5. i givet fald de strafforhøjelses – eller strafnedsættelsesgrunde, der vil blive påberåbt.

Stk. 3. Alternativ, herunder subsidiær, tiltale er tilladt.

Stk. 4. Anklageskrifted må ikke indeholde en fortegnelse over beviser der agtes ført, eller en redegørelse for sagens retlige spørgsmål.

Af þessum lestri má sjá að mikil líkindi eru á milli uppbyggingar þessa ákvæðis og 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í 1. mgr. er greint frá því hvaða grundvallarupplýsingar þurfa að koma fram í ákæru, það er heiti dómstólsins sem málið er höfðað fyrir, nafn og dvalarstaður ákærða og svo upplýsingar um verknaðinn sem ákært er fyrir. Samkvæmt 2. mgr. danska ákvæðisins á að greina frá í ákæru samkvæmt 3. tl. 1. mgr. lagaregluna sem talin er hafa verið brotin og einkenni afbrotsins miðað við hana, heiti þess að lögum og refsheimild. Á svo að gera stutta lýsingu á brotinu sem ákært er fyrir með upplýsingum um tíma, stað, framkvæmd og aðrar nánari kringumstæður sem nauðsynlegt er fyrir fullnægjandi og greinilega lýsingu. Samkvæmt 5. tl. á að greina frá þeim þáttum sem geta haft áhrif á þyngd refsingarinnar, ýmist til refsihækkunar eða refsilækkunar sem skírskotað verður til. Í 4. mgr. ákvæðisins er kveðið á um að í ákæruskjalinu má ekki skírskota til fram kominna sannana né setja fram greinargerð um ákæruliðina.

Í Danmörku á verknaðarlýsing í ákæruskjali ekki að innihalda neinar óþarfa málalengingar heldur skal hún vera gagnorð og hnitmiðuð.¹⁴⁸ Mikilvægt er að lýst sé í verknaðarlýsingu hvernig brotið var framið. Hæstiréttur Danmerkur virðist gera svipaðar kröfur og Hæstiréttur Íslands til verknaðarlýsingar í ákæruskjali, líkt og sjá má á eftirfarandi dómi.

¹⁴⁸ Sama heimild, bls. 140.

Ufr. 2010, 48Ø T var ákærður fyrir nokkur brot. Í einum ákæruliðnum var hann ákærður fyrir hlutdeild í þjófnaðarbroti á vörum að verðmæti 2.700.000 DKR. T var sakfelldur fyrir brotið í héraði. Þeim dómi var áfrýjað til Hæstaréttar. Rétturinn sagði meðal annars að ekki hafi komið fram í verknaðarlýsingunni hvernig ákærði hafi nákvæmlega gerst sekur um hlutdeild í brotinu og hvert hans hlutverk hefði verið. Rétturinn taldi ákæruliðinn ekki vera í samræmi við 834. gr. laga nr. 1237/2010 og taldi að vörn ákærða hefði getað orðið áfátt þess vegna. Var honum því vísað heim í hérað.¹⁴⁹

Vert er að veita því athygli að í eldri réttarfarslögnum nr. 90/1916 er ekki kveðið á um heimild til að setja í ákæru skriflega greinargerð um röksemdir sem málsóknin er byggð á. Þvert á móti var fyrir að finna ákvæði 2. mgr. laganna, sem var efnislega sambærilegt ákvæði og 4. mgr. nýju laganna, sem kveður á um að ekki eigi skírskota til fram kominna sannana eða setja fram skriflega greinargerð um þær röksemdir sem málsóknin er byggð á. 4. mgr. laganna er efnislega sambærilegt ákvæði og 5. mgr. 115. gr. laga nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála, sem kvað á um bann við skriflegri greinargerð í ákæru. Það ákvæði var í lögum allt þangað til lög nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála voru samþykkt. Með tilkomu nýju réttarfarslaganna var ekki ákveðið að bregða frá þessu fyrirkomulagi sem var í eldri lögnum. Þannig er það ljóst að danski löggjafinn sá ekki sömu ástæðu og sá íslenski til þess að koma með nýtt ákvæði í lögina sambærilegt d-lið 1. mgr. 152. gr. sem sett var í lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Í Danmörku er því talið að hægt sé að ákæra í umfangsmiklum og flóknum brotum án þess að setja í ákæruskjal skriflega greinargerð um þær röksemdir sem málsóknin byggir á.

5.3. Noregur

Norsku sakamálalögin eru nr. 25/1981 og nefnast „lov om rettergangsmåten i straffesaker“, einnig kölluð „straffeprosessloven“. Í Noregi er málum ekki háttáð eins og í Danmörku heldur eru þar aðskilin lög, ein fyrir meðferð einkamála og önnur fyrir meðferð sakamála, líkt og þekkist hér á Íslandi. Lögin eru þar af leiðandi að mörgu leyti eins uppbyggð og lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

¹⁴⁹ Orðrétt úr dómnum: „Anklageskriftet indeholder ikke nogen form for beskrivelse af, på hvilken måde tiltalte skulle have medvirket til dette tyveri. Anklageskriftet vedrørende forhold 2 lever således ikke op til kravene i retsplejelovens § 834, og landsretten finder, at den valgte udformning af tiltalen har indebåret en sådan vanskeliggørelse af tiltaltes forsvar, at der ikke kan bortses fra, at en iagttagelse af reglerne i retsplejelovens § 834 kunne have medført et andet udfald af sagen. Landsretten ophæver derfor den indankede dom og hjemviser sagen, jf. retsplejelovens § 927, stk. 1, nr. 2.“

5.3.1. Ákæra í norskum rétti

Ákvæði um efni ákæru er að finna í 252. gr. norsku sakamálalaganna og er svohljóðandi:

Tiltalebeslutningen skal være underskrevet og datert og inneholde:

1. betegnelse av domstolen,
2. tiltaltes navn og bopel,
3. opplysning om hvilket straffebud som påstås anvendt, med gjengivelse av innholdet så langt det er av betydning i saken,
4. en kort, men så vidt mulig nøyaktig beskrivelse av det forhold tiltalen gjelder, med opplysning om tid og sted.

Dersom påtalen ikke er ubetinget offentlig, skal det av tiltalebeslutningen fremgå at vilkårene for offentlig påtale foreligger.

Blir det gjort gjeldende andre krav enn straff, skal det opplyses om dette.

Af lestri norska ákvæðisins má sjá að einnig eru ákveðin líkindi milli þess og danska ákvæðisins og íslenska ákvæðisins. Fram kemur í ákvæðinu að í ákæru skal greina þann dómstól sem málið er höfðað fyrir, og einnig nafn og dvalarstað ákærða. Þá á að greina frá hvaða ákvæði hefur verið brotið gegn og lýsingu á ákvæðinu, að svo miklu leyti sem það skiptir máli í málinu. Í 4. tl. ákvæðisins er svo kveðið á um það að geri eigi stutta og eins nákvæma lýsingu af málinu sem ákæran varðar, sem og upplýsingar um stað og stund. Í 2. mgr er kveðið á um ákveðin skilyrði varðandi opinbera málsmeðferð og í 3. mgr. Segir að ef krafist er einhvers annars en refsingar, þá skal einnig getið um þær kröfur í ákæruskjalinu. Það sem vekur athygli höfundar er að ekki er fyrir að finna í norska ákvæðinu sambærilega heimild og er í d-lið 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008. Sambærilega heimild er því hvorki að finna í dönskum lögnum né þeim norsku.

Líkt og fram hefur komið þá eru ákveðin í dönskum, íslenskum og norskum rétti ekki svo ýkja frábrugðin ef undan er skilin heimild d-liðar í íslensku lögnum. Hins vegar er framkvæmdin í Noregi aðeins frábrugðnari en í Danmörku og á Íslandi. Verður hér gerð stuttlega grein fyrir henni. Líkt og á hinum Norðurlöndunum á að koma fram í ákæruskjali í Noregi sá verknaður sem ákærvaldið telur að ákærði hafi framið sem er refsiverður að lögum. Ákæruskjalið gegnir svo tveimur meginhlutverkum í Noregi. Hlutverk ákæruskjalsins er annars vegar að draga upp heildarmynd af málatilbúnaði ákærvaldsins og framvindu málsins, jafnvel þótt hún geti tekið breytingum á síðari stigum málsins. Hins vegar er hlutverk ákæruskjalsins

að greina ákærða frá því hvaða refsiverða verknað ákærvaldið telur hann hafa framið. Þannig getur hann þá tekið afstöðu til þeirra sakargifta sem á hann eru bornar og í framhaldi undirbúið vörn sína í málinu.¹⁵⁰ Þessi tilgangur ákæru er ekki svo ólíkur þeim sem þekkist hér á landi, líkt og fjallað var um í kafla 3.3.1. Það sem vekur hins vegar athygli er að í fyrra atriðinu segir að tilgangur ákæru sé að gera grein fyrir málatilbúnaði ákærvaldsins, sem þó geti tekið breytingum á síðari stigum málsins. Það er nefnilega svo að í norskum rétti gerir ákærvaldið grein fyrir því í ákæru hvaða refsiverða verknað ákærði er talinn hafa framið og heimfærir verknaðinn til viðeigandi refsíákvæðis, en er samt sem áður ekki búið að skuldbinda sig til að halda sig við þá verknaðarlýsingu. Er kveðið á um þessar heimildir í 253. og 254. gr. norsku laganna. Innan vissra marka getur ákærvaldið þannig breytt verknaðarlýsingu í ákæruskjali, hvort sem það myndi leiða til hins betra eða verra fyrir ákærða. Ákærvaldið getur hvort heldur breytt heimfærslu til refsíákvæða í ákærinni og einnig breytt verknaðarlýsingunni, en þetta þarf þó að gerast fyrir aðalmeðferð málsins.¹⁵¹ Á sama hátt og ákærvaldið er ekki bundið við þá verknaðarlýsingu sem það gerir í ákæruskjalinu, þá er dómurinn einnig ekki bundinn við lýsingu ákærvaldsins sbr. 38. gr. norsku laganna. Ef ákært er fyrir þjófnað en dómurinn telur að um fjárdrátt hafi verið að ræða, þá má hann sakfella ákærða fyrir fjárdrátt.¹⁵²

Höfundur telur þessa framkvæmd í Noregi ekki vera heppilega. Það skiptir ákærða höfuðmáli að hann fái vitneskju um hvaða sakir eru á hann bornar til að hann geti undirbúið vörn sína. Líkt og greint var frá í kafla 2.3.1. um a-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu á sá sem er borinn sökum um refsiverða háttsemi rétt á að fá án tafar vitneskju í smáatriðum um eðli og orsök þeirrar ákæru sem hann sætir. Með því að heimila ákærvaldinu að breyta heimfærslu brots til viðeigandi refsíákvæðis og breytingu á verknaðarlýsingu í ákæruskjali eftir útgáfu ákæru eykur það einungis líkurnar á því að vörn ákærða geti orðið áfátt. Ákærði verður að fá þessar upplýsingar staðfestar svo hann geti haldið uppi vörnum í málinu. Í þessu sambandi má hér benda á mál *Sadak gegn Tyrklandi*,¹⁵³ sem greint var frá í kafla 2.3.1. Þar var talið brjóta gegn ákvæði a-liðar 3. mgr. 6. gr. MSE þegar ákærði var upplýstur um breytingu á ákærinni á síðasta degi málflyttings. Einnig var tekið fram að það hefur verið talið heimilt að koma fram með minniháttar breytingar á

¹⁵⁰ Hov, *Rettergang II : Straffeprosess*. Ósló 2000, bls. 78.

¹⁵¹ Sama heimild, bls. 78 - 79.

¹⁵² Sama heimild, bls. 81 - 82.

¹⁵³ Dómur MDE frá 17. júlí 2001, mgr. 44-59. Aðgengilegur á www.echr.coe.int.

verknaðarlýsingu svo lengi sem það breyti ekki meginefni ákærunnar. Taka verður þó tillit til þess að breytingin átti sér stað á síðasta degi málflytningu.

Morten Eriksen, saksóknari efnahagsbrotadeildar norsku lögreglunnar, skrifaði grein í Morgunblaðið¹⁵⁴ laugardaginn 25. febrúar 2006, þar sem hann gagnrýndi niðurstöðu og vinnubrögð Hæstaréttar Íslands í máli nr. 420/2005¹⁵⁵. Málavextir dómsins eru reifaðir í kafla 3.3.1. Morten nefnir þær athugasemdir sem Hæstiréttur setti fram í dómnum um að orðalag ákærunnar og verknaðarlýsing væri ófullnægjandi. Rétturinn benti á að ekki hefði verið með skýrum hætti gerð grein fyrir í hverju brot ákærðu fólust og hvernig brotin voru framin. Morten er ósammála þessum athugasemdum Hæstaréttar og segir að ekki sé algengt að tekið sé með í ákæru hvernig tæknilega var farið að, og að tilgreint sé í smáatriðum hver gerði hvað. Að hans mati, fellur það undir sönnunarfærsluna. Þá segir Morten að í ákæru eigi einungis að greina frá helstu þáttum sakamálsins og aðeins á að lýsa helstum þáttum verknaðarins, tímasetningu hans, stað og einkennum. Þessi skrif Mortens ganga að mörgu leyti þvert á þær kröfur sem Hæstiréttur Íslands hefur sett fram í dómum sínum, líkt og fyrr greint var frá í kafla 3.4.1.3. Hæstiréttur hefur í þeim dómum, þegar hann telur að verknaðarlýsing í ákæruskjali sé ófullnægjandi, sett fram ummæli sem flest eru eitthvað á þennan veg: „Til að fullnægja því, sem áskilið er í ákvæði c-liðar 1. mgr. 116. gr. laga nr. 19/1991,¹⁵⁶ verður verknaðarlýsing í ákæru að vera það greinargóð og skýr að ákærði geti ráðið af henni einni hvaða refsiverð háttsemi honum er gefin að sök og hvaða refsilagaákvæði hann er talinn hafa brotið, án þess að slík tvímæli geti verið um það að með réttu verði honum ekki talið fært að taka afstöðu til sakargrifa og halda uppi vörnum gegn þeim.“

Af þessari umfjöllun um framkvæmd þessa mála í Noregi fær höfundur ekki annað séð en að ákæruvaldið þar í landi hafi mun rýmri heimildir en er að finna hér á landi til að breyta efni ákæru og verknaðarlýsingu. Höfundur veltir hins vegar fyrir sér hvort það sé fullnægjandi fyrir ákærða að verknaðarlýsing í ákæru geti tekið breytingum þegar mál er hafið. Það kom hér fyrir fram að ákæruvaldið í Noregi geti breytt verknaðarlýsingu í ákæruskjali innan vissra marka, hvort sem það myndi leiða til hins betra eða verra fyrir ákærða. Af því leiðir að vörn ákærða geti hugsanlega orðið áfátt í einhverjum tilvikum að mati höfundar.

¹⁵⁴ Morten Eriksen, „Um Baugsmál og starfshætti réttarríkisins“. *Morgunblaðið*, 25. febrúar 2006.

¹⁵⁵ Fyrri ákæran í „Baugsmálinu“.

¹⁵⁶ Nú c-liður 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008.

6. LOKAORÐ

Í þessari ritgerð hefur víða verið leitað fanga. Í fyrsta kafla var gerð grein fyrir sögu íslensks sakamálaréttarfars og bent á þær breytingar sem helst hafa skipt máli í okkar sögu. Þar á eftir var gerð grein fyrir þróun ákvæðis um hvað skuli greina í ákæru.

Í öðrum kafla var fjallað um Mannréttindasáttmála Evrópu. Réttindi ákærða til að vita hvaða sökum hann er borinn í ákæru eru vernduð af 6. gr. sáttmálans og var því gerð grein fyrir inntaki þeirrar greinar og sýnt fram á að ákvæði í landslögum þurfa að fullnægja áskilnaði hennar.

Í þriðja kafla var gerð grein fyrir ákæru. Þar sem umfjöllunarefni ritgerðarinnar er verknaðarlýsing í ákæru var tilgangur ákæru og verknaðarlýsingar útskýrður þar ítarlega. Það á ekki að geta farið á milli mála eftir lestur ritgerðarinnar hversu mikilvægt er að vandað sé til verka við gerð ákæru. Verknaðarlýsing í ákæruskjali skiptir höfuðmáli til að ákærði geti gert sér grein fyrir í smáatriðum hvert sé eðli og orsök sakargifta á hendur honum, sbr. a-lið 3. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu. Er það nauðsynlegt til að ákærði geti haldið uppi vörnum í máli sínu. Í verknaðarlýsingu verður að lýsa því hvernig ákærði er talinn hafa með athæfi sínu gerst sekur um það brot sem um ræðir og þá þannig að atburðarásin falli að efnislýsingu refsilagabrotsins. Í kaflanum var greint frá hvaða afleiðingar það hefur ef verknaðarlýsing í ákæruskjali er ófullnægjandi og kom fram að það getur leitt til sýknu eða frávísunar málsins frá dómi. Út frá því var velt upp þeim sjónarmiðum hvað veldur því hvort sýknað sé í máli þegar verknaðarlýsing er ófullnægjandi eða hvort máli sé vísað frá dómi. Í Hæstaréttardómi í máli nr. 420/2005 má segja að Hæstiréttur hafi sett fordæmi um að þegar verknaðarlýsing í ákæruskjali er svo óskýr að vörn ákærða verði áfátt vegna óljóss málatilbúnaðar ákæruvaldsins þá leiðir það til frávísunar frá dómi, og er dómaframkvæmd í samræmi við þessa niðurstöðu. Hins vegar virðist helst vera sýknað þegar verknaðarlýsing í ákæruskjali uppfyllir ekki þá efnisþætti sem gerð er krafa um í verknaðarlýsingu ákvæðisins. Þetta er þó ekki alltaf svona einhlítt líkt og gert var grein fyrir í kafla 3.5. Í sumum tilfellum hafa mál verið tekin til efnismeðferðar þótt verknaðarlýsing í ákæruskjalinu sé ófullnægjandi og telur höfundur að slíkt eigi að auka líkurnar á að ákærði verði sýknaður. Því er mikilvægt að ákæruvaldið vandi til verka við ákærusmíð, því annars gæti það leitt til þess að trú almennings á ákæruvaldinu minnki. Það virðist þó vera svo, að máli sé

frekar vísað frá ef dómurinn telur að tilefni sé til að gera nýja ákæru, og/eða hefja nýja lögreglurannsókn. Að öðrum kosti ætti dómurinn frekar að sýkna ákærða á grundvelli þess að sakir séu ekki sannaðar. Höfundur benti á í þessu sambandi hversu mikilvægt er fyrir ákærða að vera sýknaður ef tilefni gefst til, og bent var á að frávísun við þessar aðstæður kynni að brjóta í bága við meginregluna um jafnræði málsaðila.

Í fjórða kafla ritgerðarinnar var d-liður 1. mgr. 152. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála til umfjöllunar. Byrjað var á að gera grein fyrir hugtakinu „efnahagsbrot“. Höfundur þótti það nauðsynlegt til þess að lesandi gæti gert sér grein fyrir að mun erfiðara er að semja verknaðarlýsingu í ákæru í þeim brotaflokki heldur en öðrum hefðbundnum brotum. Í upphafi ritgerðar var velt upp þeirri spurningu hvort d-liður hafi verið nauðsynleg innleiðing í lög. Leitast var við í kaflanum að gera grein fyrir hlutverki liðarins en staflíðurinn kveður á um að ákæruvaldinu er heimilt í sumum tilvikum að setja skriflega greinargerð í ákæruskjal sem kveður á um þær röksemdir sem málsóknin er byggð á.

Markmið d-liðarins er að tryggja að ákærða sé ljóst hvaða sökum hann er borinn, og einnig til að jafna stöðu ákæruvaldsins og ákærða. Þetta eru í sjálfu sér góð og gild rök. Hins vegar veltir höfundur því fyrir sér hvort þetta sé nauðsynleg breyting og hvort að slík greinargerð eigi heima í ákæruskjalinu sjálfu. Í Hrd. 420/2005¹⁵⁷ gerði Hæstiréttur mjög vel grein fyrir inntaki c-liðar 1. mgr. 116. gr. opl., nú c-liður 1. mgr. 152. gr. sml. C-liður þessi er þungamiðja ákvæðis um efni ákæru og voru þessi orð Hæstaréttar góð tilmæli til ákæruvaldsins. Höfundur telur að í verknaðarlýsingu eigi að vera hægt að gera grein fyrir stórum og umfangsmiklum brotum án þess að málatilbúnaði ákæruvaldsins verði ábótavant. Slíkt hefur verið gert í tugi ára hér á landi. Með öðrum orðum þá telur höfundur að tilgangur d-liðar rúmist innan c-liðar 1. mgr. 152. gr. sml., sbr. orðalag c-liðar um að í ákæru megi greina „aðra skilgreiningu“ á því broti sem ákært er út af.

Líkt og skýrt var frá í kafla 3 er það svo að ef verknaðarlýsing mætir ekki þeim lágmarkskröfum sem gerðar eru til hennar, það er ef verknaðarlýsing ákæruskjalsins samsvarar ekki verknaðarlýsingu þess refsíákvæðis sem talið er að ákærði hafi brotið gegn og vitnað er til í ákærinni og málatilbúnaður ákæruvaldsins er óljós, þá eru allar líkur á því að ákærinni verði vísað frá dómi. Þetta er lykilatriði að átta sig á.

¹⁵⁷ Fyrri ákæran í „Baugsmálinu“.

Engu mun breyta þótt sett sé í ákæruskjal skrifleg greinargerð á mörgum blaðsíðum sem reynir að varpa betra ljósi á málatilbúnað ákærvaldsins. Þvert á móti gæti slík greinargerð orðið til þess að ákæran myndi lengjast upp úr öllu valdi og málatilbúnaðurinn yrði þar af leiðandi flóknari og erfiðara fyrir ákærða að átta sig á sakarefninu. Aðalatriðið er að verknaðarlýsingin verður alltaf að vera fullnægjandi og mæta þeim kröfum sem gerðar eru í a-lið 3. mgr. 6. gr. MSE um að ákærði eigi að geta áttað sig á sakarefninu af lestri ákærunnar einnar. Það yrði að minnsta kosti í þveröfuga átt í þróun sakamálaréttarfars hér á landi ef d-liður 1. mgr. 152. gr. sml. leiddi til þess að slakað yrði á þeim kröfum sem gerðar eru til verknaðarlýsingar í ákæruskjali.

Hvað varðar seinna markmið d-liðarins um að jafna eigi stöðu ákærvaldsins og ákærða þá kom fram í þeim umsögnum fagaðila sem greint var frá að slíku væri hægt að ná fram með því að taka upp sérstaka greinargerð ákærvaldsins sambærilega þeirri sem kveðið er á um í 1. mgr. 165. gr. Hún myndi þannig fylgja ákærunni og ekki væri um skriflegan málflutning að ræða. Höfundur telur þessa leið vera mun nærtækari nálgun varðandi þetta atriði og telur um leið að slík greinargerð ætti að vera háð heimild frá dómara. Hann myndi þannig veita ákæranda heimild til að skila slíkri skriflegri greinargerð með ákæru, ef þörf er á að skýra málatilbúnað ákærvaldsins betur.

Annað álitaefni sem er fyrir hendi varðandi d-lið er, líkt og greint var frá, að sú hætta getur verið fyrir hendi að ákærun taki að lengjast. Það getur svo leitt til þess að málsmeðferð taki að lengjast, og er það eitt það sísta sem dómstólar þurfa á að halda í dag og alls ekki er það sakborningi í hag.

Í öllum þeim umsögnum fagaðila sem greint var frá var mælt með því að d-liðurinn yrði felldur á brott, sem sýnir að ekki hefur verið samstaða um tilkomu þessa liðar meðal lögmannastéttarinnar. Það vaknar því óneitanlega upp sú spurning hvers vegna liðurinn hafi engu að síður verið settur í lög.

Að lokum var vitnað í þrjú nýleg mál þar sem í einu málinu er heimild d-liðar nýtt en í hinum ekki. Ekki fékkst séð með neinum skýrum hætti hvers vegna heimildin hafi verið nýtt í þessu eina máli en ekki í hinum, því öll voru þau tiltölulega umfangsmikil. Af því má draga þá ályktun að ekki er komið neitt form varðandi notkun liðarins. Í því samhengi má nefna hlutverk dómstólanna um setja leiðbeiningar varðandi notkun liðarins.

Í fimmta kafla var fjallað um hvernig málum um ákæru er háttað í þeim nágrannalöndum sem Ísland hefur einna helst litið til þegar kemur að lagasetningu, en það eru Danmörk og Noregur. Því þótti höfundu þá nauðsynlegt að bera saman ákvæði um efni ákæru á Íslandi og ákvæði um efni ákæru í löndunum tveimur. Í Danmörku er ákvæði um efni ákæru að finna í 834. gr. dönsku réttarfarslaganna. Ákvæðið er efnislega sambærilegt ákvæði eldri laganna, sem var fyrirmynd íslenska ákvæðisins þegar það kom fyrst í lög nr. 27/1951. Það sem kom á óvart við þá athugun er að í dönsku lögunum er ekki kveðið á um sambærilega heimild og kveðið er á um í d-lið laga nr. 88/2008. Þvert á móti er kveðið á um bann við setja slíka greinargerð í ákæruskjal, en það er sambærileg regla og var í lögum hér á landi þangað til lög nr. 19/1991 voru samþykkt, en var engu að síður í gildi fram að lögum nr. 88/2008 líkt og greint var frá í kafla 4.4. Af þessu má ráða að Danir telja sig geta ákært í flóknum og umfangsmiklum brotum, til að mynda efnahagsbrotum, án þess að setja skriflega greinargerð í ákæru. Í Noregi er ákvæðið um efni ákæru að finna í 252. gr. norsku sakamálalaganna og er tiltölulega sambærilegt við ákvæði um efni ákæru sem var í lögum nr. 19/1991. Ekki er þar kveðið á um heimild til að setja skriflega greinargerð í ákæruskjal, en heldur er ekki kveðið á um bann við slíkri greinargerð. Því er hvorki að finna heimild sambærilega d-lið 1. mgr. 152. gr. sml. í Danmörku né í Noregi.

Samkvæmt því sem rakið hefur verið í þessari ritgerð hallast höfundur helst að því að breyta ætti lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála með því að fella út d-lið 1. mgr. 152. gr. laganna. Sú röksemdafærsla sem liðurinn kveður á um á ekki heima í ákæruskjali. Sýnt hefur verið fram á að gerðar eru ákveðnar kröfur til verknaðarlýsingar í ákæruskjali og þær kröfur munu ekki koma til með að breytast þótt nýr staflíður heimili ákæruvaldinu að setja skriflega greinargerð í ákæruskjal. Einnig verður að hafa í huga að ákæruvaldið þarf að sanna að ákærði hafi gerst sekur um þá atburðarás sem lýst er í verknaðarlýsingu, ef það tekst ekki þarf að sýkna ákærða. Að því leyti getur verið vafasamt að setja í ákæruskjalið langa og ítarlega greinargerð um þær röksemdir sem málsóknin er byggð á. Heimild sem þessi þekkist hvorki í Danmörku né Noregi. Af því er hægt að draga þá ályktun að þessi lönd telja sig geta ákært í umfangsmiklum brotum án þess að sett sé í ákæruskjal skrifleg greinargerð um þær röksemdir sem málsóknin er byggð á. Að mati höfundar er engin ástæða til að ætla annað en að sama gildi hér á landi.

HEIMILDASKRÁ

Ritaðar heimildir

Alþingistíðindi, A-deild, 1948.

Alþingistíðindi, A-deild, 1994-1995.

Bogi Nilsson, „Hvert á að vera skipulag ákærvalds hér á landi?“. Í Viðar Már Matthíasson (ritsj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003*. Reykjavík 2003, bls. 71-91.

Caenegem, *An historical introduction to private law*. Cambridge University Press 1995.

Davíð Þór Björgvinsson, „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði skýring og beiting“. Í Björg Thorarensen (ritsj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu, Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 29-88.

Einar Arnórsson, „Meðferð opinberra mála“. *Tímarit lögfræðinga* 1951 1 (2), bls 77-172.

Eiríkur Tómasson, *Dómar í sakamálaréttarfari*. Reykjavík 2009.

Eiríkur Tómasson, „Þróun íslensks sakamálaréttarfars 1951 - 2007“. Í Ragnheiður Bragadóttir (ritsj.), *Afmælisrit: Jónatan Þórmundsson sjötugur, 19. desember 2007*. Reykjavík 2007, 115-139.

Eiríkur Tómasson, „Réttur til réttlátrar málsmeðferðar“ í Björg Thorarensen (ritsj.), *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*. Reykjavík 2005, bls. 196-265.

Eiríkur Tómasson, *Meginreglur opinbers réttarfars*. Reykjavík 2005.

Eiríkur Tómasson, „Ákærvaldið í ljósi jafnræðisreglna“. Í Viðar Már Matthíasson (ritsj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003*. Reykjavík 2003, bls. 45-70.

Eiríkur Tómasson, „Var réttarfar á þjóðveldisöld nútímalegt ?“. Í Garðar Gíslason (ritstj.), *Líndæla: Sigurður Líndal sjötugur*, 2. júlí 2001. Reykjavík 2001, bls. 665-678.

Eiríkur Tómasson, „Áhrif Mannréttindasáttmála Evrópu á íslenskt sakamálaréttarfar“. Í Davíð Þór Björgvinsson (ritstj.), *Afmælisrit Þór Vilhjálmsson sjötugur 9. júní 2000*. Reykjavík 2000, bls. 149-173.

Eiríkur Tómasson, *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi*. Reykjavík 1999.

Gaukur Jörundsson, „Um rétt manna samkvæmt 6. Gr. Mannréttindasáttmála Evrópu til að leggja mál fyrir áháðan og hlutlausan dómstól“. Í Helgi Sigurðsson (ritstj.), *Ármannsbók. Afmælisrit helgað Ármanni Snævarr í tilefni sjötugsafmælis hans 18. September 1989*. Reykjavík 1989, bls. 165-184.

Harris, O'Boyle, Bates, Buckley, *Harris, O'Boyle & Warbrick Law of the European convention on human rights*. Oxford University Press 2009.

Hov, *Rettergang II : Straffeprosess*. Ósló 2000.

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, „Ákvörðun um saksókn frá sjónarhorni verjanda“. Í Viðar Már Matthíasson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV. Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003*. Reykjavík 2003, bls. 93-99.

Jónatan Þórmundsson, *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík 2005.

Jónatan Þórmundsson, „Refsíabyrgð á efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila“. *Tímarit lögfræðinga* 1988 38 (4), bls. 207-233.

Morten Eriksen, „Um Baugsmál og starfshætti réttarríkisins“. *Morgunblaðið*, 25. febrúar 2006.

Páll Sigurðsson (ritstj.), *Lögfræðiorðabók með skýringum*. Reykjavík 2008.

„Höfum við ekki efni á góðu dómskerfi“. *Morgunblaðið*, 11. febrúar 2007.

„Rökstuðningur í málflutningnum“. *Morgunblaðið* 12. maí 2011.

Sigríður Logadóttir og Ásta Magnúsdóttir, *Inngangur að Lögfræði*. Reykjavík 2000.

Smith, Jochimsen, Kistrup, Poulsen, *Straffeprocessen*. Kaupmannahöfn 2005.

Svala Ólafsdóttir, *Handbók um meðferð opinberra mála*. Reykjavík 1992.

Zweigert & Kötz, *An introduction to Comparative Law*. Oxford University Press 1998.

Pórður Björnsson, „Hugleiðing um hið nýja sakamálaréttarfar“. *Útljótur* 1993 46 (1), bls. 5-13.

Heimildir af veraldarvefnum

Ákærendafélag Íslands, „Umsögn um frumvarp til laga um meðferð sakamála 233. mál heildarlög“. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is>.

Britannica Academic Edition. Aðgengilegt á <http://www.britannica.com/EBchecked/topic/477661/procedural-law>.

Frumvarp til laga um mannréttindasáttmála Evrópu, þskj. 105, 102. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is>.

Frumvarp til laga um meðferð opinberra mála, þskj. 101, 98. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is/>.

Frumvarp til laga um meðferð sakamála, þskj. 252, 233. mál. Vefútgáfa Alþingistíðinda. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is>.

Laganefnd LMFÍ, „Umsögn laganefndar LMFÍ um frumvarp til laga um meðferð sakamála“. Aðgengilegt á <http://www.althingi.is>.

Vísindavefur Háskóla Íslands. Aðgengilegt á <http://visindavefur.hi.is>.

Aðrar heimildir

Álit frá embætti ríkissaksóknara. Sent með tölvupósti þann 3. maí 2011.

Málþing Lögfræðingafélags Íslands 22. september 2006, „Nýtt réttarfar í sakamálum“. Erindi Jóhannesar Rúnars Jóhannssonar hrl.

LAGASKRÁ

Íslensk lög

Almenn hegningarlög nr. 19/1940.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 27/1951.

Lög nr. 57/1996 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 27/1951.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 82/1961.

Áfengislög nr. 82/1969.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 73/1973.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Lög um rannsóknarlögreglu ríkisins nr. 108/1976.

Lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins nr. 24/1986.

Tollalög nr. 55/1987.

Læknalög nr. 53/1988.

Lög um framkvæmdarvald ríkisins í héraði nr. 92/1989.

Lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990.

Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Lög um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Samkeppnislög nr. 8/1993.

Stjórnsýslulög nr. 37/1993.

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994.

Lög um ársreikninga nr. 144/1994.

Lög um bókhald nr. 145/1994.

Lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Lög nr. 84/1996 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Lögreglulög nr. 90/1996.

Lög um endurskoðendur nr. 18/1997.

Lög um dómstóla nr. 15/1998.

Lög nr. 25/1998 um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög nr. 36/1999 um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991.

Lög um útlendinga nr. 96/2002.

Lög nr. 128/2003 um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Samkeppnislög nr. 44/2005.

Lög nr. 56/2005 um breytingu á lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994.

Lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um embætti sérstaks saksóknara nr. 135/2008.

Erlend lög

Dönsku réttarfarslögin (d. Lov om rettens pleje nr. 1237/2010). Aðgengileg á www.karnov.dk.

Norsku sakamálaréttarfarslögin (n. Lov om rettergangsmåten i straffesaker nr. 25/1981). Aðgengileg á www.lovdato.no.

Alþjóðlegir samningar

Mannréttindasáttmáli Evrópu (e. European Convention on Human Rights of 1950).

Aðgengilegur á <http://www.echr.coe.int/>.

DÓMASKRÁ

Íslenskir Hæstaréttardómar

- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 77/1985.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 239/1987.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 120/1989.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 96/1993.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 110/1993.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 68/1994.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 448/1997.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 449/1997.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 317/1998.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 504/1999.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 17/2002.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 325/2003.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 142/2004.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 277/2004.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 345/2004.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 509/2004.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 420/2005.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 537/2005.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 180/2005.
- Dómur Hæstaréttar í máli nr. 357/2005.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 480/2005.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 181/2006.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 163/2006.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 330/2006.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 353/2006.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 92/2007.

Héraðsdómur Reykjavíkur. S-681/2010.

Erlendir dómar

Dómur Hæstaréttar Danmerkur, Ufr. 2010, 48Ø.

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu

Dómur MDE í málinu *Deewer gegn Belgíu* frá 27. febrúar 1980.

Dómur MDE í málinu *Adolf gegn Austurríki* frá 26. mars 1982.

Dómur MDE í málinu *Barberá o.fl. gegn Spáni* frá 6. desember 1988.

Dómur MDE í málinu *Brozicek gegn Ítalíu* frá 19. desember 1989.

Dómur MDE í málinu *Kamasinski gegn Austurríki* frá 19. desember 1989.

Dómur MDE í málinu *Stanford gegn Bretlandi* frá 23. febrúar 1994.

Dómur MDE í málinu *Pélissier og Sassi gegn Frakklandi* frá 25 mars 1999.

Dómur MDE í málinu *Mattoccia gegn Ítalíu* frá 25. júlí 2000.

Dómur MDE í málinu *Sadak gegn Tyrklandi* frá 17. júlí 2001.

Dómur MDE í málinu *Hermi gegn Ítalíu* frá 18. október 2006.